



16 blaðsíðna  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. maí 2006 – 128. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Ómögulegt að gera mistök undir stjórn Altmans**

Bandaríski eðalleikarinn John C. Reilly verður viðstaddur forsýningu nýjstu kvikmyndar Roberts Altman í Háskólabíói í kvöld. Hann lofar leikstjórnann í hástert í viðtali við Fréttablaðið.

**KVIKMYNDIR 30**

**Kjósendur spyrja**

Fréttablaðið gefur lesendum sínum kost á að spyrja frambjóðendur flokka í Reykjavík í gegnum visir.is Fyrstu spurningar og svör birtast í dag.

**KOSNINGAR 24**

**Bikarinn til Liverpool**

Liverpool hafði betur í úrslitaleik gegn West Ham í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu í gær. Vítaspyrnukeppni þurfti til að skera úr um sigurveg-ara leiksins.


**ÍPRÓTTIR 88**

**Heimir Örn og Vintila best**

Heimir Örn Árnason og Simona Vintila voru valin bestu leikmenn ársins í DHL-deildum karla og kvenna í gær á lokahófi HSÍ í gærkvöldi.

**ÍPRÓTTIR 41**

**VEÐRIÐ Í DAG**



**BORGIN BJARTA-** Í dag verður hæg breytileg átt. Bjartviðri suðvestan til en skúrir á landinu norðan og austanverðu að deginum annars el. Hiti 4-10 stig að deginum en víða vægt næturfröst.

**VEÐUR 4**



**VELTI AF STAÐ Á LISTAHÁTIÐ** Herra Culbuto er þekktur sem veltikarlinn og einn af gestum Listahátíðar. Herra Culbuto veltist um götur miðbæjarins í gær vegfarendum til mikillar gleði. Margir þeirra hlupu til þegar veltikarlinn virtist ætla að skella á götuna en herra Culbuto veltist ekki í vafa um hvernig velta átti sér út úr vandræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Afgerandi niðurstaða könnunar í Reykjaneshæ: **Sjálfstæðisflokkur á mikilli siglingu**

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn mælist með langmest fylgi í Reykjaneshæ. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segist rúmt 71 prósent myndi kjósa flokkinn, væri boðað til kosninga nú.

Ef þetta yrðu niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá að minnsta kosti átta bæjarfulltrúa af ellefu, en hnífjafnt er milli níunda manns flokksins og þriðja bæjarfulltrúa A-lista. Viktor Kjartansson, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokks fagnar þessum tölum. „Við töldum rétt að spila hógværa baráttu núna og það hefur greinilega skilað árangri.“

A-listi, sameiginlegt framboð Framsóknarflokks, Samfylkingar og óháðra fær 23,7 prósent fylgi samkvæmt skoðanakönnuninni. Fengi listinn því tvo til þrjá bæjarfulltrúa kjörna. Guðbrandur Einarsson, oddviti A-listans segist ósáttur við þessar niðurstöður. „Þetta er þvert á það sem við vorum að vonast eftir. Ég vona að við náum að breyta þessu á þessum síðustu dögum fyrir kosningar.“

Frjálslyndi flokkurinn mælist



með tvö prósent fylgi. „Nú þarf einfaldlega að fá eitt til tvö prósent á dag fram að kosningum og þá erum við í góðum málum,“ segir Kristinn Guðmundsson, oddviti frjálslyndra. 1,7 prósent sögðust myndu kjósa Reykjaneshæjarlistann. „Það er hálfur mánuður eftir til kosninga og ég get ekki annað en verið bjartsýnn,“ segir Baldvin Nielsen, oddviti R-listans.

Vinstri hreyfingin - grænt framboð mælist með minnst fylgi í Reykjaneshæ, 0,8 prósent. Sigurður Eyberg, oddviti listans segir að enn sé ekkert að marka skoðanakannanir. „Þetta er bara rétt að byrja og við erum rétt að komast í gang.“

Sjúkrabíll fór að Hallgrímskirkju í stað Höfnersbryggju: **Misskilningur í neyð**

**SLYS** Sjúkrabíll, sem beðið var um vegna umferðarslyss við Höfnersbryggju á Akureyri, var sendur að Hallgrímskirkju í Reykjavík. Þegar sjúkrabílsins hafði verið beðið í fimmtán mínútur var ekið með hinn slasaða í fólksbíl á sjúkrahús.

Slysið varð á miðvikudag. Ekið var á tíu ára gamla stúlkunni sem fór yfir gangbraut við Höfnersbryggju á Drottningarbrautinni á Akureyri. Vinkonur stúlkunnar hringdu í foreldra hennar sem búa þar nærri. Þegar þeir komu að, fáum mínútum eftir að slysið varð, hafði þegar verið hringt á sjúkrabíl. Ekkert

bólaði hins vegar á sjúkrabílnum og afréð faðirinn að hlaupa eftir bíl sínum og aka með stúlkuna á sjúkrahús. Þar mættu honum lögreglunnar sem haft höfðu spurnir af slysi í bænum en vissu ekki hvar. Kom þá í ljós að sjúkrabíllinn hafði verið sendur að Hallgrímskirkju í Reykjavík. Þegar í ljós kom að þar þurfti ekki sjúkrabíls við var bíll sendur að Akureyrarkirkju og loks í Kaupvang þar í bæ. Voru laganna verðir miður sín vegna atviksins og sögðust kanna það til hlítar.

Stúlkun fékk að fara heim að lokinni skoðun og er á góðum bata-vegi. **-bps**

Lokadagur!  
**Krakkadagar**

FRÁBÆR TILBOÐ!  
BRÍET skemmtir kl. 15

Smíralind  
**BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**

Halldór Ásgrímsson vill lækka matarverðið með breytingu á vörugjöldum: **Vaxtahækkunar þýðingarlitlar**

**STJÓRN MÁL** „Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þessar vaxtahækkunar Seðlabankans hafi litla þýðingu eftir að vextirnir eru orðnir svona háir. Þar hafa aðrir þættir skipt meira máli,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í viðtali við Fréttablaðið í dag. Það þjóni því ekki tilgangi að hækka stýrivexti frekar.

Halldór segir unnið að lækkan matvöruverðs. Ríkisstjórnin leggi áherslu á leiðréttingu vörugjalda í þeim efnunum enda hafi afnám þeirra jákvæð áhrif. Engu að síður telur hann álagningu kaupmanna of háa.

Halldór er ekki bjartsýnn á að viðunandi samstaða náist um breytingar á stjórnarskránni fyrir alþingiskosningarnar 2007. Unnið

sé að því að ná samstöðu um viðkvæm mál. Nauðsynlegt sé að sátt verði um helstu breytingar.

„Það er nóg að mínu mati að hugsa til næstu kosninga. Svo verða menn að taka ákvarðanir í kjölfar þess,“ segir Halldór aðspurður hvort hann muni leiða Framsóknarflokkinn næsta kjörtímabil.

„Ég er búinn að vera í þessu í rúm þrjátíu ár. Oft hefur mér verið spáð ýmsu slæmu. En ég er búinn að vera í þessu allan þennan tíma og alltaf tilbúinn að mæta mínum örlögum. Og ég mun gera það sáttur því ég tel að ég hafi unnið vel og vandað mig í mínum störfum. Ég kvíði engu,“ segir forsætisráðherra.

**-bg/sjá síður 18 og 19**



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Mætir örlögum sínum í næstu kosningum og kvíði engu.

Það besta fyrir Kópavog

**xdkop.is**





## SPURNING DAGSINS

*Bolli Pétur, er þetta ekki aðeins of mikið af því góða?*

Nei, ég held að systkinakærleikur sé af hinu góða.

Bolli Pétur Bollason messar ásamt systur sínum Jónu Hrönn og Hildi Eir í Garðakirkju klukkan tvö í dag auk þess sem systir þeirra Gerður syngur.

Eldgos hófst í Indónesíu í gær eftir jarðhræringar í viku:

# Fjórtán þúsund íbúar á flóttu

**INDÓNESÍA** Eldfjallið Merapi í Indónesíu hefur sent frá sér reykjarmökk og ósku undanfarnar vikur. Snemma í gær sáust svo eldglæringar úr gíg fjallsins. Um fjórtán þúsund manns búa við rætur Merapi og í nágrenni þess og þurftu íbúar að yfirgefa heimili sín eftir að stjórnvöld gáfu út viðvörðun um yfirvofandi hamfarir.

Um eftirmiðdaginn í gær var gefin út hæsta viðvörðun og brottflutningur fyrirskipaður. Þá hafði fjallið skolfið hátt í þrjátíu sinnum og hraun flæddi úr gígnum. Hraunflóðið náði fljótlega um 1.500 metra niður hliðar fjallsins og áttu margir fótum fjör að launa.

Neyðarskýlum var komið upp í hæfilegri fjarlægð frá fjallinu. Eldri borgarar, konur og börn voru flutt með rútubílum í neyðarskýlin. Margir íbúanna hafa þó sýnt tregðu við brottflutning og segjast ekki vilja skilja búfénað sinn eftir eða uppskeru.

Merapi eldfjallið er í um fjögur hundruð kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni Jakarta og er um þrjú þúsund metrar á hæð. Fjallið gaus síðast árið 1994 en þá fórust um sjötíu manns í banvænni gassprengingu í fjallinu. Árið 1930 létust 1.300 manns í eldgosu í Merapi fjallinu.

- jóa



**MERAPI ELDFJALLIÐ** Mikið hraun rennur frá eldfjallinu. Þúsundir manna þurftu að yfirgefa heimili sín eftir að eldgos braust út í gær í Indónesíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Launasamningar SFR:

## Góður gangur í viðræðunum

**LAUNAMÁL** Samningaviðræður milli forsvarsmanna SFR og svæðis-skrifstofu fatlaðra gengu vel í gær, að sögn framkvæmdastjóra SFR, Árna Stefáns Jónssonar. „Það er ágætur gangur í viðræðunum núna. Við munum hittast á morgun (í dag) til þess að fara yfir þær tilgjögur sem lagðar hafa verið fram. Ég á von á því að hægt verði að leysa úr málinu áður en boðað verfall á að hefjast.“

Stuðningsfulltrúar á svæðis-skrifstofum fatlaðra hafa boðað sólarhrings varkfall frá miðnætti 16.maí og fjögurra sólarhringa varkfall frá 19.maí.

- mh /sjá síðu 8



**FRÁ SLYSSTAÐ** Hugað að manni á æfingunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HJÓRÐIS

Flugslysaæfing á Höfn:

## Æfingin gekk vel fyrir sig

**SLYSAÆFING** Stór flugslysaæfing fór fram á Höfn í Hornafirði í gær og að sögn Árna Birgissonar, hjá flugmálastjórn, gekk æfingin vel. „Æfingin gekk vel fyrir sig en farið verður betur yfir æfinguna á næstu dögum og að lokum gefin út skýrsla um hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara.“

Nokkuð langt er í aðstoð frá Hornafirði en næstu stóru sjúkrahús frá staðnum eru á Selfossi, Neskaupsstað og svo heilsugæsla á Djúpvavogi og Kirkjubæjarklaustri.

Æfingin hófst með því tilkynnt var um brotlendingu Dornier D328 flugvélar. Mikill eldur var sagður í flugvélinni og 27 farþegar, auk þriggja manna áhafnar, voru fastir í vélinni.

- mh

## LÖGREGLUFRÉTT

**Lyfjakaustur** Lögreglan í Borgarnesi handtók í fyrirkvöld mann sem grunaður var um akstur undir áhrifum fíkniefna. Litliræði af fíkniefnum fannst í bifreið mannsins. Einn farþegi var í bílnum og er hann grunaður um að hafa neytt fíkniefna í bifreiðinni.

## SÓMALÍA

**Mannskæð átök** Til átaka kom milli þjóðvarðliða í Mogadishu í Sómalíu í gær. Barist var um yfirráð yfir hverfi í norðurhluta borgarinnar. 142 féllu í bardögum, sem staðið hafa yfir hátt í viku, þar á meðal óbreyttir borgarar. Hundruð íbúa flúðu heimili sín af ótta við að bardagarinn næðu til annarra hluta Mogadishu.

# Landlæknir sagður dylgja um lyfjamál

Orð landlæknis um tengsl innflytjenda og smásala á lyfjamarkaði eru ekki reist á rökum. 85 prósent lyfja sem neytt er á Íslandi eru frumlyf. Lyf sem Vistor flytur inn eru ódýrari á Íslandi en í Danmörku. Ríkið ákveður verð á lyfjum.

**LYFJAVERÐ** Lyfsölukedjurnar Lyfja og Lyf og heilsa eru ekki í eigu eða í tengslum við fyrirtæki í lyfjainnflutningi. Sigurður Guðmundsson landlæknir sagði í Fréttablaðinu á föstudag að kedjurnar tengdust helstu lyfjainnflytjendum og því hagar þeirra að flytja inn dýr lyf. Lyfja er að mestu í eigu VÍS og Samkaupa en Karl Wernersson og fjölskylda eiga Lyf og heilsu.

Framleiðendum og innflytjendum svonefndra frumlyfja sviður mjög umræða síðustu daga um lyfjaverð. Heilbrigðisráðherra, landlæknir og formaður Læknafélags Íslands hafa haft uppi stór orð í kjölfar fréttar Fréttablaðsins á þriðjudag um mikinn verðmun á lyfjum Actavis á Íslandi og í Danmörku. Actavis framleiðir samheitalyf en svo nefnast lyf sem ekki lúta vernd einkaleyfa og öllum er heimilt að framleiða. Frumlyf lúta á hinn bóginn slíkrri vernd.

Um 85 prósent lyfjamarkaðarins á Íslandi eru frumlyf en samheitalyf eru um fimmtán prósent. Í yfirlýsingu Frumtaka, sem eru samtök framleiðenda frumlyfja, eru orð landlæknis um tengsl lyfjafremleiðenda og lyfsala hörnuð og hann hvattur til að færa rök fyrir máli sínu ellegar draga þau til baka. Að auki er bent á að lyfjaverð er ákvarðað af opinberri nefnd, Lyfjagreiðslunefnd.

Hávær umræða varð um hátt lyfjaverð á Íslandi árið 2004 og var í kjölfarið gerður samningur milli lyfjafremleiðenda og lyfja-



**HÚSAKYNNI LANDLÆKNISEMBÆTTISINS** Framleiðendur og innflytjendur frumlyfja átelja landlækni fyrir ummæli hans um tengsl framleiðenda og lyfsala.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

innflytjenda annars vegar og ríkisins hins vegar, sem stuðla átti að verðlækkun. Tvö af þremur skrefum þess samnings hafa verið stigin og það þriðja verður stigið í haust. Lyfjafremleiðendur fullyrða að staðið hafi verið við samninginn og styðja orð Guðrúnar Gylfadóttur, deildarstjóra lyfjadeildar Tryggingastofnunar, þá fullyrðing, en hún sagði í Fréttablaðinu í gær að samningurinn væri ein ástæða þess að útgjöld stofnunarinnar vegna lyfja hefðu lækkað á síðasta ári frá því sem var árinu áður.

Fyrirtækið Vistor flytur inn fjölda frumlyfja og hafði um 38 prósent markaðshlutdeild á íslenska lyfjamarkaðnum á síðasta ári. Í tilefni umræðu síðustu daga bar fyrirtækið saman verð á lyfjum þess á Íslandi og verð á sömu lyfjum í Danmörku. Í ljós kom að verðið

er lægra á Íslandi, sem nemur 3,4 prósentum. Miðað við það magn sem selt var árið 2005 var söluverð til apóteka 91,4 milljónir króna lægra hér en í Danmörku og ætla fyrirtækið að í smásölu sé munurinn um 150 milljónir króna.

Hreggviður Jónsson, forstjóri Vistor, segir augljóst að umræðan sé hvorki byggð á málefnalegum né faglegum grunni. „Við höfum staðið í einu og öllu við þann samning sem gerður var 2004. Lyfjaverð er meira að segja orðið lægra hér heldur en í Danmörku,“ segir Hreggviður og bætir við að í því ljósi skjóti það skökku við að gefið skuli til kynna að Íslendingar niðurgreiði lyfjaverð fyrir Dani. „Það getur kannski átt við samheitalyf en alls ekki frumlyf,“ segir hann.

Ekki náðist í Sigurð Guðmundsson landlækni.

bjorn@frettabladid.is

Ökumaður skapaði stórhættu með vítaverðum akstri:

## Ljóslaus á ofsahraða

**OFSAAKSTUR** Átján ára gamall ökumaður BMW-bifreiðar mældist á tæplega tvö hundruð kílómetra hraða er hann ók vestur Reykjanesbraut í fyrrinótt.

Lögreglan í Keflavík veitti ökumanninum eftirför en hann sinnti ekki stöðvunarkerkjum lögreglu og reyndi að komast undan á ofsahraða.

Eftir nokkurn eltingaleik stöðvaði ökumaður bifreiðarinnar á Fitjabraut þar sem hann hljóp út úr bílnum ásamt þremur farþegum sem í bifreiðinni voru.

Ökumaðurinn og farþegarnir voru færðir á lögreglustöðina í Keflavík.

Mikil hætta var á ferðum en ökumaðurinn ók með vítaverðum hætti og slökkti meðal annars ljósin á bifreiðinni til þess að reyna að villa um fyrir lögreglumönnum.

Ökumaður bifreiðarinnar var



**AF VETTANGI UMFERÐARSLYSS** Mildri þykir að ekki fór verr þegar átján ára gamall ökumaður ók á tæplega tvö hundruð kílómetra hraða vestur Reykjanesbraut. Hæglega hefði getað orðið mannskætt slys.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sviptur ökuleyfi til bráðabirgða en á flóttanum ók hann utan í kantstein með þeim afleiðingum að hliðarloftþóðar í bifreiðinni sprungu út.

- mh



**SLÖKKVILIÐSMENN AÐ STÖRFUM** Slökkviliðsmenn komu fljótt á vettvang og slökktu eldinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bruni í Nauthólsvík:

## Rusl í geymsluskúr brann

**ELDSVODI** Slökkvilið höfðborgarsvæðisins slökkti í gær eld í geymsluskúr í Nauthólsvík en líklegt þykir að kveikt hafi verið í honum.

Tilkynnt var um eldinn um sex leytið og stóð skúrinn þá í ljósum legum. Greiðlega gekk að slökka eldinn en mikill reykur og eldur gerði slökkvistarfar erfið til fyrstu. Hvorki rafmagn né vatn var í skúrnum en mikið af tréplötum, dekkjum og rusli var inni í honum og brann það allt til kaldra kola.

- mh

Ofsaakstur í Reykjavík:

## Handtekinn í Hvalfirðinum

**OFSAAKSTUR** Lögreglan í Reykjavík handtók í gær ökumann í Hvalfirði en hann hafði keyrt á ofsahraða út úr Reykjavík eftir að bifreið hans mældist á meira en 140 kílómetra hraða á klukkustund á Miklubraut. Ökumaðurinn velti bílnum á einbreiðri brú í Hvalfirðinum en slasaðist ekki mikið.

Lögreglan ók á móti bifreið mannsins á Miklubrautinni og mældist þá bifreiðin á fyrrgreindum hraða. Ökumaðurinn keyrði þá bifreiðina á ofsahraða út úr Reykjavík og hvarf hann sjónum lögreglumanna.

Seinna barst tilkynning um bílveltu í Hvalfirðinum og reyndist þar vera sami ökumaður á ferð. Hann var handtekinn í fjórundi í Hvalfirði, skammt frá slystað.

-mh

## OLÍUGJALD

**Endurgreiðsluákvæði** Félag hóperðaleyfishafa hvetur fjármálaráðherra til að beita sér fyrir því að endurgreiðsluákvæði af olíugjaldi, sem gildir fyrir almenningsvagna, gangi jafnt yfir alla fólkflutninga og að olía þessi verði lituð. Alyktunin var samþykkt á aðalfundi félagsins í gær.

## LÖGREGLUFRÉTT

**Kveikt í gámi** Slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út í gær vegna elds í gámi við iðnaðarhúsnæði á Grandagarði. Allt bendir til þess að kveikt hafi verið í rusli sem var í gámmum en eldurinn var feginn að teygja sig upp í glugga hússins þegar slökkviliðinu tókst að slökka eldinn.

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



✓ „Látum verkin tala í málefnum aldraðra og öryrkja.“

3 sæti

Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona, leikstjóri og leikritahöfundur







# Frístundakort

Öll börn í borginni 5-18 ára, fá frístundakort að upphæð **40.000 kr.** á ári sem renna til íþróttar- og tómstundaiðkunar á vegum viðurkenndra aðila.

- Tryggjum heilbrigða og skemmtilega æsku fyrir börnin okkar.
- Frístundakortið tryggir hverju barni greiðslu upp í árgjald eða æfingagjald hvort sem er í íþróttum eða listnámi.
- Öll börn eiga rétt á frístundum með sínum jafnöldrum óháð efnahag foreldra.



**Ertu með?**

Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík Suðurlandsbraut 24  
Sími: 599 3900 · Netfang: reykjavik@xb.is · www.xbreykjavik.is



**exbé**



**GENGIÐ**

GENGI GJALDMÍÐLA 12.05.2006

**KAUP SALA**

Bandaríkjadalur	70,77	71,11
Sterlingspund	134,21	134,87
Evra	91,44	91,96
Dönsk króna	12,265	12,337
Norsk króna	11,777	11,847
Sænsk króna	9,767	9,825
Japanskt jen	0,6463	0,6501
<b>SDR</b>	<b>106,19</b>	<b>106,83</b>

Gengisvísitala krónunnar  
126,4145

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vinstri grænir í Kópavogi kynntu stefnumál sín á föstudag:

# Áhersla á þjónustu við íbúa

**KOSNINGAR** Vinstri grænir í Kópavogi setja þjónustu við íbúa á oddinn fyrir sveitastjórnarkosningarnar í maí að sögn Ólafs Þórs Gunnarssonar oddvita listans.

Vinstri grænir vilja gera leikskólann gjaldfrjálstan og grunn-skólann líka með því að taka ekki gjald fyrir skólamáltíðir og eftirskólaprógrömm. Tilgangurinn er að fría foreldrana frá þessari gjaldtöku til að jafna aðstöðu barnanna og gefa foreldrum tækifæri til að nota tímann sem sparast til að vera meira með börnunum sínum.

Málefni aldraðra eru einnig í



**ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON ÁSAMT ÖÐRUM FRAMBJÓBENDUM** Vinstri grænir kynntu stefnumál sín á fundi á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

forgangi. „Það á ekki að líta á aldraða sem heildstæðan gráleitan massa heldur hafa þá með í ráðum

um alla ákvarðanatöku sem varðar þá sjálfa.“ Vinstri grænir vilja að bærinn geri samning við ríkisvaldið um að taka málaflökkinn yfir til sín og að bærinn leggi til fjármagn til að byggja viðbyggingu við Sunnuhlíð.

Þriðja stóra málið snýr að stjórnsýslunni. „Við viljum að hún verði gegnsæ, menn viti hvað sé að gerast og hvers þeir geti vænst.“ Ákvarðanir í skipulagsmálum eiga að vera teknar í samráði við bæjarbúa. „Einnig viljum við að bærinn komi sér út úr launaneftnd sveitarfélaga og semji sjálfur við starfsmenn sína.“

-sdg

Framsókn í Kópavogi:

## Tapar tveimur

**KÖNNUN** Framsóknarflokkurinn nýtur stuðnings átta prósentanna í Kópavogi og tapar tveimur af þremur bæjarfulltrúum sínum, samkvæmt nýrri könnun Gallup fyrir RÚV. Sjálfstæðisflokkurinn fær 44,3 prósentu fylgi og fimm bæjarfulltrúa, Samfylkingin fær 35,6 prósent og fjóra fulltrúa og VG fær 12 prósent og einn fulltrúa.

Einnig var spurt hvern svarendur vildu fá sem næsta bæjarstjóra. Rómur helmingur þeirra sem tóku áfstöðu vildu Gunnar I. Birgisson, Sjálfstæðisflokki, en tæp þrjátíu prósent Guðrúnu Arnardóttur Samfylkingunni. Innan víð sex prósent nefndu Ómar Stefánsson oddvita Framsóknar og Ólaf Þ. Gunnarsson VG.

-bþs

Sigríður Anna Þórðardóttir:

## Jarðhiti verði nýttur betur

**ORKUMÁL** Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra, hvatti til þess að hindrunum við nýtingu jarðhita í heiminum verði rutt úr vegi, á ráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun í New York í gær.



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐAR-DÓTTIR**

Sigríður Anna lagði áherslu á mikilvægi þess að alþjóðlegar fjármálastofnanir kæmu að framkvæmdum vegna nýtingar jarðhita. Í skýrslu Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, kemur fram að fjárfestingarkostnaður, erfiðleikar við mat á jarðvarmaauðlindum og ónóg staðbundin tækniþekking séu meðal helstu hindrana við nýtingu orku frá jarðhita. „Ég hvet alþjóðlegar fjármálastofnanir til að hjálpa við að ryðja þessum hindrunum úr vegi.“ sagði Sigríður á ráðstefnunni.

-mh

Alþjóðleg aðstoð til Indónesíu:

## Vilja reisa kjarnorkuver

**INDÓNESÍA** Orkumálaráðherra Indónesíu, Purnomo Yusgiantoro, tilkynnti í gær að reist verði kjarnorkuver í Indónesíu fyrir árið 2015. Fyrirtæki frá Suður Kóreu, Japan og Frakklandi hafa boðið fram tækniástoð ásamt einu öðru fyrirtæki sem ekki var tilgreint hvert væri. Kjarnorkuverið mun framleiða um fimm prósent af orkuþörf landsins.

Fyrirhugað er að kjarnorkuverið risi á Muria skaga á Austur-Jövu.

-jóa

# Tólf þúsund feður skulda 14 milljarða

Af 12.092 meðlagsgreiðendum á Íslandi eru 7.162 í vanskilum. 96 prósent þeirra sem eru í vanskilum eru feður. Forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaganna segir að vel gangi að innheimta og varlega skuli fara í túlkun talna um skuldir.

**SAMFÉLAGSMÁL** Heildarskuldir meðlagsgreiðenda við Innheimtustofnun sveitarfélaganna voru 14,2 milljarðar króna í árslok 2005. Meðlagsgreiðendur á Íslandi voru þá 12.092 og 7.162 þeirra voru í vanskilum eða tæp sextíu prósent. Skuldir einstaklinga eru mjög misjafnlega háar en dæmi eru um milljóna skuldir sem er uppsafnaður vandi til margra ára. Þetta kemur fram í ársskýrslu Innheimtustofnunar fyrir árið 2005.

Innheimtustofnun skilgreinir rúmlega fjögur þúsund einstaklinga sem skuldara í erfiðleikum og heildarskuldir þeirra eru á ellefta milljarð. Þeim hefur fækkað um 2,1 prósent á milli ára. Töluverður hluti þessara skulda er vextir en dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eru í dag 21,5 prósent á ári.

Hilmar Björgvinsson, forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaganna, segir að gæta verði að því hvað það sé langur viðskiptatími hjá stofnuninni og er þeirrar skoðunar að vanskil séu alls ekki óeðlilega mikil. „Það er ákveðinn hópur í þjóðfélaginu sem hefur misst fótanna. Það er ekki út af meðlögum heldur ýmsu öðru.“ Hilmar segir að innheimtan hafi aldrei gengið betur en undanfarin ár. Hlutfall greiðslna upp í meðlagskröfur hafi verið 78,1 prósent árið 2005 en voru aðeins 60,6 prósent árið 1994.

Skuldir einstaklinga eru mjög misjafnlega háar og um helmingur skuldar um hundrað þúsund krónur eða minna. Þeir sem skulda meira en eina milljón krónur eru tæp þrjátíu prósent. 8,4 prósent



**FJÖGUR ÞÚSUND SKULDA Á ELLEFTA MILLJARÐ** Tæp sextíu prósent meðlagsgreiðenda eru í vanskilum við Innheimtustofnun sveitarféлага. Myndin tengist ekki efni greinarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

meðlagsskuldara skulda meira en fjórar milljónir og er meðaltalskulld þeirra sex og hálf milljón.

Félag ábyrgja fedra bendir á í nýútkomnu blaði að meðlag sé

### BARNAFJÖLDI OG MEÐALSKULDIR MEÐLAGSSKULDARA

Barna-fjöldi	Fjöldi skuldara	Skuld að meðaltali
1 barn	6830	358.813
2 börn	3377	1.275.573
3 börn	1322	2.838.533
4 börn	438	4.516.246
5 börn	141	7.168.081
6 börn	70	10.045.597

svavar@frettabladid.is

hvergi á Norðurlöndunum eins hátt. Gísli Gíslason er formaður félagsins. „Meðlag tekur ekki tillit til umgengni forsjarlausa foreldrisins og meðlag tekur ekki heldur tillit til tekna forsjarforeldris.“ Gísli segir að eðlilegt sé að meta aðstöðu hvers og eins. Það sé ekki sama hvort einstaklingur hafi lítil eða engin samskipti við börn sín eða hvort hann tekur ríkan þátt í uppeldi barnsins. Taka beri tillit til slíkra aðstæðna fólks eins og gert sé víða á Norðurlöndunum.

-ks

Framtíð Man B&W tryggð:

## Castro tryggir Dönnum störf

**DANMÖRK** Fidel Castro forseti Kúbu hefur gert munnlegt samkomulag við forsvarsmenn danska fyrirtækisins Man B&W um kaup á öllum þeim rafölum sem þeir geta framleitt.

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir í dagblaðinu Politiken að samningurinn tryggi framtíð fyrirtækisins næstu þrjú og hálf árið.

Aðeins eru tvö ár liðin síðan fyrirtækið sagði upp fjögur hundruð starfsmönnum í verksmiðju sinni á Lálandi. Kaupin á dönsku rafölum er þáttur í endurnýjun kúbverska orkugeirans.

Samfylkingin | Reykjavík 2006

Eldri borgarar!  
**Kaffi í Súlnasal í dag kl. 13:30**

Stutt ávörp, söngur og skemmtiatriði.  
Frambjóðendur, þingmenn og borgarfulltrúar verða á staðnum.

**XS - Allir með**




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BJART SUBVESTAN TIL**  
Enda þótt áfram sé búið við hægviðri eða hafgölu eru úrkomulíkur dagsins heldur meiri en verið hefur. Það má búast við skúrum frá Vestfjörðum í vestri til Austfjarða í austri og jafnvel svo að úrkoman tegji sig yfir á suðaustanvert landið. Á suðvesturfjórðungnum verður bjart með köflum eða léttskýjað.

**HÖFUDBORGIN Í DAG**  
Hæg breytileg átt. Bjart með köflum eða léttskýjað. Hiti 5-9 stig.

### VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	13°C léttskýjað	London	16°C léttskýjað	Alicante	26°C léttskýjað
Billund	14°C léttskýjað	Berlin	17°C léttskýjað	Mallorca	22°C léttskýjað
Oslo	12°C skúrir	Frankfurt	19°C léttskýjað	Krit	21°C léttskýjað
Stokkholmur	11°C léttskýjað	Friedrichshafen	20°C skúrir	Las Palmas	22°C léttskýjað
Gautaborg	13°C hálfskýjað	Madrid	28°C léttskýjað	Miami	31°C heiðskirt

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.





# Framtíðin er hér

Eftir gríðarlegt uppbyggingarstarf síðustu ára í leikskólum og grunnskólum blasa tækifærin hvarvetna við. Kosningarnar 27. maí snúast um það hverjum við treystum best til þess að nýta þau.

Við höfum þegar stigið skref í átt að gjaldfrjálsum leikskólum. Við viljum færa íþrótt-, lista- og tómstundastarf inn í grunnskólana, auka sjálfstæði þeirra og byggja upp skólalóðirnar. Þessi verk eru nú þegar hafin.

**Dagur B. Eggertsson er okkar borgarstjóraefni**

Með störfum sínum hefur Dagur sýnt að hann er maður framtíðarinnar í Reykjavík







## KJÖRKASSINN

Ætlaðu að sækja viðburði Lista-hátíðar?

Já	84,4%
Nei	15,6%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að hætta við byggingu há-tæknisjúkrahúss við Hringbraut?

Segðu þína skoðun á Vísiris



Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna:

# Unga fólkið er skuldugast

**VERDBÓLGAN** Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, segist hafa verulegar áhyggjur af verðbólguþróuninni. Sem betur fer sé ekki farið að orla á vanskilum heimilanna ennþá varðandi fasteignalánin en yfirdráttarheimildir hafi aukist verulega.

„Það er alltaf gott að hafa varann á og velta fyrir sér hvað við ætlum að gera ef verðbólgan hækkar enn frekar en um 80 prósent af skuldum landsmanna eru verðtryggð. Við finnum að þörfin fyrir þjónustu okkar hefur aukist,“ segir Ásta.

Viðskiptavinir sem leita til Ráð-

gjafarstöðvar heimilanna verða sifjellt yngri. Stærsti aldurshópurinn í fyrra var milli tvítugs og þrítugs. Áður var hann milli þrítugs og fertugs sem er eðlilegt, að hennar sögn, því að sá hópur er skuldsettastur almennt.

„Við höfum áhyggjur af því að aldurinn á viðskiptavinum okkar er að lækka. Við þurfum að skoða hvað við ætlum að gera varðandi unga fólkið, sem er að hefja lífið yfir sig skuldsett og strax komið í vanskil. Það er ekki góð byrjun,“ segir hún.

Ásta telur að fræðsla um fjármál verði að aukast í skólum lands-



ÁSTA S. HELGADÓTTIR Unga fólkið hefur lífsbaráttuna yfir sig skuldsett og strax komið í vanskil. „Það er ekki góð byrjun,“ segir Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Smygl á fólki í Svíþjóð:

## Ein stærsta lög-regluaðgerðin

**SVÍÞJÓÐ** Níu voru handteknir grunaðir um smygl á fólki og mansal til Svíþjóðar eftir að lög-reglan lét til skarar skrifa í Stokkhólmi, Uppsölum og á fleiri stöðum í Svíþjóð á föstudagsmorgun.

Lögreglan réðist til inngöngu á fimmtán stöðum samtímis. Í Stokkhólmsborg einni tóku um sjötíu lögreglumenn þátt í aðgerðinni.

Að sögn vefútgáfu sænska dagblaðsins Dagens Nyheter er þetta ein stærsta lögregluaðgerð sem fram hefur farið á seinni árum í landinu. - ghs

## LEIÐRÉTT

Í greininni á Evrópusíðu blaðsins síðasta sunnudag, sagði að þess væri vænt að þjónustutíðskipunin svonefnda yrði væntanlega að lögum í formennskutið Hollendinga á fyrri helmingi næsta árs. Hið rétta er að þá gegna þjóðverjar ESB-formennskunni.

Í myndatexta með umfjöllun um Mjólkárverkjun í blaðinu í gær var farið rangt með nafn Bjarna Péturssonar, starfsmanns verkjunarinnar. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

## SPÁNN

Yfirvöld á Spáni handtóku í gær fimm breska karla á þrítugsaldri vegna gruns um nauðgun. Lögregla á Mallorca var kölluð til á hótél í Magaluf eftir að breska kona tilkynnti starfsfólki að henni hefði verið nauðgað. Mennirnir eru í haldi.

## BLÁA LÓNID

**Nýr farsími kynntur** Nýr farsími af gerðinni Nokia 5500 Sport var frumsýndur í Bláa lóninu í gær. Síminn á að þola erfiðustu aðstæður og áföll sem verða við vinnu og í íþróttum.


# Yfirburðastaða Sjálfstæðisflokks

Sjálfstæðisflokkurinn fengi rúm 70 prósent atkvæða í Reykjanesbæ samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. A-listi Framsóknarflokks, Samfylkingar og óháðra fengi rúm 20 prósent. Önnur framboð fá tvö prósent eða minna.

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjanesbæ er með yfirburðastaða fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 71,2 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, væri boðað til kosninga nú. Samkvæmt því fengi Sjálfstæðisflokkurinn góðan meirihluta í bæjarstjórn með átta til níu bæjarfulltrúa kjörna af ellefu. Jafnt er milli níunda manns Sjálfstæðisflokksins og þriðja manns A-listans.

Yfirleitt hefur Sjálfstæðisflokkurinn meira fylgi meðal karla en kvenna, en í Reykjanesbæ ber annað við, þar sem 67,0 prósent karla sögðust myndu kjósa flokkinn, en 76,8 prósent kvenna. Flokkurinn bætir mikið við sig frá síðustu sveitarstjórnarkosningum, þegar hann hlaut 52,8 prósent atkvæða. Þá er þetta einnig meira fylgi við Sjálfstæðisflokkinn en mældist í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar sem birtist 9. maí, þegar 67,5 prósent sögðust myndu kjósa hann.

A-listi Framsóknarflokks, Samfylkingar og óháðra hefur, samkvæmt könnuninni 23,7 prósent fylgi og fengi samkvæmt því tvo til þrjú bæjarfulltrúa kjörna. Í síðustu kosningum fengu Framsóknarflokkur og Samfylking samtals 47,2 prósent atkvæða og því lítur út fyrir að fylgi beggja þessara flokka dali verulega í sveitarfélaginu. Fylgi A-listans mældist nú einnig minna en í könnun Félagsvísindastofnunar, þar sem flokkurinn mældist með 32,0 prósent fylgi. 0,6 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa annað hvort Samfylkingu eða Framsóknarflokk, frekar en að merkja við A-listann. Þetta tæpa prósent er ekki talið með, en ef



svo væri gert myndi það duga til að A-listinn teldist fá þrjú bæjarfulltrúa en Sjálfstæðisflokkur átta. Karlar styðja frekar A-listann en konur, 25,6 prósent karla myndu kjósa listann væri boðað til kosninga nú, en 21,3 prósent kvenna.

Frjálslyndir og óháðir hafa nú stuðning 2,0 prósent þeirra sem tóku afstöðu. Flokkurinn bauð ekki fram í síðustu kosningum og hafði ekki tilkynnt framboð þegar Félagsvísindastofnun mældi fylgi í Reykjanesbæ og mældist þar því ekki. 2,5 prósent karla segjast myndu kjósa flokkinn, en 1,3 prósent kvenna.

Reykjanesbæjarlistinn hefur stuðning 1,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu í könnuninni. Listinn hefur ekki áður boðið fram í sveitarstjórnarkosningum. Í könnun Félagsvísindastofnunar mældist R-listinn með 0,2 prósent fylgi og hefur því aukist nokkuð síðan þá. Nánast einungis karlar sögðust myndu kjósa Reykjanesbæjarlistann í skoðanakönnun Fréttablaðsins. Baldvin Nielsen, sem leiðir Reykjanesbæjarlistann er tengdur Frjálslynda flokknum, en þó

svo þessi tvö framboð myndu sameinast fengi slíkt sameiginlegt framboð ekki mann kjörinn í bæjarstjórn.

Vinstri hreyfingin-grænt framboð bauð ekki fram lista í síðustu sveitarstjórnarkosningum, en mældist nú með 0,8 prósent fylgi. Þetta er aðeins meira fylgi en flokkurinn mældist með í könnun Félagsvísindastofnunar þegar hann, líkt og Reykjanesbæjarlistinn mældist með 0,2 prósent. Líkt og hjá Reykjanesbæjarlistanum eru það nánast einungis karlar sem segjast myndu kjósa vinstri græna í könnun Fréttablaðsins.

Hringt var í 600 íbúa Reykjanesbæjar laugardaginn 13. maí og spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til sveitarstjórnarkosninga nú? 59,7 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Einnig var spurt hvort fólk væri fylgjandi því að álver yrði reist í Helguvík. 82,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 77,1 prósent vera því fylgjandi, en 22,9 prósent vilja ekki álver í Helguvík. svanborg@frettabladid.is

Borgarráð samþykkir tillögu um uppsetningu hraðamyndavéla í Reykjavík:

## Halda hraðakstrinum niðri

**UMFERÐARMÁL** Borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á miðvikudaginn tillögu Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra um að leita samstarfs við lögreglu og ríkisvaldið um að koma upp hraðamyndavélum í Reykjavík, á stöðum þar sem hraðakstur hefur verið viðvarandi vandi.

Í greinargerð með tillögu borgarstjóra segir að markmiðið með uppsetningu myndavéla sé að draga úr hrað- og ofsaakstri á stofnbrautum, til dæmis í Ártúnsbrekku, á Sæbraut og á Breiðholtsbraut, en á undanförunum mánuðum hefur töluvert borið á ofsaakstri innan bæjarmarka á höfuðborgarsvæðinu.

Steinunn Valdís vonast til þess að tillagan nái fram að ganga. „Það er hrikalegt að heyra af því að sömu ökumenn séu stöðvaðir allt upp í ellefu sinnum vegna hraðaksturs á götum borgarinnar. Hraðaksturinn skapar stórhættu í umferðinni og vonandi verða myndavélarnar til þess að draga úr hraða og auka öryggi.“

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri í umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík, telur tillögu borgarstjóra vera til bóta fyrir umferð í Reykjavík. „Myndavélarnar, ásamt öflugum almennu eftirliti lögreglu, ættu að geta haldið almennum umferðarhraða í borginni innan leyfilegra marka.



UMFERÐARSLYS Í REYKJAVÍK Afleiðingar hraðaksturs í Reykjavík hafa verið skelfilegar það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Við höldum áfram að takast á við vítavæðan akstur með þeim búaði sem við höfum. Mér hugnast þessi tillaga vel og finnst þetta vera góð framtíðarsýn, ef athöfn fylgir orðum.“ - mh

## Vinstri-græn í strætó um alla borg!

Kosningamiðstöð Vinstri-grænna í strætó verður staðsett við Húsgagnahöllina, Bildshöfða kl. 13:00 - 14:30 og við Holtagarða kl. 14:30 - 16:00 í dag.

Kynnið ykkur kosningaáherslur Vinstri-grænna



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð



Svandís Svavarsdóttir skipar 1. sætið

## NET SÓL

Ódýrt Mallorca - Krít  
Portúgal - Tyrkland  
Benidorm/Albir

Mallorca - Marina Plaza í 7 nætur - 16. maí

Verðdæmi: **34.900** kr.

á mann m.v. 4 í íbúð með 1 svefnherb. 44.900 kr. ef 2 ferðast saman.

Krít - Elisso í 7 nætur - 22. maí

Verðdæmi: **39.900** kr.

á mann m.v. 4 í íbúð með 1 svefnherb. 49.900 kr. ef 2 ferðast saman.

## Fleiri eða færri?

Finndu verð á þinni ferð og kynntu þér tilboðin á öðrum brottförum og öðrum áfangstöðum á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

\* Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.



[www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

Bókaðu á netinu, það borgar sig.



# VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

## 1. UMFERÐ | LANDSBANKAÐEILD KARLA

sun.	14. maí	kl. 16:00	ÍBV - Keflavík
sun.	14. maí	kl. 16:00	Vikingur - Fylkir
sun.	14. maí	kl. 16:00	Grindavík -ÍA
sun.	14. maí	kl. 20:00	KR - FH
mán.	15. maí	kl. 20:00	Breiðablik - Valur

## 1. UMFERÐ | LANDSBANKAÐEILD KVENNA

þri.	16. maí	kl. 19:15	Valur - Stjarnan
þri.	16. maí	kl. 19:15	Þór/KA - FH
þri.	16. maí	kl. 19:15	Fylkir - Keflavík
þri.	16. maí	kl. 19:15	Breiðablik - KR

Tryggðu þér miða á betra verði á  
landsbankadeildin.is eða ksi.is



Landsbankinn



410 4000 | landsbanki.is



METSÖLUBÓK UM ALLAN HEIM

**Franskar konur  
fitna ekki**

„Ég mæli hiklaust með henni við allar konur sem kunna að njóta lífsins og vilja njóta þess enn betur ... án sektarkenndar!“

- Sigríður Albertsdóttir / DV

„Ég mæli með þessari bók af því ráð hennar eru holl, auk þess sem hún er skemmtileg aflestrar. Það er ábyggilega heimsmet þegar megrunnarit eru annars vegar...“

- Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is

Meðullitfi Eymundsson 10 mín.  
**2. sæti**  
Heildarlífi



**JPV**  
JPV ÚTGÁFA  
WWW.JPV.IS

**NAVISON  
SMALL BUSINESS**

Fjárfesting til framtíðar



**Þú þarft að  
þekkja eigin rekstur  
til að geta keppt við aðra**

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottnar
- Birgðir

**Verð frá kr. 130.900\***

**Hringdu núna í síma 545-3200**

**10** góðar ástæður  
fyrir því að þú ættir að velja  
**NAVISON SMALL BUSINESS**

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samheft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

Dæmi um viðbótarlausnir	Verð
- Hver auknotandi	64.000.-
- Launakerfi	40.000.-
- Innheimtakerfi	40.000.-
- Verkbókhald	40.000.-

Öll verð eru án vsk. \*Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

**maritech**

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur  
sími 545 3200, fax 545 3201  
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri  
sími 545 3500, fax 545 3501  
akureyri@maritech.is

**Microsoft**  
**GOLD CERTIFIED**  
Partner

[www.maritech.is](http://www.maritech.is)

Sjálfstæðisflokkurinn:


**Auglýst mest í blöðum**

**AUGLÝSINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn hefur keypt flesta dálksentimetrar í dagblöðum undir auglýsingar það sem af er kosningabaráttunni fyrir sveitarstjórnarkosningar, með 34 prósent af auglýsingum í dálksentimetrum.

Framsóknarflokkurinn kemur næstur með 23 prósent hlut og Frjálslyndi flokkurinn þar á eftir með 19 prósent.

Samfylkingin er með 17 prósent hlutfall og Vinstri hreyfingin - grænt framboð með átta prósent.

Næstum helmingur keyptra dálksentimetrar hjá Sjálfstæðisflokknum er í Morgunblaðinu, eða 46 prósent. Tæplega 40 prósent



**AUGLÝSINGAR Í DÁLKSENTÍMETRUM**

auglýsinga flokksins er í Fréttablaðinu og 16 prósent í Bláinu.

- mh



**HEIÐA OG SJÖFN** Heiða Ólafsdóttir stuðningsfulltrúi og Sjöfn Guðmundsdóttir, móðir ungs einhverfs manns á Dimmuhvarfi, heimili fyrir einhverfa. „Það blasir við að við getum ekki sinnt meðferðinni, varla gæslunni heldur,“ segir Heiða.

FRÉTTABLAÐID/GVA

**Margra ára starf fer  
í súginn í verkfalli**

Samningaviðræður forsvarsmanna svæðisskrifstofu fatlaðra og SFR gengu betur í gær en áður.

**KJARADEILUR** Verði boðað verkfall að veruleika á sambýlum og starfsþjálfunarstöðum fyrir fatlaða verða foreldrar eða aðrir nánir ættingjar að taka sér frí frá vinnu til að taka fólkið sitt heim eða koma til aðstoðar á sambýlunum. Margra ára vinna getur farið í súginn í einu setuverkfalli.

Sjöfn Guðmundsdóttir er móðir tvítugs pilts sem býr á Dimmuhvarfi, heimili fyrir einhverfa pilti í Kópavogi. „Við erum skelfingu lostin,“ segir hún um setuverkfall sem eru boðuð í næstu viku, eitt sólarhrings og annað þriggja sólarhringa langt.

Samningaviðræður forsvarsmanna SFR og stéttarfélags svæðisskrifstofu fatlaðra héldu áfram í gær og þóttu þær ganga betur en á fimmtudag og föstudag.

Sjöfn rifjar upp að Dimmuhvarf hafi verið stofnað árið 1999 þegar ungu mennirnir voru unglingar. „Þeir voru flestir heima við óbærilegar aðstæður þegar heimilið var stofnað. Núna er starfsfólk að gefast upp vegna mannleku. Við erum að missa frábært fólk og við missum það í að flokka sörp hjá Sorpu. Við metum sörp-flokkun betur í launum en umönnunarstör.“

Starf stuðningsfulltrúa felst í því að hjálfa einhverfa í öllum athöfnum daglegs lífs en fyrst og fremst þó í góðum samskiptum og tjáningu. Þetta er gert með reglulegri og skipulagðri dagskrá. Sú dagskrá fer veg allrar veraldar ef setuverkfall skellur á.

Dimmuhvarf er þegar undir-mannað og fyrirsjáanlegt að ekki verði hægt að fullmanna vaktir í sumar. Á nokkrum sex manna vöktum er fyrirsjáanlegt að aðeins fáist einn maður á vakt. Í dag er hringt um hverja helgi til að kalla fólk á aukavakt.

„Við styrkjum þá hegðun sem við viljum sjá. Ástandið er nú þegar þannig að við sjáum afturför hjá nokkrum manna. Það blasir við að við getum ekki sinnt meðferðinni, varla gæslunni heldur,“ segir Heiða Ólafsdóttir stuðningsfulltrúi sem hefur há laun miðað við þennan geira, 150 þúsund á mánuði eftir fimm ára starf.

Sonur Sjafnar býr á Dimmuhvarfi. „Starfsfólkið hefur algjöran stuðning okkar foreldra. Við viljum að kröfum þess sé mætt og skorum á stjórnvöld að sýna starfsfólkinu skilning í starfi,“ segir hún.

ghs@frettabladid.is

Sóttvarnalæknir hvetur til varúðar við skyndikynni:

**Sárasótt finnst árlega**

**HEILBRIGÐISMÁL** Árlega hafa greinst 2-9 tilfelli af sárasótt hér á landi á síðustu fimm árum, að því er fram kemur í nýjum Farsóttarfréttum Landlæknis. Flest eru tilfelli meðal innflytjenda sem smitast erlendis og greinast í eftirliti við komu til landsins.

Einstaklingarnir eru oftast á 20-39 ára og svo virðist sem smitið

sé algengara meðal karla. Árið 2001 komu upp nokkur tilfelli meðal íslenskra karla sem stunda kynlíf með körlum, en hægt var að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu.

Smokkirinn er árangursrík vörn gegn kynsjúkdómum og hvetur sóttvarnalæknir til varúðar við skyndikynni.

-js





# ALÞJÓÐLEGT MBA NÁM Í HR



„Í MBA-náminu við HR liggur metnaður í loftinu og krafturinn er smitandi. Kennarar, innlendir sem erlendir, eru hver öðrum betri en ég lærði ekki síður af frábærum hópi samnemenda minna. Eg mun búa að því sem ég lærði í náminu um ókomna tíð.“

Magnús Geir Þórðarson,  
leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar  
MBA 2005



„MBA-námið við HR hefur farið fram úr væntingum mínum. Gæði kennslunnar skipta mestu máli og það er mikils virði að fá að njóta þekkingar kennara frá virtum erlendum háskólum og frábærra íslenskra sérfræðinga. Sem einn af eigendum Deloitte finn ég á hverjum degi hvernig MBA-námið nýtist mér í vinnunni.“

Sigrún Ragna Ólafsdóttir,  
einn eigenda Deloitte  
MBA 2007



„MBA-námið í HR er í einu orði sagt frábært og það uppfyllti allar mínar væntingar og rúmlega það! Fyrirkomulag kennslunnar er gjörólíkt því sem ég hef áður kynnst og miðar að því að þjálfa og virkja nýja hugsun en ekki ekki bara að koma upplýsingum á framfæri.“

Ari Daníelsson,  
framkvæmdastjóri Mentis hf.  
MBA 2006



“I thoroughly enjoy teaching at RU. The MBA participants, faculty and staff were truly outstanding. I was very impressed by both the work and the quality of contributions delivered by the course participants.”

Marc Sachon, IESE,  
kennir Operations Management

Við erum stolt af velgengni útskrifaðra nemenda okkar sem hafa svo sannarlega náð yfirburða árangri í rekstri og stofnun fyrirtækja. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda er ánægður með MBA-námið í HR og finnst það hafa eftt sig í starfi.

Starfsfólk HR leggur metnað sinn í að bjóða upp á framúrskarandi alþjóðlegt MBA-nám þar sem fjölbreyttur hópur kennara vinnur með sterkum hópi nemenda.

#### Meðal kennara í MBA-námi Háskólans í Reykjavík eru:

**David Griswold** - Economics - Boston University (Bandaríkin)

**Eric Weber** - Strategic Decision Making - IESE (Spánn)

**Gerard Seijts** - Change Management  
Ivey School of Business (Kanada)

**Joe Pons** - Marketing Management  
Axioma Consulting (Spánn)

**Jón Ormur Halldórsson** - International Business  
Háskólinn í Reykjavík (Ísland)

**Kristín Friðgeirsdóttir** - Business Statistics  
London Business School (Bretland)

**Patrick Turner** - Entrepreneurship - INSEAD (Frakkland)

Lokaumsóknarfrestur er 29. maí.



**MBA**  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Nánari upplýsingar eru á [www.ru.is/mba](http://www.ru.is/mba)  
og í síma: 599 6200





AF EVRÓPUVETTANGI: AUÐUNN ARNÓRSSON

## Reynir á þanþol Evrópusambandsins

Nú eftir helgina færast Evrópusambandið einum áfanganum nær því að taka Rúmeníu og Búlgaríu inn í sínar raðir og þar með að því að stækka úr 25 aðildarríkjum í 27. Framkvæmdastjórn ESB birtir á þriðjudaginn mat sitt á því hvort aðildarundirbúningurinn í þessum tveimur fátæku fyrrverandi kommúnistarríkjum sé nægilega langt á veg kominn til að hún geti mælt með því að þau fái aðild strax um næstu áramót. Fyrirheitið um aðild að sambandinu – og þar með að uppbyggingar- og lífskjarajöfnunarsjóðum þess – er öflugasta verkfærið sem hin eldri og efnahagslega þróaðri aðildarríki sambandsins hafa yfir að ráða til að hvetja ráðamenn þar eystra til dáða í baráttu þeirra við að hrinda í framkvæmd viðtækum umbótum á efnahags- og stjórnerfi landa sinna. Útvíkkun ESB til Rúmeníu og Búlgaríu er beint framhald af stækkuninni til austurs sem komst til framkvæmda 1. maí 2004. Eftir inngöngu þeirra, hvort sem það verður árið 2007 eða 2008, er Króatía næst í biðröðinni og þar á eftir önnur lönd Suðaustur-Evrópu. Úr inngöngu Króatíu gæti orðið árið 2010. Stærsta opna spurningin varðandi frekari stækkun Evrópusambandsins varðar hins vegar Tyrkland og Úkraínu. Hvort það reynist reiðu-



búið til að taka þessi stóru, fjölmennu en fátæku nágrannalönd alveg inn í sínar raðir eða reyni að finna einhvers konar millilausn á tengslum þeirra við sambandið á eftir að koma í ljós á næsta áratug. Þeir sem annast stækkunarmál ESB í stjórnerfi þess hafa ítrekað gefið til kynna að tækju stjórnvöld í EFTA-ríkjunum Íslandi, Noregi eða Sviss ákvörðun um að sækja um aðild, mætti gera ráð fyrir að það tæki mjög skamman tíma að ganga frá aðildarsamningi við þau, enda rótgróin velsældar- og lýðræðisríki sem eru þegar nátengd Evrópusambandinu og munar þar mest um EES-samninginn. Skoðanakannanir hafa ennfremur sýnt, að í huga almennings í ESB væru EFTA-ríkin velkomnast í klúbbinn – reyndar miklu velkomnari en sum af þeim löndum sem þegar hafa samið um aðild að sambandinu. Ýmsum innan sambandsins þykir vera farið að reyna verulega á þanþol þess og kalla eftir því að farið verði hægar í sakirnar varðandi frekari útvíkkun; tekinn verði tími til að melta betur þá fjölgun aðildarríkja sem þegar hefur átt sér stað. Hins vegar virðist fullur vilji fyrir því að annað sé látið gilda um ríki EFTA-ríkinn; þau virðast velkomin í klúbbinn hvenær sem er.

### STARFSNÁM

#### Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, um meðferð allra innflutningskjala og allar helstu reglur er varða innflutning. Á námskeiðinu er notað nýtt og sérútbúið kennslufni, kennslubók og itarefni. Einnig er kennt að nota forrit í tollskýrslugerð í Navision frá Maritech.

Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að geta:

- Þekkt fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna
- Gert tollskýrslur og reiknað út aðflutningsgjöld
- Notað tollskrána til að tollflokka vörur
- Haft grunnskilning á fríverslunarsamningum og gildi þeirra
- Þekkt helstu reglur varðandi innflutning, innflutningstakamarkanir og undanþágur



Lengd: 21 kennslustund. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgunnámskeið kl. 8:30 - 12:00 eða kvöldnámskeið kl. 18:00 - 21:30. Hefst 16. maí og lýkur 30. maí. Verð: kr. 28.000,- (Allt kennslu- og itarefni innifalið)

**TÖLVUSKÓLINN PEKking**  
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



LANGT Í LAND Feðgar plægja akur í Norðaustur-Rúmeníu. Mikil fátækt í sveitum landsins og spilling í stjórnerfinu eru meðal áhyggjuefna í tengslum við væntanlega ESB-aðild bæði Rúmeníu og Búlgaríu.

## Stækkunarþreyta í ESB

Fyrir dyrum stendur að ákveða hvort Rúmenía og Búlgaría fái aðild að Evrópusambandinu strax um næstu áramót eða í ársbyrjun 2008. „Stækkunarþreytu“ virðist gæta í eldri aðildarríkjunum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun nú eftir helgina birta skýrslu sem margir hafa beðið með óþreyju, einkum og sér í lagi þó Búlgarar og Rúmenar. Í þessari skýrslu kveður fram-

kvæmdastjórnin upp úr um það hvort hún telji að aðildarundirbúningur þessara tveggja tilvonda aðildarríkja sé nógu langt á veg kominn til að hún telji rétt að þær fái inngöngu í sambandið um næstu áramót eða að þær verði að bíða í eitt ár enn. Álit framkvæmdastjórnarinnar er reyndar aðeins ráðgefandi; ákvörðunina sjálfa taka ríkisstjórnir aðildarríkjanna, væntanlega á leiðtogafundinum nú í júní.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, nefndi reyndar þriðja möguleikann: að Rúmenía og Búlgaría fái inngöngu strax árið 2007 að því skilyrði uppfylltu að þau geri gangskör að því að bæta úr einu og öðru þangað til. Erindrekar ESB hafa sagt að þetta kynni að fresta eiginlegri ákvörðun um inngöngu dagsetninguna fram í október. Aðrir benda á að það yrði pólitískt ekki forsvaranlegt að draga stjórnvöld í löndun-um tveimur svo lengi á svári.

Í aðildarsamningunum, sem voru undirritaðir í fyrra, var reyndar búið svo um hnúta að bæði lönd ættu að fá inngöngu 1. janúar 2007. Þó gæti svo farið að það frestaðist um eitt ár. Til þess þarf þó samhljóða samþykki allra núverandi aðildarríkjanna 25 í tilfelli Búlgaríu og veginn meirihluta atkvæða í ráðherraráðinu í tilfelli Rúmeníu. Það liggur því við að það sé sama að hvaða niðurstöðu framkvæmdastjórnin kemst í skýrslu sinni, hinn pólitíski skriðþungi innan sambandsins hnigur að því að staðið verði við dagsetninguna 1. janúar 2007.

#### Breytt afstaða frá síðustu lotu

Áberandi er þó hversu miklu umdeildari þessi framhaldsstækkun sambandsins er frá þeirri síðustu, þegar átta fyrrverandi austantjaldslönd auk Möltu og Kýpur gengu í það fyrir tveimur árum. Eitthvað af þessu neikvæðara viðhorfi má eflaust skýra með þeirri áherslu sem verið hefur á vanda-mál eins og spillingu og skipulagða glæpastarfsemi þegar aðildarundirbúning Rúmeníu og Búlgaríu hefur borið á góma. En þessi neikvæðni í garð frekari stækkunar hefur kallað á haldbetri skýringar, og sú skýring sem nú er mest vísað til er það sem kallað er stækkunarþreyta.

Stjórnmalamenn í sumum eldri aðildarríkjunum hafa fullyrt að almenningsálitíð sé andsnúð frekari stækkun sambandsins. Í breska vikuritinu The Economist er þetta rakið til þess að viðkomandi stjórnmalamenn telji að neikvæð afstaða til stækkunar sé skiljanleg, jafnvel réttmæt, vegna þeirra áhrifa sem hún hafi á vinnumarkaðinn í eldri aðildarríkjunum og að fjölgun aðildarríkja hafi lömum stofnanakerfis ESB í för með sér. Þessir stjórnmalamenn telji að tími sé kominn til að hægja á ferðinni og gefa sambandinu svigrúm til að melta þá fjölgun aðildarríkja sem þegar hefur átt sér stað.

Þessi viðhorf hljóma öll kunnuglega, en eins og Economist bendir á orka þau tvímælis. Reyndin hafi sýnt, að óttinn við neikvæðar afleiðingar af völdum stækkunarinnar til austurs hafi verið ástæðulaus. Öll álfan hafi hagnast af þeim auknu viðskiptum, fjárfestingum og opnu landmæra sem fylgdu síðustu stækkunarlotu.

#### Neikvæð „baksýnisviðhorf“

Niðurstaða Economist er að sú andstaða sem nú gætit við frekari stækkun ESB endurspeglir í raun eitthvað annað en ótta við það sem framtíðarfjölgun aðildarríkja kynni að hafa í för með sér. Í reynd endurspeglir hann efasemdir um ágæti þess að fá þau lönd inn í sambandið sem þegar eru gengin í það. Þetta séu því „baksýnisviðhorf“, sem þar að auki séu neikvæð ad ástæðulausu.

Reyndar sýna skoðanakannanir að íbúar eldri aðildarríkjanna eru almennt ekki andsnúnir frekari stækkun, með þeirri undantekningu ad efasemdir um að rétt sé að taka Tyrkland inn í sambandið eru býsna útbreiddar. Í nýjustu Eurobarometer-viðhorfskönnuninni sést að vel yfir helmingur fólks í eldri aðildarríkjunum er þeirrar skoðunar að stækkun ESB sé góð fyrir þeirra eigið land. Áberandi er reyndar að tilvonandi eða hugsanleg ný aðildarríki eru mjög misvinsæl meðal íbúa eldri aðildarríkjanna; þannig styðja þrjár af hverjum fjórum þeirra inngöngu EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Sviss en innan við þriðjungur styður aðild Tyrklands.

auðunn@frettabladid.is

## Getur verið að þú sért með ofnæmi?



Byrjar þú að hnerra um leið og allt fer að lifna við á vorin?

Þannig er um marga án þess að þeir átti sig á því að um ofnæmi geti verið að ræða.

Loritin og Histasin  
fást án lyfseðils

Það er engin ástæða til að láta sér lifa illa á besta tíma ársins.  
Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!

Loritin 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Loratadin. Notkunarsvið: Loritin inniheldur virka efnið loratadin sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. Varúðarreglur: Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdöma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. Aukaverkanir: Loritin þolst yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. Skammtun: Ein tafla af Loritini er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04  
Histasin 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Cetirizin. Notkunarsvið: Histasin er ofnæmislyf. Histasin virkar gegn öllum algengustu tegundum ofnæmis, svo sem frjófnaemi og rykofnaemi. Histasin er líka notað við ofnæmisbólgu í nefi og ofnæmiskennum eins og útbrotum og kláða. Varúðarreglur: Lyfið getur dregið úr viðbragðslyfti og skal það hafi í huga við akstur og nákvæmismisvinnu. Aukaverkanir: Einstaka sinnum veldur lyfið munþurrki og syfju. Skammtun: 1 tafla á dag fyrir fulloröna og börn frá 12 ára aldri. Börnum 6-12 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04



**HONDA**  
The Power of Dreams



## Accord Þægindi



155 hestafla þægindi á hjólum sem samhæfir  
meistaralega Honda gæði og Honda gott verð

[honda.is](http://honda.is)



Komdu og sannreyndu hvernig spennandi nýjungar gera margrómaðan Accord enn betri. Kröftug straumlínulöguð hönnunin, fjölstjörnuöryggið, Honda áreiðanleikinn og þægindin hafa aldrei verið meiri. Þú velur lúxus og hestöfl sem hentar þinni akrein í lífinu, á Honda góðu verði er engin ástæða til að sætta sig við minna en Honda gæði. Komdu og opnaðu fyrir þægindin - ræstu þinn Accord.





# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
JÓN KALDAL

Ríkisútvarpið getur lært margt um hvert menningarhlutverk þess á að vera af Listahátíð í Reykjavík.

## Listahátíð til fyrirmyndar

Listahátíð í Reykjavík var sett á föstudag í tuttugusta sinn. Sú fyrsta var haldin árið 1970, fjórum árum eftir að Ríkisútvarpið hóf sjónvarpsútsendingar. Það er um margt athyglisvert að bera saman þessar tvær menningarstofnanir sem eiga það sammerkt að vera menningarfyrtæki sem eru fjármögnuð í bland með skattþeningum og sjálfsaflafé.


Fyrir örfáum árum var Listahátíð nánast eini innflytjandi alþjóðlegra rokk- og popptónlistarmanna þegar halda átti stórtónleika í Höllinni. Þetta var á þeim tíma þegar aðrir tónleikahaldarar en Listahátíð þurftu að greiða svokallaðan skemmtanaskatt af sínum tónleikum, það er að segja ef skattayfirvöldum þóknaðist að líta svo á að þar væri flutt tónlist sem væri hægt að dansa við. Þegar sá ósanngjarni skattur var loks felldur niður stuðlaði það meðal annars að því að fram á sjónarsviðið komu sjálfstæðir tónleikahaldarar og hófu að flytja hingað hverja stórsveitina og poppstjörnuna á fætur annarri, eins og hefur tæplega farið fram hjá landsmönnum.

Einkamarkaðurinn fór sem sagt inn á ákveðið menningarsvið sem Listahátíð hafði sinnt áður. Og hvað gerði Listahátíð, hélt hún sínu striki og keppti við sjálfstæðu tónleikahaldarana? Nei, þar var tekin meðvituð ákvörðun um að láta einkaaðilunum þetta menningarhlutverk eftir og eyða kröftum og fé Listahátíðar í aðra kima menningarinnar sem þurfa frekar á athygli að halda; hvort sem það er með stuðningi við verkefni innlendra listamanna eða með innflutningi á erlendu listafólki sem er of mikil fjárhagsleg áhætta fyrir einkaaðila að fá til landsins.

Þessa mjög svo skynsamlegu og rökréttu stefnu markaði núverandi listrænni stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, Þórunn Sigurðardóttir, og á fyrir vikið sérstakt hrós skilið. Listahátíð undir hennar stjórn hefur verið ákaflega vel lukkaður þáttur í íslensku menningarlífi og má með fullri vissu segja að enginn sakni útlendu popparanna úr dagskrá hátíðarinnar, hvorki aðáendur slíkrar tónlistar, sem geta nú farið á fleiri slíka tónleika á vegum sjálfstæðra aðila en á vegum Listahátíðar á sínum tíma, og örugglega ekki tónleikahaldararnir sjálfir.

Og þar með erum við komin að samanburðinum við Ríkisútvarpið sem enn þverskallast við að eyða drjúgum hluta fjármuna sinna og útsendingartíma í samkeppni við einkareknar sjónvarpsstöðvar um bandaríska afþreyingarþætti, í stað þess að finna sér annan skika heimsmenningarinnar sem minna framboð er af, og skapa sér þannig sérstöðu og auka fjölbreytni í sjónvarpi.

Þegar Páll Magnússon var ráðinn útvarpsstjóri á síðasta ári voru bundnar vissar vonir við að þar væri kominn umbreytinga- maðurinn sem Ríkisútvarpið þarf svo innilega á að halda. Þær vonir hafa hins vegar dvínað all verulega og Páll stefnir hraðbyri í að hverfa alfarið inn í ríkisbjörgin. Ekki er þó öll nótt úti. Til að sjá ljósið þyrfti Páll að komast í kaffi til Þórunnar Sigurðardóttur og fá innsýn inn í þankagang hennar um hver sé rökrétt samkeppnisstaða opinbers menningarfyrtækis við hinn frjálsa markað.



## Kraftur og hugmyndir

**Karl Tómasson**

skipar 1. sæti á lista VG í Mosfellsbæ.

Hugmyndaríkur athafnamaður sem lætur verkin tala.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Markaðsvædd herferð

Vinstri grænir reka athyglisverða kosningabaráttu fyrir sveitarstjórnarkosningarmar. Þeir fóru hvað fyrstir í gang með blaðaauglýsingar en kaup smærri auglýsingar en aðrir flokkar og eyða því mun minni peningum en aðrir. Það er hins vegar greinilegt af Gallup-könnun á auglýsingabirtingum flokkanna, sem við höfum sagt frá í blaðinu tvo undanfarna daga, að VG hefur afhent markaðssamskiptafræðingum ákvörðunarvald um það í hvaða blöðum flokkurinn auglýsir. Aðrir flokkar auglýsa eitthvað í öllum blöðunum en VG hlítir ráðleggingum markaðsfræðinganna og lætur svonefnt snertiverð ráða öllu um birtingar. Því

auglýsir VG eingöngu í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu.

#### Græna hliðin niður?

Fleira er athyglisvert í kosningabaráttu VG. Hvar eru umhverfismálin? Jú, græna hliðin snýr upp hjá VG í Hafnarfróði þetta vorið þar sem flokkurinn leggur höfuð- áherslu á baráttu gegn stækkun álversins í Straumsvík. Að öðru leyti er eins og græna hliðin snúi niður hjá VG í málefnaþáttum þetta vorið. Oddviti vinstri grænna á Húsa- vík er hvorki með né á móti fyrirhuguðu álveri á staðnum og nýi leiðtoginn á Akureyri, Baldvin H. Sigurðarson, hefur ekki talað gegn stóriðjuuppbyggingu í Eyjafirði. Í Reykjavík hefur barátt-

an að miklu leyti snúist um flugvöll hér eða flugvöll þar og VG lýsir sig afdrátt- arlaust fylgjandi flutningi flugvallarins upp á Hólmsheiði. Sá kostur hefur ýmis umhverfisáhrif í för með sér, m.a. vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði borgarinnar. Hvað varð um það sjónar- mið að láta náttúruna njóta vafans?

#### Lægri bensínverð?

Stærsta spurningin um VG og umhverfismálin vaknaði kannski þegar Jón Bjarnason, þingmaður flokksins, tók upp baráttu fyrir lækkan bensínverðs á Alþingi á dögunum. Þar með varð Jón fyrstur þingmanna græningjaflokka í heiminum til þess að setja baráttu fyrir ódyrara bensín- verði á oddinn. [petur@frettabladid.is](mailto:petur@frettabladid.is)



## Vofur R-listans

Það standa öll spjót á Tony Blair þessa dagana. Hann hefur verið óheppinn með ráðherrana sína undanfarið og árangurinn í sveitarstjórnarkosningunum var ekki góður. Í ofanálag er Blair búinn að tilkynna að hann muni hætta í stjórnáttum fyrir næstu kosningar. Þar með hefur hann ákveðið að ganga ekki fyrir þjóð sína og standa reikningsskil gerða sinna í kosningum. Ekki óeðlilegt svo sem að hann vilji hætta, maðurinn er búinn að vera lengi við völd.

En hann neitar að segja hvernær hann hyggst draga sig í hlé og heldur áfram að sitja sem forsætisráðherra. Þetta finnst mörgum í Bretaveldi óþolandi staða. David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, hefur ítrekað bent á hversu óheppilegt það er fyrir lýðræðið að æðsta vald hvíli í höndum manns sem ætlar öðrum að bera ábyrgðina gagnvart kjósendum. Cameron hefur þá skynsamlegu skoðun að þegar menn hafa lýst því yfir að þeir séu hættir þá eigi þeir að hætta og engar refjar.

#### R-listinn gafst upp

Þegar R-listinn gafst upp á að stýra borginni tilkynntu forystumenn hans að ekki yrði boðið fram aftur undir merkjum listans. Gott og vel. En þar með kom upp sú staða að við stjórnvöldin í borginni sat stjórnáttum sem ætlaði ekki að gangast undir dóm kjósenda. Þetta er ekki gott fyrir lýðræðið, með sama hætti og þraseta Blairs í Bretlandi er óheppileg. Auðvitað ætti Blair að vera farinn frá völdum og auðvitað hefði R-listinn átt að fara frá völdum, þegar ljóst var að hann væri ekki lengur stjórnáttum sem hygðist bjóða fram til kosninga. Það hefði verið ábyrg afstaða.

#### Varasamir loforðalistar

Samfylkingin fékk ekki umboð til að stýra borginni í síðustu kosningum. Ekki heldur Framsókn eða VG og ekki Frjálslyndir. Forystumenn þessara flokka sammæltust um að bjóða fram sameiginlega í síðustu kosningum. Umboð sitt

#### Í DAG BORGARMÁL

#### ILLUGI GUNNARSSON



*Gömlu R-lista flokkarnir verða að gefa skýr svör um með hverjum þeir vilja vinna eftir kosningar. Þeir geta ekki gefið hið hefðbundna svar stjórnáttum flokka, sem starfað hafa saman í samsteypustjórnunum, að þeir gangi óbundnir til kosninga.*

fengu þeir í nafni R-listans. Kjósendur treystu R-listanum til að stjórna borginni. Það traust byggði meðal annars á þeirri sannfæringu að við lok kjörtímabilsins yrðu verk R-listans lögd í dóm, stjórnáttumennirnir þyrftu að standa og falla með verkum sínum. Þannig virkar lýðræðið. Vald stjórnáttumanna er temprað með ýmsum hætti og einn veigamesti þátturinn er að þegar þeir sækjast eftir endurkjöri, þá getum við kjósendur borið saman hverju lofað var og hvað var eft. Ef þar er mismunur á, getum við gætt okkar á nýjum loforðalistum valdhafanna og sleppt því að kjósa þá aftur.

#### R-listinn aftur í skjóli nætur?

Gömlu R-lista flokkarnir verða að gefa skýr svör um með hverjum þeir vilja vinna eftir kosningar. Þeir geta ekki gefið hið hefðbundna svar stjórnáttum flokka, sem starfað hafa saman í samsteypustjórnunum, að þeir gangi óbundnir til kosninga. Ábyrgð flokka í samsteypustjórnunum er til staðar, flokkarnir hlutu umboð kjósenda í kosningum og störfuðu eftir því. Kjósendur geta þar með verðlaunað þá eða refsað þeim fyrir frammistöðuna. Samfylkingin, VG og ExBé buðu ekki fram

síðast og reyna nú að skjóta sér undan ábyrgð á verkum R-listans. R-listinn bauð fram síðast en ber nú enga ábyrgð. Ætla vinstri flokkarnir að endurnýja R-lista samstarfið eftir kosningar? Samstarf sem þeir þorðu ekki að leggja í dóm kjósenda. Það væri ábyrgðarlaus hegðun.

#### Enginn ver R-listann

Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú sökum þessa engan raunverulegan viðmælanda um borgarmálin. Hið mikilvæga uppgjör um stjórn borgarinnar síðastliðin fjögur ár fer vart fram. Vinstri flokkarnir eru lítt til viðtals um það leiðinda mál. Enginn þeirra telur það skyldu sína að verja verk eða verkefni R-listans. Ég held að þessi staðreynd skýri að nokkru hvers vegna kosningabaráttan hefur verið frekar dauflæg hingað til. En mér segir svo hugur um að þessi flótti vinstri flokkanna frá eigin verkum muni koma þeim í koll.

#### Farið og komið ekki aftur

Skattar okkar borgarbúa hafa hækkað á kjörtímabilinu þrátt fyrir loforð R-listans um annað fyrir síðustu kosningar. Skuldir hafa hækkað á sama tíma og hlýtur það að teljast einhvers konar fjármálaafrek. Lóðir hefur skort og húsnæði hækkað sem því nemur. Skipulagsmál eru í molum og nauðsynleg umferðarmannvirki eins og til dæmis Sundabraut sitja árum saman á hakanum. Hin nýja Hringbraut hefur allt til að bera til að flokkast undir alþjóðlegt viðundur, svo gjórsamlega er sú framkvæmd úr öllu hófi. Vísitandi hefur verið reynt að eyðileggja einkareknu grunnskólana í Reykjavík, þrífnaði í borginni er víða stórlega ábótavant og svona er lengi hægt að telja áfram. Spuna-meisturum og auglýsingastofum vinstri flokkanna finnst sjálfsgætt sniðugt og jafnvel nauðsynlegt að hlaupa frá verkum R-listans. Mér finnst þessi pólitík ábyrgðarlaus og til þess fallin að draga úr áhuga almennings á kosningum og þar með veikja lýðræðið.

## MARKAÐURINN

### Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

#### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson FRÉTTASTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# Eru 26 þúsund Reykvíkingar án heimilislæknis?

UMRÆÐAN  
HEILBRIGÐISMÁL



STEINARR BJÖRNSSON  
LÆKNIR

Margir kannast við það að ekki er hlaupið að því að fá tíma hjá heimilislæknum í Reykjavík. Íbúum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og það er nú svo komið að heimilislæknar í Reykjavík eru of fáir og fjöldi fólks hefur ekki skráðan heimilislækni. Við hjá B-listanum í Reykjavík höfum lýst

vilja til þess að borgin taki yfir rekstur heilsugæslunnar með þjónustusamningi við heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið og þessi nærþjónusta við borgarana verði bætt í framhaldinu.

Hvaða þýðingu hefur það að hafa ekki heimilislækni? Sérhæfing heimilislækna nýtist best þegar þeir fylgja skjólstæðingum sínum eftir jafnvel í áratugi og þekkja hagi þeirra jafnt líkamlega sem persónulega. Þessi þekking er mikilvæg til þess að greina sjúkdóma snemma og viðhalda heilbrigði. Með hliðsjón af þessu má segja að þeir sem ekki eiga þess kost að hafa skráðan heimilislækni njóti ekki bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Það er

gjarnan sagt að heilsugæslan sé einn af hornsteinum góðs heilbrigðiskerfis því þar fer fram ákvarðanatáka um nýtingu á úrræðum til frekari greiningar og meðferðar vandamála. Önnur lönd sem við viljum gjarnan bera okkur saman við hafa því af augljósum heilsuhagfræðilegum ástæðum sett það í forgang að styrkja heilsugæsluna.

Í Reykjavík búa nú tæplega 116.000 manns. Samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslunni í Reykjavík eru 60 starfandi heimilislæknar í Reykjavík að meðtöldum þeim sem starfa utan heilsugæslustöðva á verktaka samningum. Almennt er talið að efri mörk þess fjölda sem einn

heimilislæknir geti haft á sinni könnu sé um 1.500 manns, Norðmenn miða við 1.200. Sé farið varlega og miðað við 1.500 manns má segja að heimilislæknar sem nú eru starfandi geti sinnt 90.000 manns. Eftir stendur því þörf fyrir 26.000 Reykvíkinga, sem rúmlega 17 stöðugildi þarf til að annast. Þessi útreikningur gefur okkur mynd af því hvað vantar upp á til þess að þjónusta heilsugæslunnar sé viðunandi. Í þessu sambandi er rétt að líta einnig til þess að heilsugæslan er miðlægur þáttur í ýmiss konar forvarnarstarfi og einnig í öldrunarþjónustu ef vel á að vera.

B-listinn hefur vilja til að leysa þennan vanda á næsta kjörtíma-

bili og til þess þarf að bæta við 20 stöðum heimilislækna til að mæta fyrirséðri íbúafjölgun á viðunandi hátt. Færa má rök fyrir því að enn betur þyrfti að gera, en það að ná lágmarksmönnun er mikill áfangi. Til að ná þessari fjölgun viljum við meðal annars líta til þjónustusamninga við verktaka eins og hefur þegar gefið góða raun víða í heilbrigðiskerfinu. Nýliðun heimilislækna er góð um þessar mundir samkvæmt upplýsingum frá Félagi íslenskra heimilislækna og því er ekki eftir neinu að biða að leysa þennan vanda, um það snúast athafnastjórnsmál.

Höfundur skipar 5. sætið á B-listanum í Reykjavík.

## Það besta fyrir Kópavog

UMRÆÐAN  
FJÖLSKYLDUMÁL



GRÓA ÁSGEIRSDÓTTIR  
VERKEFNA- OG VEFSTJÓRI

Hagur fjölskyldunnar er sá málaflokkur sem Sjálfstæðisflokkurinn í Kópavogi leggur mikla áherslu á í stefnuskrá sinni fyrir komandi kosningar. Stefnan er að gera enn betur í fjölskyldumálum á næsta kjörtímabili og bjóða alltaf það besta fyrir fjölskylduna.

Í þessum málum er það meðal annars markmið sjálfstæðismanna í Kópavogi að það verði ódýrast fyrir fjölskyldur að búa í Kópavogi. Leikskólagjöld hafa nú þegar verið lækkuð og margt er á stefnuskránni sem miðar að því að hagkvæmast og best verði fyrir barnafjölskyldur að búa í Kópavogi. Börn og unglíngar frá 5-16 ára fá styrk vegna íþróttaskólaskólunnar, samstarfsskóla og íþrótt- og æskulýðsfélaga verður aukið og stefnt er að lækkun fasteignagjalda. Þetta er einungis sýnishorn af stefnu flokksins í fjölskyldumálum næsta kjörtímabil.

Málefni leikskóla, grunnskóla og eldri borgara sem og forvarnir og íþróttir eru allt mikilvæg atriði fyrir fjölskylduna. Þeim er öllum gerð góð skil í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi sem lesa má á [www.xdkop.is](http://www.xdkop.is). Það liggur alveg ljóst fyrir hvað gert verður í þessum málaflokkum. Einnig blasir við að traust fjármálastaða Kópavogsbæjar þýðir að þessi markmið stefnuskrárinnar munu nást.

Skýr markmið einkenna stefnu sjálfstæðismanna í Kópavogi. Þessi markmið eru raunsæ en ekki yfirborðslegar yfirlýsingar um eitthvað sem ekki verður hægt að standa við. Stefnuskráin er mjög ítarleg og staðið verður við gefin loforð.

Höfundur skipar 8. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi.

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á [visir.is](http://visir.is). Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

**Fiasta Blue Ember**  
59.900 kr.

**Fiasta Gusto Cabinett**  
23.900 kr.

**Fiasta Gusto 38040**  
13.900 kr.

GRILLIÐ SENT HEIM\*  
BIRTIL OG  
SAMANSETT OG

**Grillaðu í kvöld!**  
Hjá ESSO fæst úrval gasgrilla á sjóðheitu verði. Þú getur fengið grillið sent heim án endurgjalds, samansett og tilbúið til notkunar. Auðveldara getur það ekki verið. Grillaðu með ESSO í sumar!

ESSO

\*Boðið er upp á heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.





opið: virka daga 10-18, laugardaga 11-16





# Afmælisvika! 2ja ára

15. maí til 20. maí bjóðum við

**10% - 40%** afmælisafslátt!

Ath! Aðeins þessa einu viku.

Verið velkomin!

h e i m a  
húsgagnaverslun

suðurlandsbraut 48 - 108 reykjavík - 568 4242



FRANK SINATRA (1915-1998),  
LÉST PENNAN DAG.

„Rokk og ról er hrotta-  
legasta, ljótasta,  
örvæntingaryfillsta og  
grimmasta tjáningar-  
mynd sem ég hef verið  
ðheppinn að heyra.“

Bandaríski söngvarinn Frank  
Sinatra hafði ómæld áhrif á  
margan manninn.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST > 14. MAÍ 1948

### Ísraelsríki er formlega stofnað

Pennan dag árið 1948 lýsti Ísrael yfir formlegri stofnun ríkisins. Sjálfstæði Ísrael var í kjölfarið viðurkennt af Bandaríkjunum, Sovétríkjunum og fleiri löndum heimsins. Við stofnun Ísraelsríkis var það töluvert minna en það er í dag og munaði þar hvað mestu um landsvæðið sem kennt er við Vesturbakkann og tilheyrði Transjórdan.

Aðdragandi stofnunarinnar var langur en þar vó þó hvað þyngst samþykki allsherjarþings Samein-  
uðu þjóðanna um að skipta landsvæðinu Palestínu, sem stjórnað hafði verið af Bretum, milli gyðinga og araba. Arabarnir voru þó alls ekki sáttir við þessa tilhögun og mótmæltu stofnun Ísraelsríkis. Egypta-



DAVID BEN-GURION, FYRSTI FORSÆTISRÁÐHERRA ÍSRAELS, LES SJÁLFSTÆÐISYFIRLÝSINGU.

land, Írak, Líbanon, Sýrland og Transjórdanía lýstu öll yfir stríði á hendur Ísrael í kjölfar stofnunarinnar en þrátt fyrir að arabísku hersveitirnar hafi verið miklu fjölmennari en þær ísraelsku tókst ríkjum fimm ekki að ná yfirhöndinni í stríðinu og skrifuðu allir aðilar undir vopnahlé í júlí árið eftir.

Mikill flóttamanna-  
straumur var frá því svæði sem taldist til Ísraels og neyddust hundruðir þús-  
unda araba til að flýja þaðan og setjast að í flóttamannabúðum í nærliggjandi ríkjum. Ísrael hefur alla tíð hafnað því að þetta fólk fái að flytjast aftur til síns heima og búa flóttamennirnir frá 1948 margir hverjir enn í búðunum ásamt afkomendum sínum.

## MERKISATBURÐIR

- 1811 Paragvæ fær sjálfstæði frá Spáni.
- 1922 Fimm skip farast og með þeim 44 sjómenn í aftakaveðri við Vestur- og Norðurland.
- 1939 Lina Medina eignast son einungis fimm ára að aldri og verður þar með yngsta móðir sem vitað er um í heiminum.
- 1955 Varsjársmningurinn er undirritaður.
- 1973 Fyrsta bandaríska geimstöðin Skylab er send á sporbaug.
- 1998 Jóhanna Sigurðardóttir talar samfellt í fimm og hálf klukkustund á Alþingi.
- 2000 Rúta með fjörtíu eldri borgurum veltur í Hvalfirði.
- 2004 Friðrik krónprins Dana giftist Mary Donaldson í Kaupmannahöfn.

## ANNA HEIÐA PÁLSDÓTTIR BÓKMENNTAFRÆÐINGUR: FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI

# Ný barnabók í burðarliðnum

Anna Heiða Pálsdóttir starfar sem skrifstofustjóri hjá Alcoa en hún sinnir einnig kennarastarfi í bókmenntafræðum við Háskóla Íslands og vinnur sem þýðandi, rithöfundur og fræðimaður. Árið 1997 skrifaði þessi fjölhæfa kona barnabókina Galdrastafur og Græn augu. Aðspurð hvort von sé á annarri barnabók kveðst hún hafa lofað að gefa út aðra fyrir fimmtugt en nú þegar sú stund sé runnin upp sé ekki annað að gera en lofa henni fyrir sextugt. „Ég er þó byrjuð að skrifa hana svo það kann vel að fara svo að ég ljúki henni fyrr.“

Anna segir það fara vel saman að vinna hjá Alcoa og að vera bókmenntafræðingur,“ fyrirtækið hvetur starfsmenn sína dyggilega til að taka þátt í starfsemi frjálsra félagsamtaka og ég sinni því af fullum krafti. Ég er til að mynda félagi í IBBY sem eru alþjóðleg félagsamtök fyrir unga bókaunnendur. Alcoa styrkir þau samtök sem starfsmenn þeirra vinna fyrir eða því sem samsvarar fimmtíu vinnustundum á ári. Þetta er frábært framlag,“ bætir Anna við.

Anna Heiða mun gera sér glaðan dag og fagna afmælinu ásamt hundrad gestum í Rafveituhéimilinu við Elliðaárdal. „Þetta verður vonandi æðislega fínt. Ég mun bjóða upp á heitt og kalt hlaðborð, hljómsveit verður á staðnum og svo pantaði ég auðvitað sólskin og blíðu,“ undirstrikar Anna.

„Ég hélt jafnframt upp á þrítugsafmælið mitt á sama stað fyrir tuttugu árum síðan. Ég hugsa að það hafi verið eftirminnilegasti afmælisdagurinn minn. Mér fannst ég hafa náð hátindi hamingjunnar, ég var búin að eignast dásamlegan eiginmann, Hilmar Ævar og yndislega stelpu, Sísi, og var umkringd ástkærum vinum og ættingjum. Nú hef ég séð að það er ekki hamingjan að eignast eiginmann, heldur að halda honum og ástinni lifandi í öll þessi ár. Og svo fékk ég strákinn minn tveimur árum síðar, Hilmar Ævar yngri sem fullkomnaði allt saman.“

### GERIR SÉR GLAÐAN DAG

Anna Heiða Pálsdóttir bókmenntafræðingur fagnar fimmtugsafmælinu með hundrad gestum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓK



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför

### Dags Hannessonar

járnsmíðs.

Sigurður Dagsson  
Bjarki Sigurðsson  
Dagur Sigurðsson  
Lárus Sigurðsson  
og barnabarnabörn.

Ragnheiður Lárusdóttir  
Ingibjörg Pálmadóttir  
Heba Brandsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

### Gissur Eliasson

hljóðfærasmíðameistari, Laufásvegi 18, Reykjavík,

lést á LHS í Fossvogi, að morgni 7. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Frikirkjunni Reykjavík þriðjudaginn 16. maí kl. 13.00.

Eliás Ragnar Gissurarson  
Þórdís Gissurardóttir  
Hákon Örn Gissurarson  
Hjördís Gissurardóttir  
Magnús Þórarinn Gissurarson  
Ásdís Gissurardóttir  
afabörn og langafabörn.

Vera Snæhólm  
Sverrir Þórólfsón  
Valdís Kristinsdóttir  
Geir Gunnar Geirsson  
Anna Ágústa Hauksdóttir  
Ragnar Th. Sigurðsson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu

### Guðríðar Björnsdóttur

Mýrarvegi 115, Akureyri.

Jónas Kristjánsson  
Arnfríður Jónasdóttir  
Kristján Jónasson  
Ester Jónasdóttir  
Bryndís, Rakel, Karen, Jónas Atli, Pálmi og Axel Birkir.

Vilhjálmur Hallgrímsson  
Sigríður Rut Pálsdóttir  
Þórður Ármannsson


## LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAÍK**  
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



### Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta  
Símar: 567 9110,  
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.  
Stofnað 1990

## Elsti íbúi Hafnarfjarðar 104 ára

Elsti íbúi Hafnarfjarðar, Kristín Guðmundsdóttir, varð 104 ára þann 11. maí. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri heimsótti Kristínu í tilefni dagsins og færði henni blóm.

Kristín hefur alla tíð verið heilsuhaus, heyrn er farin að daprast en hún hefur enn mjög góða sjón. Hún klæðist alla daga og situr í hjólastól, spjallar við starfsfólk og gesti og les blöðin. Hún er fædd í Byrgisvík, Strandasýslu hinn 11. maí árið 1902. Foreldrar hennar voru Guðmundur Jónsson, bóndi og Sigríður Ingimundardóttir, húsmóðir. Hún flutti til Hafnarfjarðar árið 1958.

Kristín var gift Viggó Guðmundssyni og áttu þau fjögur börn og eru tvær dætur enn á lífi.

Kristín stundaði heimilistörf og ýmis verkamannastörf. Hún var mikil handavinnukona, saumaði, þrjónaði og heklaði mikið og enn þann dag í dag tekur hún í þrjónana. Hún er trúuð og hlustar mikið á sálma og íslensk ættjarðarlög auk þess sem hún tekur lagið sjálf. Kristín dvelur nú á Sólvangi en þangað kom hún árið 2002, hundrad ára að aldri.

**SAMGLADDIST AFMÆLISBARNINU**  
Lúðvík Geirsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar heimsótti Kristínu á 104 afmælisdegi hennar.





# Del Monte dagar

*gerðu betri kaup*

*Nú eru Del Monte dagar í öllum verslunum Nettó. Mikið úrval af gæða vörum frá Del Monte á sérstöku tilboðsverði.*



allt í matinn á einum stað

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



**Halldór Ásgrímsson** tekur inn á sig að fylgi Framsóknarflokksins hefur minnkað. Hann lætur það samt ekki á sig fá og segir flokk sinn í sókn. Íslenskt samfélag væri ekki jafn öflugt í dag ef ekki hefðu verið teknar erfðar ákvarðanir. Hann er tilbúinn að mæta örlögum sínum í næstu kosningum. „Og ég mun gera það sáttur því ég tel að ég hafi unnið vel og vandað mig í mínum störfum. Ég kvíði engu,“ segir forsætisráðherra í viðtali við *Björgvin Guðmundsson*.

Á skrifborði Halldórs Ásgrímssonar í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu liggur Biblía með áletruðu nafni hans og dagsetningunni 15. september 2004. Það er dagurinn sem Halldór tók við forystu í ríkisstjórn Íslands. Síðan hefur forsætisráðherra mætt miklum pólitískum mótvindi. Framsóknarflokkurinn virðist ekki njóta verka þingmanna sinna í almennum umræðum og auknu fylgi.


*Hefurðu skýringu á þessu?*

„Það er greinilegt að við erum fyrir mörgum. Ef ég lít til baka til 1994 þegar ég tók við forystu í Framsóknarflokki þá tel ég okkur hafa tekist að skapa hér gjörbreytt þjóðfélag, sem hefur allt aðra möguleika en það hafði fyrr. Ég er stoltur af því. Við höfum hins vegar ekkert hikað við að taka umdeildar ákvarðanir. Mér finnst nú þegar menn kafa ofan í þessi mál, til dæmis í aðdraganda síðustu kosninga þegar Framsóknarflokkurinn mældist mjög lágt í skoðanakönnunum, komu margir fram sem sögðu að það mætti ekki missa þetta afl úr forystu í samfélaginu. Og mér finnst við vera að upplifa það þessa daga fyrir sveitastjórnarkosningarnar í Reykjavík; þá hugsa margir um það með óhug ef Framsóknarflokkurinn verður þar ekki innanborðs. Ekki síst vegna þess að flokkurinn var brimbrjótur í R-lista samstarfinu.“

#### Gerum stundum mistök

*Hvernig þá?*

„Tökum sem dæmi fyrirtæki eins og Orkuveitu Reykjavíkur. Það er fyrirtæki sem er líklega meira virði en Landsvirkjun í dag. Ég veit ekki betur en að allir hafi lagt á það mikla áherslu að gagnrýna þá uppbyggingu. Meðal annars samstarfsflokkar Framsóknarflokksins í Reykjavík. Ég hef oft heyrt það. Við erum ekki mikið í þessum umræðustjórnárum, við erum meira athafnastjórnárum. En það brýtur vissulega meira á okkur vegna þess. Það er þægilegra að



# Tilbúinn að mæta örlögum sínum

vera í einhverju snakki árum saman og tala um flugvöll hér annan daginn og þar hinn daginn og einbreiðan veg einn daginn og tvíbreiðan hinn daginn og steypa sér svo niður í göng. Það er hægt að vera í þessu svo árum skiptir. En það verða engar framfarir þannig. En vissulega, þegar við göngum í hlutina, þá gerum við stundum mistök. Maður gerir ekki alltaf allt rétt.“

*Var rétt að fara í R-lista samstarfið?*

„Sjálf sagt hefur það verið rétt á sínum tíma. Ég tel að margt gott hafi komið út úr því. Hins vegar er ekki hægt að neita því að Framsóknarflokkurinn hefur oft verið í skugga þess samstarfs. Traustið úr því samstarfi fór þegar þáverandi borgarstjóri ákvað að ganga til liðs við Samfylkinguna.“

*Tekur þú minnkandi fylgi flokksins persónulega inn á þig?*

„Ég geri það. Mér finnst það oft erfitt, en ég læt það ekkert á mig fá. Ég hef alltaf reynt að hugsa um það hvort ég sé að gera rétt. Og hvort að þær ákvarðanir sem ég er að taka séu til gagns fyrir íslenskt samfélag. Ég tel að það sé skylda mín að taka þannig á málum. Ég held að við hefðum aldrei komið íslensku samfélagi á þann stað, sem það er í dag, án þess að við hefðum gert eitthvað svipað og við höfum gert á undanföllum tíu árum. Það

hefur enginn sýnt fram á það, að menn hefðu getað gert það betur.“

#### Leiðir kosningabaráttuna

*Munt þú leiða Framsóknarflokkinn í næstu Alþingiskosningum?*

„Já, það er það sem ég ætla mér.“

*Og næsta kjörtímabil?*

„Það er nóg að mínu mati að hugsa til næstu kosninga. Svo verða menn að taka ákvarðanir í kjölfar þess. Ég er búinn að vera í þessu í rúm þrjátíu ár. Oft hefur mér verið spáð ýmsu slæmu. En ég er búinn að vera í þessu allan þennan tíma og alltaf tilbúinn að mæta mínum örlögum. Og ég mun gera það sáttur því ég tel að ég hafi unnið vel og vandað mig í mínum störfum. Ég kvíði engu.“

*Ad hverju munt þú snúa þér þegar þú hættir?*

„Ég hef alltaf haft nóg að gera. Ég hef sem betur fer verið svo heppinn að vera eftirsóttur til vinnu. Hef aldrei þurft að hafa mikið fyrir því. Ég get lofað því að ég mun ekki troða mér í eitthvert starf sem enginn vill hafa mig í.“

*Eigið þið erfitt með að standa á ykkur málum vegna minni stuðnings?*

„Það hefur enginn áhuga á átökum. Það er miklu skemmtilegra að vinna að málum í samstöðu. Sum mál eru samt þannig að þú þarft að ganga í gegnum ákveðið ferli þangað til þau verða viðurkennd. Ég tel að smátt og smátt verða þessi mál viðurkennd.“

Það er miklu meiri sátt að mínu mati um sjávarútvegsstefnuna en

var, sem er dæmi um gífurlegar breytingar. Menn segja að það sé ekki nógu góð sátt um uppbyggingu í virkjana- og stóriðjumálum. Ég er þeirrar skoðunar að þegar þetta er búið fyrir austan þá verði mjög góð sátt um það. Stjórnmalaflokkur sem er ekki tilbúinn til að láta brjóta á sér er einskis virði.“

*Upplifir þú Framsóknarflokkinn þá í sókn eða vörn?*

„Mér finnst við vera í sókn í samfélaginu.“

#### Sveitarstjórnir gái að sér

Hagfræðingar hafa lagt áherslu á að ríkið sýni aðhald í þeirri spennu sem hefur einkennt íslenskt efnahagslíf. Kosningabaráttan fyrir sveitastjórnarkosningar hefur hins vegar snúist meira og minna um loforð um aukin útgjöld.

*Eykur þetta ekki hættu á frekari þenslu?*

„Það er alltaf hættu á því. Það er eðlilegt að stjórnmalamenn setji sér markmið og vilji hafa sýn inn í framtíðina, en það er enginn vafi á því að sveitarfélögin þurfa að gá að sér. Það verður hlutskipti sveitastjórnarmanna eftir kosningar að fara vel yfir fjárhag sveitarfélaganna.“

Nú hefur verið mikil kaupmáttaraukning á undanföllum árum. Ég finn að það eru sums staðar hugmyndir og kröfur um frekari launabreytingar. Í því sambandi skiptir máli að það verði raunveruleg kaupmáttaraukning sem valdi ekki verðbólgu. Ég tel að við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg

fyrir víxlverkun launahækkana og verðbólgu. Við þekkjum það af gamalli reynslu að það fer verst með þá sem minnst hafa og þá sem eru skuldugastir.“

#### Lækka skatta á næsta ári

*Eru átök á vinnumarkaðnum framundan?*

„Ástandið á vinnumarkaðnum er gott að því leyti að næg atvinna er og eftirspurn eftir vinnuafli. Það er almennur áhugi fyrir því, og ég tek undir hann, að hækka kjör þeirra sem hafa lægstu launin. Það er hins vegar alltaf mikil hættu á því að það fari upp allan launastiginn. Við tókum eftir því í sambandi við leikskólana. Þá var hækkun hjá ófaglærðu fólki. Síðar kom í ljós að í einhverjum tilvikum höfðu ófaglærðir hærra laun en réttindafólki. Þá kallar það á nýjar kröfur. Reynslan kennir okkur það að þetta er vandasamt.“

Ég er þeirrar skoðunar að það sé heppilegast á næsta ári að kaupmáttaraukning verði með skattalækkunum en ekki með launabreytingum.“

*Á þá að lækka skatta á matvöru?*

„Menn hafa verið að líta á alla hluti í matvælavæðinu. Bæði skattlagninguna, tollana og samkeppnina. Í sumum tilvikum verða tollar til þess að matvæla-verð er herra en annars væri. Skattlagning, eins og virðisaukaskattur og vörugjöld, hafa spilað þar inn í. Við í ríkisstjórninni höfum lagt ofuráherslu á leiðréttingu á vörugjöldunum, sem við

**SKATTALÆKKUN EYKUR KAUPMÁTT**  
„Ég er þeirrar skoðunar að það sé heppilegast á næsta ári að kaupmáttaraukning verði með skattalækkunum en ekki með launabreytingum.“





**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Hins vegar hafa mál þróast með þeim hætti frá þeim tíma, meðal annars gengi krónunnar, að ég tel að Seðlabankinn hafi ekki átt annan kost en að hækka vextina síðast. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þessar vaxtahækkningar Seðlabankans hafi litla þýðingu eftir að vextirnir eru orðnir svona háir,“ segir Halldór.

teljum að séu orðin algjörlega úrelt. Og við höfum séð að það getur haft mjög jákvæð áhrif að fella þau niður.“

*Telur þú of litla samkeppni á matvörumarkaðnum hér á landi?*

„Það kemur í ljós að í sumum tilvikum er verð á ákveðnum vörum miklu hærra hér á landi en annars staðar. Og maður sér að skattlagning hefur ekki þau áhrif. Ástæðan hlýtur að vera sú að það sé verið að taka meiri álagningu hér á landi en í nágrannalöndunum.“

#### Vaxtahækkun hefur litla þýðingu

*Þú fagnaðir því að Seðlabankinn hækkaði ekki vexti meira á sínum tíma. Voru það mistök að kalla þetta stefnubreytingu?*

„Ég upplifði það þannig. Hins vegar hafa mál þróast með þeim hætti frá þeim tíma, meðal annars gengi krónunnar, að ég tel að Seðlabankinn hafi ekki átt annan kost en að hækka vextina síðast. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þessar vaxtahækkningar Seðlabankans hafi litla þýðingu eftir að vextirnir eru orðnir svona háir. Þar hafa aðrir þættir skipt meira máli. Sérstaklega kaupin á krónubréfunum. Á undanförunum misserum hafa erlendir aðilar keypt íslensk skuldabréf fyrir meira en tvö hundruð milljarða íslenskra króna. Það hefur haft mikil áhrif á gengið. En við sáum að þrátt fyrir mjög háa vexti lét gengið undan. Við þessar aðstæður hef ég ekki trú á því að stýrivaxtahækkningar hafi mikið að segja. Aðalatriðið er að Seðlabankinn sé trúverðugur. Þeir eru sjálfstæðir og taka sínar eigin ákvarðanir.“

*Eru stýrivextirnir þá orðnir nógu háir?*

„Ég tel að það þjóni ekki tilgangi að hækka þá frekar.“

#### Álver verða átakamál

*Verða virkjana og álversmál átakamál í næstu kosningum?*

„Sjálfsagt verða þau það. Það er ósköp eðlilegt að fyrirtæki eins og álverið í Straumsvík vilji þróast. Og að fólk á Norðurlandi hafi áhuga á að byggja upp öflugan atvinnuvegi í sínum héruðum. Mér finnst það líka eðlilegt að fólk í Reykjanesbæ vilji sjá eitthvað koma í staðinn fyrir fleiri hundruð manna vinnustað, sem verið er að leggja niður. Þetta er ekki ákveðið af einum stjórnvaldaflokki. Það er fólk úr öllum flokkum á þessum stöðum, en hins vegar tala sumir flokkar allt öðru vísi í Reykjavík en á viðkomandi stöðum. Þeim finnst það henta en mér finnst að menn eigi ekki að komast upp með það. Við Framsóknarmenn höfum alltaf talað eins í þessu máli og erum stoltir af því sem við erum að gera.“

*En varnarmálin. Hvenær býstu við að niðurstaða náist?*

„Það veit ég ekki, við vitum í raun aðeins að Bandaríkjamenn verða farnir með allt sitt í lok september.“

*Gerir þú þér grein fyrir hver hugsanleg niðurstaða verður?*

„Nei, ég átta mig ekki á því. Við erum þeirrar skoðunar að hér þurfi að vera loftvarnir. Það hefur verið talið best að hafa flugvélar staðsettar hér á landi. Ég tel að það sé hægt að finna aðrar lausnir og við munum setja fram hugmyndir um það. Síðan liggur fyrir að framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins kemur hingað til lands til viðræðna við mig í næsta mánuði.“

#### Nýskipan ráðuneyta nauðsynleg

*Er uppstokkun ráðuneyta í auglýsingu?*

„Við erum að vinna í því. Það eru að mótast tillögur sem ég vona að liggi fyrir í sumar. Eftir því sem við köfum meira ofan í það sjáum við nauðsyn þess að gera breytingar. Ég held að það sé mikilvægt að það liggi fyrir mótaðar hugmyndir um það í kringum næstu kosningar.“

*Er sátt um breytingar?*

„Það verður að koma í ljós þegar við kynnum þetta. Það er þá eitthvað sem flokkarnir geta tekið til umræðu. Þetta er eitthvað sem mun gerast í kringum myndun ríkisstjórnar. Ég ætla mér því að leggja fram þessar hugmyndir fyrir Alþingiskosningarnar.“

*Nú er eitt ár til kosninga til Alþingis. Heldur þú að það náist samstaða um endurskoðun stjórnarskrárinnar?*

„Ég vil ekki útiloka það en ég hef þær fréttir að það líti ekki nógu vel út. Ég tel nauðsynlegt að það náist sátt á milli flokkanna um þessi mál. Hvort það tekst fyrir næstu Alþingiskosningar get ég ekki sagt um á þessu stigi.“

*Eitthvað ákveðið sem þú vilt sérstaklega ná sátt um?*

„Það er mjög mikilvægt að leysa þessi mál sem varða þjóðar- atkvæðagreiðslur og beina aðkomu fólksins að málum. Ég er þeirrar skoðunar að við eignum að gera það. Það er hins vegar vandmeðfarið að móta reglur í kringum það. Stjórnarskrárnefndin er að vinna mikið starf í því núna. Það er viðkvæmasta málið í þessu.“

#### Ekki sáttur við RÚV

*Telurðu mikilvægt að ríkið reki ljósvakamiðil?*

„Við núverandi aðstæður er ég þeirrar skoðunar að ríkið eigi að reka ljósvakamiðil. Ég vil útskýra það með því að Ríkisútvarpið hafi

ákveðnar skyldur umfram aðra. Aðallega þá í menningarlegu tilliti og upplýsinga- og menntunarskyldu. Hvernig Ríkisútvarpið rækir það er annað mál. Ég get alveg viðurkennt að RÚV hefur ekki gert það nógu vel. Það þarf að gera ríkar kröfur til slíks fjölmiðils, sem hefur mikið forskot á aðra. Eins er nauðsynlegt að það sé tryggt að umfjöllun þar sé vönduð og hlutlaus.“

Ég hef nú ekki alltaf verið sáttur við Ríkisútvarpið. Af því að þú nefndir hér virkjanamál á Austurlandi þá sé ég ekki betur en að Ríkisútvarpið hafi verið í ákveðinni krossferð gegn því máli um langa hríð þó að það hafi kannski ekki verið ætlun þeirra. Mér finnst að ekki hafi verið nægilega gætt að því að öll sjónarmið kæmust að.

*„Ég hef alltaf reynt að hugsa um það hvort ég sé að gera rétt. Og hvort þær ákvarðanir sem ég er að taka séu til gagns fyrir íslenskt samfélag. Ég tel það skyldu mína að taka þannig á málum.“*

Það er mín skoðun en þeir munu sjálfsagt mótmæla því.“

*En fjölmiðlalögin?*

„Að því er varðar fjölmiðlalögin þá var farið af stað með það mál í því skyni að skapa fulla samstöðu milli stjórnvaldaflokkanna. Þar var nefnd sem skilaði álitum sem formaður Samfylkingarinnar sat meðal annarra í. Ég sé ekki betur en að Samfylkingin sé núna á harðahlaupum frá því máli. Ég vil ekki afgreiða það mál í ágreiningi. Við þurfum að taka okkur góðan tíma í því. Það er ekkert sem kallar á skjóta niðurstöðu. Meira um vert að það verði vandað.“

*Telur þú að fjölmiðlar séu með einhverjum hætti misnotaðir?*

„Hvað er að misnota? Fjölmiðlum er beitt til að koma ákveðnum sjónarmiðum á framfæri. Það liggur alveg fyrir að þeim er beitt í þeim tilgangi. Hvort að það er misnotkun er í sjálfu sér túlkunatriði. Maður sér fjölmiðla oft berjast fyrir ákveðnum sjónarmiðum sem eru umdeild. Ég nefndi hér eitt ádan og vafalaust er hægt að nefna fleiri.“

#### Ákvæði um eignarhald ekki heilög

*Nú verður RÚV eftir í samkeppnisrekstri og undanþegið takmörkunum á eignarhaldi sem munu gilda um fjölmiðla. Stenst það?*

„Fyrir mér eru þessi ákvæði um eignarhald á fjölmiðlum, sem sett eru fram í fjölmiðlafrumvarpinu, alls ekki heilög. Ég tel að það þurfi að fara vel yfir það. Að velja RÚV hlutafélagsform skiptir ekki megin máli. Hlutafélagsformið er fyrst og fremst hagstætt form því það er búið að þróa það vel. Nú er búið að setja sérstakar reglur um hlutafélög í eigu ríkisins. Ríkisútvarpið gæti verið jafn gott eða slæmt hvort sem það er hlutafélag, sameignarfélag, sjálfseignarstofnun eða venjuleg ríkisstofnun. Menn hafa talið að það sé mjög hagstætt stjórnunarlega að nýta sér þetta þróaða form og það er verið að gera það. En það er algjörlega rangt, sem sumir hafa haldið fram, að þar með sé verið að taka skref í átt til sölu á fyrirtækinu.“



**HALLDÓR MEÐ BARNABARNI SÍNU** „Ég hef alltaf haft nóg að gera. Ég hef sem betur fer verið svo heppinn að vera eftirsóttur til vinnu. Hef aldrei þurft að hafa mikið fyrir því. Ég get lofað því að ég mun ekki troða mér í eitthvert starf sem enginn vill hafa mig í.“



Ársgömul stúlka liggur mikið veik á barnaspítala Hringins. Foreldrar stúlkunnar, sem þarf sólarhringsumönnun, þurfa að gæta hennar á nóttunni því ekki er nægt starfsfólk á spítalanum. Þau fá því lítinn svefn og litla hvíld. Kompás ræðir við foreldrana um reynslu þeirra af vistinni á spítalanum og kröfu þeirra um breytingar á ástandinu.

Í síðari hluta þáttarins höldum við áfram að fylgjast með morfíníklunum Jóa og Guggu. Þau fóru í meðferð í Byrginu fyrir tveimur vikum síðan, hvar eru þau nú og hvernig gengur?

## NEYÐARÁSTAND Á BARNASPÍTALANUM OG MORFÍNÍKLARNIR JÓI OG GUGGA

KOMPÁS á NFS og Stöð 2 í kvöld kl. 19:10 í opinni dagskrá







Í KOLONAKIHERFI Í APENU Einar sjö hæðir eru í borginni og er Kolonakihverfið byggt á einni þeirra. Í bakgrunni sést Parþenonhófið á einni hæðinni enn, Akropólíshæð.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Apæna, borg nautna og lystisemda

Allra augu munu senn beinast að Apænuborg, vettvangi Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Fréttablaðið bregður því upp mynd af borginni fornfrægu.

Borgin er nefnd eftir samnefndri gyðju sem var gyðja viskunnar og spratt úr höfði Seifs í fullum herklæðum og með spjót í hendi. Gullaldartími borgarinnar var frá 500 til 300 fyrir kristburð. Þá voru Spartverjar höfuðandstæðingar Apæninga en þeir voru þekktir fyrir að vera agaðir, harðir og góðir hermenn. Apæna hafði orð á sér fyrir grósku í list, tækni og heimspeki og manneskjulegri gildi þrífust þar en í Spórtu þar sem mönnum var varpað fyrir bjarg ef líkamlegt atgervi þeirra var ekki upp á marga fiska. Sennilega hefði Sókrates fengið að fljúga fyrir björg en hann gekk um götur Apænu og rökræddi við menn en var síðar dæmdur til dauða fyrir að spilla ungu fólki.

## Stressið og stóíska róin

Fjölmargar byggingar og rústir minna á þessa fornu tíma. Parþenonhófið trónir á Akropólíshæðinni í hjarta borgarinnar. Þar



undir er ys og þys, en umferðin í Apænu verður seint lofuð fyrir skipulag og tillitsemi. Enda þurfa menn að hafa fyrir því að komast áfram. Þó hefur hinn stóíska ró ekki verið úthýst því við rætur Akropólíshæðar er að finna Plakahverfið rómantíska. Þar er fjöldi veitingastaða og gott að tylla sér niður undir berum himni og snæða zouvlaki, sem er kjöt grillað á teini, með hvítvíni sem Grikkir eru rómaðir fyrir. Engir bílar eru í hverfinu til að hrella fólk en gestir skyldu ekki láta sér bregða þótt kettir bíði við borðin eftir að leifum sé gaukað að þeim. Einnig er hægt að fara á fjölda „bouat-stað“ í Plaka en þar er grísk tónlist

**SETIÐ AÐ ZOUVLAKIÁTI Í PLAKA** Fjölmargir veitingastaðir eru í Plakahverfinu. Á þessari mynd má sjá þéttsetinn veitingastað sem eldar zouvlaki ofan í fólk en það er grillað kjöt á teini oftast borið fram með sérstöku brauði og má segja að sé hamborgari Grikkja.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

leikin af fingrum fram og jafnan einhverjir dansandi gestir á gólfinu.

Reyndar geta menn vænst þess víða á veitingastöðum að tónlistarmenn spili á bouzouki, sem er þjóðarhljóðfæri Grikkja, gítar og syngi með fyrir gesti.

**Úr undirheimunum í fínustu hallir** Rík tónlistarhefð er í Grikklandi







**YS OG PYS Í MIÐBORGinni** Miðborgin getur virkað taugatrekkjandi á fólk en þar er umferðarmening sem seint verður lofuð og margir þirraðir í mannmergðinni. Þó er yfirleitt stutt í lífskústnerinn hjá flestum.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

og getur hvert hérað státað af sinni hefð. Í Aþenu er mikið um rembetika tónlist en hún á sér dramatíska sögu. Grikkir sem búið höfðu þar sem nú er vesturströnd Tyrklands voru gerðir brottrækir þaðan í valdatíð Ataturks, stofnanda og fyrsta forseta Lýðveldisins Tyrklands í upphafi síðustu aldar. Þegar þeir komu til hafnar í Aþenu voru þeir í raun útlendingar í sínu heimalandi og urðu fljótt olnbogabörn þjóðfélagsins sem var enn í sárum eftir stríð. Urðu þessi nýju innflytjendur uppistaðan í undirheimum Aþenu og komu jafnan saman á földum samkomustöðum. Þar reyktu þeir hass og neyttu annarra fíkniefna meðan þeir spiluðu á bouzouki og sungu um örlög sín. Þessi tónlist varð fljótlega þekkt sem rembetika og þótti ósömi af henni líkt og öllu því sem fólk tengdi við þetta ógæfufólk. Var það jafnan í jakka með einni ermi enda höfðu menn aðra höndina inni í jakkanum þar sem



**MIKIS THEODORAKIS** Frægasta tónskáld Grikkja gerði mörg rembetikalög en slík tónlist þótti ekki mönnum bjóðandi þegar ógæfufólki var að leika hana og syngja á földum samkomustöðum á fyrri hluta síðustu aldar.

NORDICPHOTOS/AFP

þeir héldu oft á rýtingi ef gera þurfti út um einhver mál. Hafði lögreglan jafnan afskipti af fólkum sem gekk í slíkum jökkum en einnig var bouzouki bannað með lögum enda hafði þetta ógæfufólk hljóðfærið oft meðferðis en eftir lagabreytinguna mátti handtaka hvern þann sem lét sjá sig með það. Seinna varð þessi tónlist sú vinsælasta í landinu og hætti að heyrast í földum hreysum en upphófst á fínustu tónleikastöðum. Nýttu tónskáldin frægu Theodorakis



**Þótt Aþeningar séu margir hverjir taugatrekkir í annríki dagsins halda þeir stöðugt í þá trú að lífið snúist um lystisemdir en ekki aðeins strit.**

.....  
og Hadzidakis sér þessa tónlist lengi vel. Sá fyrrnefndi er meðal annars þekktur fyrir að hafa samið tónlist við myndina Grikkinn Zorba en sá síðarnefndi samdi meðal annars lagið Börnin frá Píreas sem margir Íslendingar hafa eflaust heyrt og leikið.

Það er því af nógu að taka þegar Grikkir þurfa að hrísta eitt eurovision lag fram úr erminni.

#### Borg nautna og lystisemda

Þótt Aþeningar séu margir hverjir taugatrekkir í annríki dagsins halda þeir stöðugt í þá trú að lífið snúist um lystisemdir en ekki aðeins strit. Þess má sjá merki víða um borgina. Í Kolonaki hverfi þar sem keppendur búa á meðan á keppni stendur er ógrynni af finni kaffihúsum sem venjulega eru þéttsetin. En ekki þurfa allir að fara á veitinga- eða kaffihús til að fá sér mat eða drykk því hvar og hvenær sem því má koma við fá menn sér drykk og jafnvel eitt-hvað í gogginn.

Menn sem starfa í miðbænum geta einnig pantað kaffi af nærliggjandi kaffihúsi og er þá þjónninn fljótur á vettvang með kaffiveitingar á sérstökum bakka sem auðvelt er að fara með um mannmergðina. Í sérstökum

**VIÐ HÖFNINA Í PÍREAS** Það er ekki amalegt að sitja við höfnina í Píreas og sötra kaffi eða ouzo og fylgjast með mannlífinu eða horfa út á haf. Þarna eru söguslóðir myndarinnar Aldrei á sunnudögum þar sem Melina Mercuri söng lag Hadzidakis, Börnin frá Píreas, sem margir kannast við.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

tónleikahúsum er hægt að borða, drekka og dansa til morguns meðan tónlistarmenn leika af fingrum fram tónlist sem mörgum Grikkjum þykir minna fullmikið á tengsl landsins við Tyrkland. Enda er þar dansaður magadans af mikilli list og blómum hent yfir gesti.

Nú eru einnig baðstrendurnar opnar og þar eru sölumenn iðulega með ýmsar veitingar en þó er engu síðra að sitja við höfnina í Píreas og sötra kaffi eða ouzo meðan horft er út á Eyjahafið.

jse@frettabladid.is

## TÍMI TIL AÐ NJÓTA

Reykjavíkurborg á að líta á það sem eitt sinna verðugustu verkefna að tryggja að þeir sem eldri eru geti notið alls hins besta og haft raunverulegt val um eigin búsetu, aðstöðu og umhverfi. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík ætlar að beita sér fyrir því að á næsta kjörtímabili verði gjörbreyting á þjónustu Reykjavíkurborgar við eldri borgara.

Við sjálfstæðismenn munum

- » gera eldri borgurum kleift að búa á eigin heimili svo lengi sem þeir kjósa og efla og samræma heimaþjónustu og heimahjúkrun
- » auka val og fjölbreytni í húsnæði fyrir eldri borgara við skipulag nýrra hverfa í borginni
- » lækka fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði
- » tryggja að til verði fjölbreytt sameiginlegt búsetuform hjúkrunar-, þjónustu- og leiguíbúða ásamt almennum íbúðum til þess að vinna gegn félagslegri einangrun eldri borgara
- » gera stóráttak í byggingu hjúkrunarheimila í samvinnu við ríkið og byggja 200 þjónustu- og leiguíbúðir fyrir eldri borgara

Þetta er allt á valdi Reykjavíkurborgar að framkvæma. Það er kominn tími til að hætta ásökunum og upphrópunum. Við skulum frekar taka höndum saman um lausn í málefnum eldri borgara.

Stefna Sjálfstæðisflokksins í málefnum eldri borgara og önnur stefnumál á betriborg.is



SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN



# Uglaan fagnar 20 ára starfsafmæli!



Uglaan er í miklu afmælisskapi á þessu ári því nú eru liðin 20 ár frá því fyrsti kiljupakkinn var sendur til klúbbfélaga. Á þessum tímamótum vill klúbburinn bjóða nýjum félögum að **velja þrjár nýjar kiljur á sama verði og þær kostuðu í klúbbnum fyrir 20 árum, eða á aðeins 165 kr. hverja!** Ef þú bregst skjótt við og svarar innan 10 daga færðu að auki vandað útvarp að gjöf!

## Veldu þrjár kiljur á aðeins **165** kr. hverja!\*

PHOTO: HANSEN / SPA



1

### Bátur með segli og allt

Gerður Kristný hlaut bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness 2004 fyrir þessa skáldsögu. Bókin fjallar um Oddfríði sem er óráðin stúlka á þritugsaldri sem fær tækifæri til að gerast blaðamaður. Ritstjóri dagblaðs vill fá hana til að ráða sig hjá samkeppnisaðilanum og komast að því hvað þar er í gangi.



2

### Kvenspæjarastofa nr. 1

Kvenspæjarastofa nr. 1 er fyrsta bókin um Precious Ramotswe, slyngasta kvenspæjara í Botsvana og jafnvel þótt víðar væri leitað um gjörvalla Afríku. Precious þarf að takast á við snúin mál í starfi og einkalífi.



3

### Bítlaávarpið

Í þessari stórskemmtilegu og margslungnu sögu heldur rokk-tónlistin innreið sína í veruleika íslenskra skólabarna á sjöunda áratugnum – og byltir lífi þeirra ... Tónlistin leysir margt úr læðingi og ásamt öðru máttugu afli, ástinni, vekur hún unglíngana til nýrrar vitundar um sjálfa sig og aðra.



4

### Barnaleikir


Fyrir marga er það eðlilegasti hlutur í heimi að eignast barn og jafnframt helgasti tilgangur lífsins. En lífið er ekki svo einfalt og Móðir náttúra getur verið bæði miskunnarlaus og óréttlát, eins og fram kemur í þessari metsöluþók um drauma og veruleika þriggja systra.



5

### Skáldið

Blaðamaðurinn Jack stendur yfir moldum bróður síns, lögreglu-manns sem svipti sig lífi og krotaði á dauðastundu þessi undarlegu orð á bílrúðu: Utan tíma – handan rúms. Jack neitar að trúa því að bróðir hans hafi framið sjálfsmorð og ákveður að rannsaka málið upp á eigin spýtur.



6

### Tár giraffans

Bækurnar um kvenspæjarann í Botsvana hafa farið sigurför um heiminn enda einstakar sögur sem hafa að geyma sjaldgæfa blöndu af spennu, gamansemi og mannúð. Þetta er önnur bókin um kvenspæjarann eitursnjalla.



7

### Náðarkraftur

Þau eru síðustu sósíalístararnir, hugsjónir þeirra eru almennt aðhláturféni og yfir þeim hvílir skuggi brostinna drauma. Saman safnast þau við pianóið á kvöldin ... Hrífandi fjölskyldusaga sem skrifuð er af fágætri stílgáfu birtir óvenju skarpa mynd af þjóðarsál.



8

### Karitas án titils


Karitas án titils er dramatísk og áhrifamikil örlagasaga ungrar stúlku í upphafi 20. aldar, saga um drauma og þrá, óvænta hamingju, óbærilega sorg og miklar ástríður. Um leið er af einstöku innsæi brugðið upp mynd af lífi og hlutskipti kvenna fyrr og síðar.



11

### Sakleysingjarnir

Dagur Alfredur Huntingfield fæddist á hurð á norðanverðu Íslandi á fyrri hluta 20. aldar. Bernska hans er viðburðarík, hann flyst út í heim og í lífi hans vegast á ljós og skuggar áður en örlögin leiða hann aftur til Íslands. Sögupersónan rifjar upp ótrúlegt lífshlaup sitt til þess að leggja í dóm annarra hvort hann sé sekur eða saklaus.



12

### Siðprýði fallegra stúlkna


Bækurnar um kvenspæjarann eru bæði spennandi og skrifaðar af djúpri einlægni og vísku. Í þessari þriðju bók þarf Precious að glíma við mörg af sínum erfiðustu málum auk þess sem reksturinn á spæjarastofunni er í járnnum.



13

### Synir duftsins

Synir duftsins var fyrsta bók Arnaldar Indriðasonar og ruddi hún íslenskum glæpasögum braut. Sagan hefst á því að Daniel, sem er fertugur sjúklingur á geðsjúkrahúsi í Reykjavík, fremur sjálfsmorð. Á sama tíma kveikir eldri maður í sér en hann hafði verið kennari Daniels á sjöunda áratugnum.



14

### Leviatan


Leviatan er margslungin og spennandi saga eftir höfund sem nýtur mikilla vinsælda fyrir sakamálasögur sínar víða um lönd. Þetta er fimmta bókin um Fandorin ríkisráð sem kemur út á íslensku en þær fyrri eru Ríkisráðið, Krýningarhátiðin, Vetrardrottningin og Tyrknesk refsaká.



16

### Baróninn

Áhrifamikil söguleg skáldsaga um Baróninn á Hvítárvöllum. Árið 1898 kom franskur aðalsmaður, barón Charles Gaudré Boilleau, stórrættari heimsborgari og hámenntaður listamaður til Íslands. Hver var þessi maður og hvað gekk honum til?



17

### Skítadjobb

Skítadjobb er glæpasaga af bestu gerð úr íslenskum veruleika þar sem freistingar, mannlegur breyskleiki og skítaveður setja mark sitt á glæpamennina og fórnarlömb þeirra jafnt sem lögreglumannanna sem eltast við þá...



18

### Fimmta konan

Stjörnuþjarta nótt fer hæglatúrnur gamall maður út til að fylgjast með brottför farfuglanna frá Skáni. Þegar Kurt Wallander lögregluföringur kemur á vettvang hangir gamli maðurinn stjaksættur til dauða. Mögnuð saga eftir einni vinsælasta spennusagnahöfund heims.



19

### Morðið í alþingishúsinu

Þetta er fjórða bókin um Stellan Blómkvist, lögmenninn klára og úrræðagóða, sem kallar ekki allt ömmu sína en mætir lífinu yfirleitt með spakmæli frá mömmu á vörunum. Æsispennandi sakamálasaga eftir dulargyllsta rithöfund landsins.

\*295 kr. sendingargjald bætist við.





Hægt að snúa í gang ef rafhlöðurnar klárast!

Innbyggð vasaljós



## Vandað útvarp ef þú svarar innan 10 daga!

Nýir félagar sem bregðast skjótt við fá vandað ferðaútvarp að gjöf. Útvarpið er með innbyggðu vasaljósi og ef rafhlöðurnar klárast má snúa því í gang með sveif á bakhliðinni!



Með því að gerast félagi í Uglunni tryggir þú þér áskrift að vönduðum og áhugaverðum kiljum á bestu kjörum sem bjóðast á markaðnum. Sex sinnum á ári fá félagar pakka með þremur nýjum kiljum og greiða fyrir hann aðeins **1.890 kr.** auk sendingargjalds. Í hverjum pakka er að jafnaði ein spennusaga, ein íslensk skáldsaga og eitt þýtt skáldverk.

## Þannig er klúbburinn:

- ▶ Félagar fá þrjár glényjar kiljur sendar heim sex sinnum á ári og greiða fyrir þær **aðeins 1.890 kr.** auk 295 kr. sendingargjalds.
- ▶ Í hverjum pakka er að jafnaði **ein spennusaga, ein íslensk skáldsaga og eitt þýtt skáldverk.**
- ▶ Félagar fá reglulega sent **fréttabréf Edduklúbba** með kynningu á fjölda bóka og freistandi tilboðum.
- ▶ Félagar fá **15% afslátt** af öllum bókum forlaga Eddu útgáfu á vefnum edda.is og í þjónustumiðstöð klúbbanna að Suðurlandsbraut 12, Reykjavík.
- ▶ Nýir félagar skuldbinda sig til að fá a.m.k. tvær aðrar sendingar frá klúbbnum.

## Taktu þátt í vali á bestu kiljunni í tuttugu ár!

Í tilefni af 20 ára afmælinu efnum við til kosningar á bestu kilju klúbbsins frá upphafi. Kosning fer fram á heimasíðu Edduklúbba, **klubbar.is**, þar sem einnig er hægt að skoða lista yfir allar kiljur sem Uglan hefur sent út til félaga sinna frá árinu 1986. Dregið verður úr nöfnum þeirra sem þátt taka og eru vinningarnir m.a. **glæsileg bókaverðlaun og fríaskriftir að Uglunni.** Nánari upplýsingar er að finna á **klubbar.is**.



9

### Dansað við engil

Ungur Svíi finnst myrtur á hótélherbergi í London. Skömmu síðar á svipað morð sér stað í Gautaborg. Blóðug fótspor á seinni morðstaðnum benda til að þar hafi verið stígninn óhugnanlegur dans. Lögreglumaðurinn Erik Winter þarf að rannsaka sérkennilegt mál sem tekur óvænta stefnu.



10

### Hálfróðirinn

Höfundurinn hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir Hálfróðirinn sem komið hefur út víða um heim og hvarvetna hlotið afar lofsamlegar viðurkaðar enda mögnuð fjölskyldusaga. Skáldverk sem unndendur góðrar sagnalistar ættu ekki að láta fram hjá sér fara.



15

### För Lewis

För Lewis er saga óflugar fjöldahreyfingar sem borin var uppi af konum sem fundu lífi sínu tilgang á mögnuðum samkomum þar sem þær komust í algleymisástand fjarri fátækt, barnanauð og eynd hversdagsins. Leiðtogi hreyfingarinnar, Lewi Petrus, heillaði þessar konur með kenningu sinni sem snerist ekki síst um að byggja upp réttlátt samfélag í Svíþjóð.



20

### Herra alheimur

Í Miðju alheimsins situr Guð (Marlon Brando) og honum berast þær fregnir að íbúum Jarðarinnar hafi tekist að klóna sjálfa sig – séu farnir að leika Guð. Eftir fund með nánustu ráðgjöfum (Woody Allen, Max Von Sydow og Arsene Wenger) ákveður Guð að útrýma mannkyninu. Frumleg og hugljúf heimsendasaga sem skartar heimsfrægum stórstjörnum í hverju hlutverki.

**Skráning með SMS!**  
Hægt er að skrá sig með því að senda sms-skeyti í síma 1900:

edda uglan kennitala 1 2 3

kennitalan þín

númer bókana þrjúgjá

Tryggðu þér tilboðið strax í dag!  
skráningar á **klubbar.is**  
eða í síma **522-2100**







## SPURNINGAR TIL VINSTRI GRÆNNA

**Sigurjón spyr:** Er hugsanlegt að lækka fargjaldið í strætó? Mér finnst 250 kr. vera mikið fyrir að fara milli stoppistöðva innan hverfis.

**Svar:** Já, það er hugsanlegt. Þó verður að minna á að farið með strætó er mun ódýrara ef keyptir eru miðar eða kort. Við viljum auka slíka möguleika og koma á rafrænu greiðsluferfi sem getur tekið tillit til mismunandi aðstæðna.

**Brynjar Guðnason spyr:** Hver er afstaða ykkar til skólábúninga?

**Svar:** Við teljum skólábúninga ekki vera þá töfralausn sem sumir telja þá vera. Skólábúningar einir og sér munu ekki jafna aðstöðu barna í borginni. Það viljum við hins vegar gera með gjaldfrjálsum leik- og grunnskóla, þmt. skólamáltíðum og frístundaheimilum.

**Kári Þ. Kjartansson spyr:** Ætlið þið að lækka skatta og álögur á Reykvikinga komist þið í meirihluta í borgarstjórn?

**Svar:** Við teljum ekki tilefni til að lækka skatta, enda er skattkerfið hugsað sem tekjujöfnunarkerfi og virkar vel sem slíkt. Varðandi aðrar álögur viljum við að leikskóli og grunnskóli verði gjaldfrjálssir og einnig skólamáltíðir og frístundaheimili. Þá viljum við styðja við tómsundastarf barna og ungmenna, s.s. í íþróttum, tónlist o.fl. Við teljum líka rétt að hækka afslátt tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum.

**Úlfur spyr:** Af hverju á innanlandsfluginu ekki að fara til Keflavíkur? Hefur kostnaður við það verið kannadur? Stendur til að kanna þann kostnað?

**Svar:** Við höfum ekki útlokað að innanlandsfluginu fari til Keflavíkur. Við teljum aftur á móti að flugvöllur í nágrenni Reykjavíkur muni þjóna bæði borgarbúum og íbúum á landsbyggðar betur. Nú er að störfum sameiginleg nefnd ríkis og borgar sem er að fjalla um flugvallarmálið. Hún mun m.a. kanna kostnað af mismunandi valkostum ásamt því að gera úttekt á öðrum þáttum, s.s. veðurfarslegum, flugtæknilegum, umhverfislegum o.s.frv.

**Egill Moran Friðriksson spyr:** Munið þið hækka laun leikskólakennara hjá borginni fáið þið tækifæri til þess?

**Svar:** Já. Lág laun leikskólakennara orsakast að miklu leyti af kynbundnum launamunum, hefðbundnar kvennastéttir eru almennt lægra launaðar en karlastéttir. Við, vinstri græn, viljum útrýma kynbundnum launamunum með markvissum aðgerðum. Sveitarfélög-in hafa á undanföllum árum hækkað laun leikskólakennara og raunar grunnskólakennara umtalsvert. Þó þarf að gera betur í þeim efnum. Reykjavíkurborg ákvað að hækka laun leikskólakennara nú í vetur þrátt fyrir að kjarasamningur væru ekki lausir, til að mæta mikilli óánægju þeirra með kjör sín. Frekar verður tekið á launamálum leikskólakennara í næstu samningum sem taka eiga gildi í haust.

**Sigfús Þ. Sigmundsson spyr:** Hvað hefur framboð ykkar eytt miklu fé í kosningabaráttuna nú þegar og hvað er áætlað að baráttan kosti í heildina?

**Svar:** Nú þegar hafa u.þ.b. tvær og hálf milljón farið í kosningabaráttuna. Sú upphæð felur í sér auglýsingar, aðstöðu, laun kosningastjóra og útgáfu. Við gerum ráð fyrir að kosningabaráttan muni í heildina kosta 15 milljónir þegar allur kostnaður er tekin með.

**Ólafur H. Ólafsson spyr:** Hvar viljið þið að innanlandsfluginu verði í framtíðinni?

**Svar:** Við höfum fylgt með þeirri vinnu sem nú er í gangi á vegum ríkis og borgar um flugvallarmálið. Í þeirri vinnu hafa fjölmargir kostir verið skoðaðir en þeim hefur nú verið fækkað í fjóra, þ.e. flugvöll í Vatnsmýri í breyttri mynd, á Lönguskerjum, Hólmsheiði og loks að innanlandsfluginu flytjist til Keflavíkur. Af þessum kostum teljum við Hólmsheiði ákjósanlegasta. Sú staðsetning er landfræðilega sú besta og tengir saman allt Suðvesturhornir frá Borgarbyggð til Árborgar og Reykjaness. Allir þessir kostir eiga þó eftir að fara í mat á umhverfisáhrifum, frekari skoðun á veðurfarsaðstæðum og flugtæknilegum þáttum. Endanleg ákvörðun verður ekki tekin fyrr en allt þetta liggur fyrir.

# Kjósendur spyrja

Fréttablaðið gefur lesendum sínum kost á að spyrja frambjóðendur flokkanna í Reykjavík gegnum vefinn visir.is. Fyrstu spurningar og svör birtast hér en fleiri munu birtast á næstunni.

## SPURNINGAR TIL SAMFYLKINGAR

**Sveinn spyr:** Hvað viljið þið gera í stuðningi við frumkvöðlastarf í Reykjavík/ á Íslandi?

**Svar:** Samfylkingin vill búa frumkvöðlastarfi bestu skilyrði í nágrenni við háskóla, rannsóknarstofnanir og atvinnulíf í Vatnsmýrinni. Við leitum í smíðju þeirra sem best hefur tekist í myndun nýrra fyrirtækja. Vinnan er hafin og um það má lesa í nýbirttri grein eftir Dofra Hermannsson í Fréttablaðinu. Greinina má einnig sjá á [www.xsreykjavik.is](http://www.xsreykjavik.is)

**Sigurjón spyr:** Er hugsanlegt að lækka fargjaldið í strætó? Mér finnst 250 kr. vera mikið fyrir að fara milli stoppistöðva innan hverfis.

**Svar:** Með rafræna greiðslukortakerfinu sem tekið verður í notkun í sumar gefast óteljandi möguleikar til afsláttar fyrir hópa og einstaklinga

**Brynjar Guðnason spyr:** Hver er afstaða ykkar til skólábúninga?

**Svar:** Við höfum ekki tekið afstöðu til skólábúninga. Okkur finnst það dálítið rússneskt að ákveða það í borgarstjórn. Ef foreldrar í einstökum skólum koma sér saman um skólábúninga er sjálfsagt að borgin að annist innkaup og dreifingu.

**Kári Þ. Kjartansson spyr:** Ætlið þið að lækka skatta og álögur á Reykvikinga komist þið í meirihluta í borgarstjórn?

**Svar:** Reykjavíkurborg, undir forystu Samfylkingarinnar hefur þegar stigið fyrstu skrefin í átt til gjaldfrjáls leikskóla. Fasteignaskatturinn var lækkaður vegna hækkaðs fasteignamats. Holraesgjald hefur verið lækkað. Borgarbúum gefst kostur á grænni tunnu til að lækka sorphirðugjaldið. Hagræðing í þjónustu lækkar gjöldin, en Samfylkingin ætlar að halda áfram að nota sameiginlega sjóði til að greiða fyrir almenna grunnþjónustu og halda þannig þjónustugjöldum í lágmarki. Þessvegna eru fjölskylduútgjöldin lægst í Reykjavík.

**Egill Moran Friðriksson spyr:** Munið þið hækka laun leikskólakennara hjá borginni fáið þið tækifæri til þess?

**Svar:** Það þarf enginn að efast um hug Samfylkingarinnar til þeirra stéttá sem annast fólk. Borgarstjóri Samfylkingarinnar hafði forgöngu um hækkan launa á leikskólunum nú í vetur þannig að nú er haldið uppi fullri þjónustu á leikskólunum. Kór leikskólakennara voru einnig leiðrétt. Kjarasamningar leikskólakennara losna í haust og efnahagsástandið

þannig að ómögulegt er að spá í útkomuna.

**Sigfús Þ. Sigmundsson spyr:** Hvað hefur framboð ykkar eytt miklu fé í kosningabaráttuna nú þegar og hvað er áætlað að baráttan kosti í heildina?

**Svar:** Ákveðið var að kosningabaráttan Samfylkingarinnar yrði jákvæð, frábær og sjálfbær. Við eyðum ekki krónu umfram það sem við fáum frá stuðningsmönnum okkar. Ekki er vítað nákvæmlega hver staðan er núna.

**Porkell Gunnar Sigurbjörnsson spyr:** Gerið þið áfram ráð fyrir því að fólk þurfi að borga í stöðumæla í miðborginni eða að tekið verði upp einhvers konar nýtt gjaldfrjálst kerfi?

**Svar:** Við gerum ráð fyrir stöðumælum áfram en sú breyting verður innan skamms að hægt verður að greiða í þá með GSM sínum. Það ásamt mikilli fjölgun bílastæða í bílahúsum mun auka tekjur og draga úr kostnaði.

**Einar Sveinbjörnsson spyr:** Þegar ég var strákur var talað um Vatnsmýrina sem nánast helgan stað með tilliti til fuglavarps en nú talar enginn um það lengur. Af hverju þarf Reykjavíkurlugvöllur að fara, má hann ekki vera áfram þar sem hann er?

**Svar:** Vatnsmýrin er jafn helgur staður vegna fuglavarps og áður hvort sem flugvöllurinn er eða fer, en ástæðan fyrir flutningi vallarins er að meirihluti Reykvikinga ákvað það með lýðræðislegum hætti.

**Ólafur H. Ólafsson spyr:** Hvar vill Samfylkingin að innanlandsflugvöllurinn verði í framtíðinni?

**Svar:** Helst innan borgarmarka ef það reynist hentugt og hagkvæmt. Sameiginleg nefnd borgarstjóra og samgönguráðherra er einmitt að fara yfir þrjá kosti utan Vatnsmýrarinnar; Hólmsheiði, Löngusker og Keflavík. Mismunandi útfærslur í Vatnsmýrinni verða líka skoðaðar og ákvarðanir verða tekar þegar nefndin skilar af sér í sumar eða haust.

**Úlfur spyr:** Af hverju má innanlandsfluginu ekki að fara til Keflavíkur? Hefur kostnaður við það verið kannadur? Stendur til að kanna þann kostnað?

**Svar:** Það hefur enginn bannað að flugi fari til Keflavíkur og þann möguleika er verið að kanna af sameiginlegri nefnd borgarstjóra og samgönguráðherra. Ef hentugt þykir á forsendum flugvallarstarfseminnar að hafa flugvöllinn innan borgarmarka teljum við líklegt að sú kostur verði valinn.

## SPURNINGAR TIL SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

**Sigurjón spyr:** Er hugsanlegt að lækka fargjaldið í strætó? Mér finnst 250 kr. vera mikið fyrir að fara milli stoppistöðva innan hverfis.

**Svar:** Kæri Sigurjón. Það er ágæt ábending hjá þér að marga munar um þær 500 kr. sem það kostar að komast fram og til baka með Strætó. Fargjald í Strætó hefur hækkað mikið á undanföllum árum, talsvert umfram verðlagshækkanir. Við sjálfstæðismenn höfum mótmælt þessum hækkunum á þeirri forsendu að fargjald í Strætó á að vera nógu lágt til að allir borgarbúar geti nýtt sér þessa almenningsþjónustu. En verðið hangir auðvitað líka saman við þá þjónustu sem menn fá. Okkur finnst þjónusta strætó ekki nógu öflug í dag, þótt vagnstjórnir sjálfir standi sig ótrúlega vel í að hjálpa til. Við viljum fá rauntímapplýsingar á allar helstu biðstöðvar strætó, þar sem sést nákvæmlega hversu langt er í vagninni. Við viljum að biðskýlin skýli betur og sum þeirra verði upphituð og við viljum þetta og bæta leiðarkerfi strætó.

**Brynjar Guðnason spyr:** Hver er afstaða ykkar til skólábúninga?

**Svar:** Við viljum auka sjálfstæði skólanna þannig að þeir geti sinnt sínu hlutverki sem allra best. Ef foreldrar, nemendur og skólástjórnendur einhverja skóla telja rétt að nemendur klæðist allir svipuðum eða eins skólafötum, þá viljum við ekki að borgaryfirvöld standi í vegi fyrir því.

**Kári Þ. Kjartansson spyr:** Ætlið þið að lækka skatta og álögur á Reykvikinga komist þið í meirihluta í borgarstjórn?

**Svar:** Þegar Sjálfstæðisflokkurinn stjórnaði borginni, var útsvar á Reykvikinga í lágmarki. Þrátt fyrir loforð um að það yrði ekki hækkað, hefur útsvarið verið hækkað jafnt og þétt á síðustu árum, og er nú í hámarki. Það er ekki gott að okkar mati. Við munum lækka fasteignaskatta um 25%, sem er veruleg búbot fyrir borgarbúa. Hinsvegar eru svo miklar framkvæmdir fyrirhugaðar hjá borginni, og skuldastaðan það slæm, að við viljum ekki lofa lækkan á útsvari í þessum kosningum. Það er hreinlega ekki ábyrgt að gera það þótt við fegin vildum.

**Ólafur H. Ólafsson spyr:** Hvar vill Sjálfstæðisflokkurinn að innanlandsflugvöllurinn verði í framtíðinni?

**Svar:** Sjálfstæðisflokkurinn vill að innanlandsflugvöllur verði áfram á höfuðborgarsvæðinu hvort sem það verður með breyttu skipulagi í Vatnsmýrinni

eða að flugvöllinum verði fundin nýr staður á svæðinu.

**Porkell Gunnar Sigurbjörnsson spyr:** Gerið þið áfram ráð fyrir því að fólk þurfi að borga í stöðumæla í miðborginni eða að tekið verði upp einhvers konar nýtt gjaldfrjálst kerfi?

**Svar:** Sjálfstæðisflokkurinn telur að koma eigi á fót gjaldfrjálsu bifreiðastæðum í miðborginni, líkt og gefist hefur vel víða í nágrennalöndum okkar. Stæðin verði gjaldfrjáls en notkun þeirra áfram stýrt með tímatakmörkunum samkvæmt svonefndu skífukerfi. Útfærslan er misjöfn eftir borgum, sums staðar er hluti bílastæða gjaldfrjáls, annars staðar eru öll bílastæði í ákveðnum borgarhlutum gjaldfrjáls. Styrk stýring bifreiðastæða er að sjálfsögðu nauðsynleg áfram til þess að miðborgin geti sinnt hlutverki sínu sem blómleg miðstöð verslunar, þjónustu, menningarlífs og opinberrar stjórnsýslu. Erlendis hefur hins vegar verið ör þróun í bílastæðamálum og þar hefur víða náðst góðar árangur við að samræma styrka stýringu og almenna ánægju viðskiptavina. Ein helsta breytingin felst í upptöku svonefnds skífukerfis en með því er bileigendum gert kleift að leggja ókeypis í tiltekin stæði í ákveðinn tíma gegn því að þeir setji skífu eða miða í framúrðir bifreiða sinna sem gefi til kynna komutíma þeirra á viðkomandi stæði. Virði þeir ekki sett tímatakmörk, eiga þeir á hættu á að þurfa að greiða aukastöðugjald. Fyrir skómmu var slíkt kerfi tekið upp í miðbæ Akureyrar og hafa viðtökurnar verið góðar. Tími er til kominn að Reykjavík bættist í hóp framsækinnar sveitarfélaga og reyni slíkt kerfi með það að markmiði að fjölga fólki í miðborginni og stuðla að því að þar verði iðandi mannlíf í fallegu umhverfi í auknum mæli en nú er.

**Sveinn spyr:** Hvað viljið þið gera í stuðningi við frumkvöðlastarf í Reykjavík/ á Íslandi?

**Svar:** Beinn stuðningur við frumkvöðlastarf er á hendi ríkisins. Borgaryfirvöld geta hins vegar margt gert til að skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir frumkvöðlastarf og sprotafyrirtæki. Sjálfstæðisflokkurinn vill veita slíkum fyrirtækjum stuðning, m.a. með úthlutun lóða til bygginga fyrir slík fyrirtæki og þátttöku borgaryfirrtækja í verkefnum með slíkum fyrirtækjum. Þá er Sjálfstæðisflokkurinn reiðubúinn til samstarfs við aðila eins og háskóla og samtök sprotafyrirtækja um uppbyggingu einstakra þekkingarþorpa og -svæða.





## BJÓRINN GERÐUR ÚTLÆGUR

Aðeins 11 prósent vinnustaða í Danmörku leyfa starfsmönnum sínum að fá sér bjór í hádeginu.

ATVINNA 10

# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

## Prenttækni

Vesturvör 11, 200 Kópavogur



Aðstoðarmaður óskast í bókband og frágang sem allra fyrst. Nánari upplýsingar veita Margrét eða Viðar í síma: 554-4260



World Class er heilsuræktarfyrtæki sem er leiðandi á sínu sviði. Fyrirtækið rekur þrjár heilsuræktarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og er fjöldi gesta um 3.000 daglega. Hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þessa starfa um 170 manns.

### Þjálfari í sal

Um er að ræða fullt starf en vaktavinnu.

#### Ábyrgð og starfssvið:

- Móttaka viðskiptavina og gerð æfingaáætlana.
- Gerð þrekprófa, álags- og líkamsmælinga.
- Eftirlit með tækjum og búnaði.
- Aðstoð og þjálfun viðskiptavina.

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að vera menntaður íþróttakennari eða íþróttarfræðingur.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af kennslu barna.
- Samskiptahæfni og frumkvæði.

Hvetjum ykkur stelpur til að sækja um!

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. júní nk.

Umsjón með ráðningu hefur Þórunn Auðunsdóttir, [thorunn@worldclass.is](mailto:thorunn@worldclass.is)

Umsóknarfrestur er til 22. maí nk.

### Starfsmenn í afgreiðslu

Um er að ræða hlutastörf, kvöld- og helgarvinnu.

#### Ábyrgð og starfssvið:

- Móttaka viðskiptavina, afgreiðsla og símsvörin.

Hvetjum ykkur stráka til að sækja um!

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og aðeins umsækjendur eldri en 20 ára koma til greina.

Umsjón með ráðningu hefur Berglind Hreiðarsdóttir [berglind@worldclass.is](mailto:berglind@worldclass.is)

Umsóknir þurfa að berast skriflega til viðkomandi ráðningaraðila, einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar [www.worldclass.is](http://www.worldclass.is)

Við leitum að hæfileikaríkum og ábyrgðarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í skemmtilegu og jákvæðu umhverfi. Við leitum eftir starfsmönnum sem eru þjónustulundaðir, geta unnið sjálfstætt, sýna frumkvæði, eru jákvæðir og leita bestu lausna fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins.

## Ertu klár?



IMG óskar eftir að ráða metnaðarfullan og skipulagðan einstakling í starf sérfræðings í meðhöndlun gagna og uppsetningu kannana.

#### Starfssvið:

- Vinna við upplýsingakerfi og forritun
- Uppsetning kannana
- Skráning og greiningarvinna

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Mjög góð tölvu- og íslenskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samvirkusemi og mikil nákvæmni

IMG er stærsta rannsóknar-, ráðgjafa- og ráðningarfyrirtæki landsins þar sem yfir 100 sérfræðingar með fjölbreytta reynslu og menntun stuðla að bættum árangri viðskiptavina. Markmið IMG er að starfsfólk sé ánægt í starfi og hafi tækifæri til að vaxa og þróast á sínu sviði. Þetta teljum við að skili okkur hæfara starfsfólki og fyrirtækinu betri árangri.



Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason ([hilmar@img.is](mailto:hilmar@img.is)) og Hildur Sif Arnardóttir ([hildursif@img.is](mailto:hildursif@img.is)) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is) [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is) [www.img.is](http://www.img.is)

## Ráðningarpjónustan - Ráðgjafi

### Ráðningarpjónustan

er framsækið

fyrirtæki á sviði

ráðninga.

Við bjóðum upp á

þjónustu fyrir fyrirtæki

á öllu landinu, allt frá

þeim minnstu til

þeirra stærstu.

Við höfum á að skipa

mjög hæfu starfsfólki

sem hefur að

leiðarljósi að veita

faglega

og persónulega

þjónustu.

Ráðningarpjónustan óskar eftir áhugasömum og hæfum einstaklingi í starf ráðgjafa. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, sem og starfað sem hluti af sterkri liðsheild. Einnig þurfa ráðgjafar okkar að hafa framúrskarandi þjónustulund og geta unnið undir álagi.

#### Starfssvið:

- Ráðgjöf og þjónusta til fyrirtækja
- Greining og mat á umsóknum
- Samskipti og ráðgjöf til umsækjenda

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Heiðarleiki sem og áreiðanleiki áskilinn

#### Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 29 maí nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í júní.

Áhugasömum er bent á að fylla út umsókn inn á heimasíðu okkar og sækja sérstaklega um starfið. Jafnframt er hægt að senda náms- og starfsferilskrár á [maria@radning.is](mailto:maria@radning.is)

Umsjón með starfinu hefur María Jónasdóttir, framkvæmdastjóri, [maria@radning.is](mailto:maria@radning.is)



RÁÐNINGAR  
PJÓNUSTAN  
...framtíðin er ráðin

[www.radning.is](http://www.radning.is)

Krókháls 5a • Sími 588 7700  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)



# Kíktu á vinna.is



# SPENNANDI STÖRF

hjá skemmtilegasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins

ORACLE®

Skýrr sækist eftir orkumiklum og jákvæðum einstaklingum til starfa. Leitað er að fólki sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni. Í boði eru góð laun og fjölbreytt og spennandi verkefni hjá fjölskylduvænu og traustu fyrirtæki, sem starfar í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólk fyrirtækisins myndar samhentan hóp, þar sem mannaðurinn er í fyrirrúmi.

## Forritari

Skýrr leitar að reyndum forritara til starfa við þróun launa-, mannauðs- og fjárhagskerfa Oracle.

### Starfslýsing

- Forritun og þróun við fjárhags-, launa- og mannauðskerfi Oracle

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegs sviðs
- Reynsla af vinnu við launa-, mannauðs og fjárhagskerfi er kostur
- Kunnátta í PL-SQL
- Þekking á Java, Delphi og almenri forritun er kostur

## Ráðgjafi

Skýrr leitar að framúrskarandi ráðgjafa til starfa við Oracle-viðskiptalausna.

### Starfslýsing

- Greining á þörfum viðskiptavina með tilliti til Oracle-viðskiptalausna
- Umsjón með innleiðingu og uppsetningu samkvæmt þarfagreiningu
- Ráðgjöf til viðskiptavina um möguleika kerfa Oracle-viðskiptalausna
- Þjónusta, kennsla, leiðbeiningar og kynningar á notkun lausanna
- Ýmis spennandi þróunarverkefni, sem tengjast Oracle-fjárhagskerfunum

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Reynsla af vinnu við fjárhagskerfi
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnu
- Lípurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, öguð vinnubrögð
- Hæfileikar til að fylgja verkefnum eftir
- Reynsla af hópinnu og verkefnastjórn

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, starfsþróunarstjóri Skýrr (569 5100 eða [ingibjorg.odinsdottir@skyr.is](mailto:ingibjorg.odinsdottir@skyr.is)). Umsóknarfrestur er til hádegis, mánudaginn 22. maí. Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði Skýrr. Fullum trúnaði er heitið.



**Skýrr**

Starfsfólk Skýrr sinnir þörfum liðlega 2.200 kröfuharðra viðskiptavina í fyrirtækjum og stofnunum af öllum stærðum og gerðum. Vönduð og öguð vinnubrögð Skýrr eru samvinnuð afar fjölbreyttu vöruúrvali, heildarlausnum á sviði upplýsingatækni og fyrsta flokks þjónustu.

Skýrr er samstarfsaðili Business Objects, Microsoft, Oracle og VeriSign. Starfsemi Skýrr er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001. Fyrirtækið er Microsoft Gold Certified Partner.

569 5100 / [skyr.is](http://skyr.is)



## RÆSTINGAR HJÁ GLITNI

Glitni vantar starfsmenn í ræstingar í útibúum bankans á höfuðborgarsvæðinu. Einnig leitum við starfsmönnum til að sinna afleysingum í ræstingum, bæði í höfuðstöðvum bankans og í útibúum á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnutími hefst kl. 17.00 virka daga.

Reynsla af ræstingum æskileg.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda tölvupóst til Helgu Bragadóttur, deildarstjóra rekstrardeildar, á netfangið helga.bragadottir@glitnir.is. Hún veitir einnig frekari upplýsingar í síma 440 4082.

Umsóknarfrestur er til 19. maí.

GLITNIR

## Rafeindavirkjar

Vegna aukinna umsvifa í starfsemi okkar óskum við eftir duglegum og kraftmiklum rafeindavirkjum til starfa sem fyrst í skemmtileg og fjölbreytt störf. Góð laun eru í boði.

### Starfssvið:

- uppsetning og þjónusta á búnaði um borð í skipum og bátum
- vinna á verkstæði
- ýmis verkefni tengd GPS tækjum og mælingabúnaði.

### Hæfniskröfur:

- Þekking á tölum og jaðartækjum þeirra æskileg
- Gott vald á ensku í rituðu og töluðu máli
- Geta unnið sjálfstætt

Áhugasamir sendi umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið r.sigmundsson@rs.is. Nánari upplýsingar veitir Örvar Einarsson í síma 511-1010



R. SIGMUNDSSON

## Mötuneyti

Vinnutími 9-14

**Þekkt fyrirtæki í Smárahverfinu í Kópavogi óskar að ráða starfsmann í nýlegt og glæsilegt mötuneyti.**

**Starfið felst** í að aðstoða matreiðslumann við undirbúning og framreiðslu matar ásamt því að ganga frá.

**Leitað er að** snyrtilegri, duglegri og jákvæðri manneskju sem getur unnið sjálfstætt. Reynsla af mötuneytisstörfum er æskileg.

Vinnustaðurinn er reyklaus. Sumarfrí er á besta tíma, þ.e. í júlímánuði ár hvert. Byrjunartími er skv. samkomulagi.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 22. maí nk. Númer starfs er 5496.

Upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir. Netfang: gudny@hagvangur.is

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

## Fjárreiðustjóri

**Héðinn hf. óskar eftir að ráða fjárreiðustjóra til starfa. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.**

### Starfssvið:

- Innheimta viðskiptaskulda, eftirlit með viðskiptamönnum og skráning innborgana
- Samskipti við banka
- Umsjón og eftirlit með verkbókhalda
- Almenn gjaldkerastörf

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptamenntun kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður til að skila góðu starfi



Héðinn hf. er rótgróið málmíðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með víðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m<sup>2</sup> húsnæði búið öllum fullkornustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaástaða er góð og mótuneyti er á staðnum.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir (hanna@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

## Upplýsingafulltrúi

**Umhverfisráðuneytið óskar eftir að ráða upplýsingafulltrúa til starfa.**

### Starfssvið

- Umsjón með samskiptum við fjölmiðla og fréttatilkynningum
- Ritstjórn heimasíðu og vefrits ráðuneytisins
- Kynningar-, fræðslu- og útgáfumál
- Þátttaka í nefndum og vinnuhópum sem undir starfið heyrja

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf
- Reynsla af upplýsinga- og kynningarmálum æskileg
- Reynsla af störfum við fjölmiðla kostur
- Frumkvæði og hugmyndauðgi
- Skipulögð vinnubrögð og geta til að starfa sjálfstætt
- Góðir samskiptahæfileikar
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 28. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

## Ingvar Helgason

Ingvar Helgason ehf. er fyrirtæki sem starfað hefur í nær 50 ár við sölu og þjónustu á bifreiðum. Ingvar Helgason býður upp á mjög breitt vörurval, bíla sem henta við allar aðstæður. Fyrirtækið hefur umboð fyrir þekkt og vönduð vörumerki sem sannað hafa ágæti sitt til fjölda ára; Subaru, Nissan, Opel, Saab og Isuzu. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 100 manns og lögð er áhersla á að bjóða gott starfs- umhverfi í þessu vaxandi fyrirtæki.



## Störf í boði hjá Ingvari Helgasyni ehf.

### Þjónustufulltrúar í verkstæðismóttöku

Það er metnaður okkar að veita frábæra þjónustu og heiðarleika í samskiptum. Við leitum eftir fólki sem hefur framúrskarandi þjónustulund, getu til sjálfstæðra og skipulagðra vinnubragða, er sveigjanlegt og vinnur vel í hóp. Reynsla af sambærilegum störfum er ekki krafa en það spillir ekki fyrir.

### Aðstoðarmaður rekstrarstjóra standsetningar

Lifandi starf með lífsglöðu fólki hjá standsetningu nýrra bíla. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf og kjörið fyrir sveigjanlegan og útsjónarsaman einstakling. Nauðsynlegt er að starfmaður í þessari stöðu hafi meirapróf. Lögð er rík áhersla á að fólki líði vel á vinnustaðnum.

### Upplýsingar um starfið veitir

Helga Jóhannesdóttir í síma 525 8061 netfang: helga@ih.is  
Einnig er hægt að senda umsókn á heimasíðunni [www.ih.is](http://www.ih.is)

Ingvar Helgason





ÍSLENSKA AUGLÍFINGASTOFAN EHF. / ISL.IS - AIC 13788 - 07/2004



www.alcoa.is  
 Sigurlaugu Þorsteinsdóttur  
 Helgu S. Guðmundsdóttur  
 IMG  
 Mannafli-Liðsauka.

Alcoa Fjarðaál



## Spennandi og krefjandi störf í boði

# SAMSKIP

Vegna aukinna verkefna óskar Samskip hf. eftir að ráða drifandi og metnaðarfulla starfsmenn til starfa. Í boði eru krefjandi störf hjá vaxandi fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

### Bókari í hagdeild

#### Starfssvið:

- Færsla bókhalds
- Afstemmingar
- Bókun og afstemming launa
- Bókun í eignakerfi
- Svörun fyrirspurna sem berast um reikninga
- Ýmsar verkefnalausnir
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð bókhaldsþekking og -reynsla
- Tölvufærni
- Þekking á bókhaldskerfum, SAP kostur
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund

### Innheimtufulltrúi

#### Starfssvið:

- Innheimta á útstandandi kröfum
- Eftirlit með skuldasöfnun
- Útsending innheimtubréfa og tillögugerð vegna lögfræðiiinnheimtu
- Innlestur greiðsluskraá og vinna við viðskiptamannabókhald
- Þátttaka í útsendingu reikninga
- Svörun fyrirspurna frá viðskiptavinum

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Þekking á bókhaldi mikill kostur
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði sem og geta til þess að læra á ný upplýsingakerfi
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund

### Þjónustufulltrúi

#### Starfssvið:

- Ráðgjöf, þjónusta og sala til viðskiptavina í millilandaviðskiptum
- Móttaka beiðna og leiðréttingar flutningsgjaldareikninga
- Vinna við samningagerð og sértílböð
- Upplýsingagjöf og útlistun þjónustustaðla
- Þátttaka í markaðs- og gæðastarfi

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf og/eða hagnýt reynsla af skrifstofustörfum
- Góð tölvuþekking og góð enskukunnátta
- Söluhæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og fágúð framkoma
- Reglusemi og góð ástundun

Samskip hf. er ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú tæplega 1400 manns á 62 skrifstofum í 23 löndum.



Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störf in á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 7100 www.mannafli@img.is  
 Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafli.is  
 Strandgötu 53 735 Eskifirði Sími 540 7140 www.img.is



## OASIS OG COAST

### ÓSKA EFTIR AÐ RÁÐA VIÐSKIPTASTJÓRA.

**Starfssvið:** Umsjón með vöruflæði og vöruuppsetningu í verslunum Oasis og Coast, innra eftirlit og samskipti við erlenda birgja.



## coast oasis

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af innkaupum og verslunarrekstri
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð ensku og tölvukunnátta
- Brennandi áhugi á tísku
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun æskileg

Umsóknir sendist til Freys Halldórssonar starfsmannafulltrúa í netfangið frey@hagar.is

Umsóknarfrestur rennur út sunnudaginn 21. maí nk.

## Svæðisstjóri TM

# Svæðisstjóri TM á Norðurlandi

## Tryggingamiðstöðin auglýsir eftir svæðisstjóra á Norðurlandi sem jafnframt er útibússtjóri skrifstofu félagsins á Akureyri.

### Starfssvið:

Umsjón með umboðum félagsins á Norðurlandi ásamt því að stjórna skrifstofu TM á Akureyri. Ráðgjöf og sala á tryggingum til fyrirtækja og einstaklinga sem eru í viðskiptum við TM, tjónauppgjör og öflun nýrra viðskiptasambanda.

### Hæfniskröfur:

- Viðskiptamenntun æskileg (t.d. viðskiptafræði eða rekstrarfræði)
- Góð almenn tölvukunnátta (sérstaklega Excel)
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð þekking og reynsla af atvinnulífi á Norðurlandi er kostur.

Viðkomandi starfsmaður þarf að vera skipulagður og jákvæður, hafa góða þjónustulund, sýna frumkvæði og búa yfir samskiptahæfni.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 22. maí n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda póst á [starf@tmhf.is](mailto:starf@tmhf.is).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lúðvík Þorgeirsson deildarstjóri umboða og útibúa, [ludvik@tmhf.is](mailto:ludvik@tmhf.is)

Tryggingamiðstöðin er framsækið fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuástöðu. Hjá TM starfar rúmlega 100 manna samhentur hópur sem hefur það markmið að veita góða þjónustu á mannlegum nótum þar sem þörfum hvers og eins er mætt af sanngirni. Það er keppikefli starfsmanna Tryggingamiðstöðvarinnar að standa undir kröfum og væntingum viðskiptavina og hluthafa og koma fram af heiðarleika og einlægni. Hjá viðskiptavinum tryggingafélaganna mældist mest ánægja meðal viðskiptavina TM samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni 2005.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / [tm@tryggingamidstodin.is](mailto:tm@tryggingamidstodin.is) / [www.tryggingamidstodin.is](http://www.tryggingamidstodin.is)

ÍSLENSKA REGLINGASTOFN/SÍMIS 12144 872888



## Tækjamaður á vélskóflu

Björgun óskar eftir að ráða tækjamaðmann á vélskóflu. Fyrirtækið framleiðir og selur efni til framkvæmda s.s. ýmsar gerðir af sandi og mól í garða, skeljasand á tún, fyllingarefni o.fl.

### Starfssvið:

- Vinna á vélskóflu
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Full vinnuvélaréttindi
- Reynsla af vinnu við slíkar vélar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá 07:30-18:00/18:30. Til auka-vinnu getur komið um helgar. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 19. maí nk.

Fyrirspurnum um starfið er eingöngu svarað hjá Ráðningarpjónustunni.

Umsjón með starfinu hefur Ellen Tryggvadóttir ráðgjafi, [ellen@radning.is](mailto:ellen@radning.is)



**RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN**  
...fram tíðin er ráðin

Krókháls 5a • Sími 588 7700  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)

# formaco

Formaco óskar eftir að ráða í eftirtalin störf.

## formaco

Formaco ehf. var stofnað í október 1997 með það að markmiði að þjónusta byggingariðnaðinn með gæðavöru á hagkvæmu verði. Í mars árið 2004 flutti Formaco í nýtt og glæsilegt húsnæði við Fossaleyni 8. Starfsmenn fyrirtækisins eru 30 í dag.

[www.formaco.is](http://www.formaco.is)



### Mötuneyti og ræstingar (nr. 5323)

#### Starfssvið

- Umsjón með mötuneyti og léttum hádegisverði
- Innkaup fyrir mötuneyti og ræstingar
- Þrif á skrifstofu

#### Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Áreiðanleiki og skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði og lipurð í mannlegum samskiptum

### Afgreiðslumaður á lager (nr. 5502)

#### Starfssvið

- Starfið felur í sér móttöku vara frá birgjum og viðskiptavinum, tiltekt á pöntunum, afgreiðslu og öðru tilfallandi.

#### Hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, þjónustulipur og stundvís.
- Lyftaréttindi eru æskileg en þó ekki skilyrði.
- Reynsla af lagerstörfum er kostur sem og þekking á byggingavörum.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 22. maí nk.

Upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir. Netfang: [kristin@hagvangur.is](mailto:kristin@hagvangur.is)

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík  
Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## ATVINNUMIÐLUN & STARFSMANNALEIGA

Erum með úrvals starfsfólk á skrá frá Póllandi.

Sími 517 4530  
Netfang [intjob@intjob.is](mailto:intjob@intjob.is)

**INTJOB**  
INTERNATIONAL JOB OPPORTUNITIES

## Vélamenn og bílstjórar

Suðurverk hf óskar eftir að ráða vélamenn og bílstjóra til starfa við:

### Kárahnjúkavirkjun

Vinna við uppbyggingu jarðvegssífla.

Vinnufyrirkomulag er vaktavinna.

Unnið er í 12 daga úthöldum og frí í 6 daga.

Mjög góð aðstaða fyrir starfsmenn á vinnustað.

Upplýsingar veittar í síma 892-0067.

Umsóknir berist skrifstofu Drangahrauni 7 eða á heimasíðu [www.sudurverk.is](http://www.sudurverk.is)

**SUÐURVERK HF.**  
Verktakar - vélaleiga



## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Kársnesskóla

#### Lausar stöður á næsta skólaári

- Umsjónarkennari á miðstigi 100%
- Náttúrufræði á unglingastigi 100%
- Samfélagsfræði á unglingastigi 100%

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin

Upplýsingar veitir Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 570-4100 eða [gudrunpe@kask.kopavogur.is](mailto:gudrunpe@kask.kopavogur.is)

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)





## Deildarstjóri hagdeildar og innri endurskoðunar (5506)

## Viðskiptastjóri (5393)

**Orkuveita Reykjavíkur** er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustuvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinna innlendir orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi- og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskyldu-ábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnun og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið er sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum

Það sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum

Það sækir fram af eldmóð

Það er traust og starfar í sátt við umhverfið



Orkuveita Reykjavíkur

### Deildarstjóri hagdeildar og innri endurskoðunar (5506)

Orkuveita Reykjavíkur leitar að öflugum einstaklingi til starfa í hagdeild fyrirtækisins.

Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum stjórnanda til starfa, einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Um er að ræða starf deildarstjóra hagdeildar og innri endurskoðunar. Hagdeildin annast áætlunargerð af ýmsu tagi og aðstoðar svið Orkuveitunnar við gerð áætlaða og kostnaðargreiningar. Innri endurskoðun gætir þess að reglum fyrirtækisins sé fylgt.

#### Menntunar- og hæfniskörfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði
- Góð tölupækking nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun
- Mikil áhersla er lögð á öguð vinnubrögð, góða framkomu og frumkvæði

### Viðskiptastjóri (5393)

Orkuveita Reykjavíkur leitar að öflugum viðskiptastjóra til að vinna hjá söludeild fyrirtækisins.

Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum viðskiptastjóra til starfa, einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við mjög krefjandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og hafa frumkvæði.

Söludeild er ein af þremur deildum innan sölusviðs Orkuveitunnar. Söludeild annast og ber ábyrgð á sölu á afurðum fyrirtækisins. Í deildinni er lögð áhersla á samvinnu og liðsheild.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Viðskiptastjóri ber ábyrgð á sölu og þjónustu við viðskiptavinum Orkuveitunnar.

#### Menntunar- og hæfniskörfur:

- Reynsla af sölu til fyrirtækja æskileg
- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. íð- eða viðskiptamenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil þjónustulund
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 21. maí 2006. Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson, [thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is) og Guðný Sævinnsdóttir, [gunny@hagvangur.is](mailto:gunny@hagvangur.is)

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.



Námsmenn hefja brátt innreið sína á vinnumarkaðinn þar sem þeir fást við margvísleg störf.

## Sumarstarfsfólk á líka réttindi

**Tími sumarstarfsfólks fer brátt að renna upp en réttindastaða þess er örlítið frábrugðin því sem almennt gerist.**

Á hverju sumri skapast ætíð fjölmörg ný störf, meðal annars vegna þess að þjónustustörf aukast til muna, en aðalástæðan fyrir fjölgun starfa á sumrin er að sjálfsögðu sú að margir fastastarfsmenn taka sitt sumarfrí. Námsmenn eru án efa fjölmennasti hluti sumarstarfsmanna enda fá þeir yfirleitt langt og gott sumarfrí frá skólakunnum.

Þar sem námsmenn vinna yfirleitt einungis tvo til þrjú mánuði á hverju sumri vakna oft upp spurningar um réttarstöðu þeirra, þar sem þeir hafa í mörgum tilvikum ekki unnið nógu lengi til þess að hafa aflað sér allra réttinda. Hjá kjaradeild VR fengust þær upplýsingar að allir sumarstarfsmenn, óháð því hversu lengi þeir hefðu starfað, ættu rétt á veikindadögum eins og kjarasamningar kveða á um. Vart þarf heldur að nefna að sumarstarfsfólk á rétt á matarhléi og

öðrum hléum til jafns við annað starfsfólk.

Vaðandi uppsagnarfrest gilda þær reglur að fyrstu þrjú mánuði einstaklings í starfi er fresturinn ein vika og eftir þrjú mánuði er uppsagnarfresturinn einn mánuður. Geri sumarstarfsmaður hins vegar samning við vinnuveitanda til stutts tíma, kveða slíkir samningar oft á um að uppsagnarfrestur sé enginn.

Sumarstarfsmenn eiga ekki rétt á neinu sumarfrí nema um það sé sérstaklega samið. Vinnuveitandi skal hins vegar greiða starfsmenni fastar orlofsgreiðslur, sem yfirleitt eru greiddar inn á sérstakan orlofsreikning. Desemberuppbót er síðan oftast greidd út í lok sumars.

Hjá VR fengust einnig þær upplýsingar að allir sumarstarfsmenn ættu að fá sín mál á hreint áður en þeir hæfu störf. Að sögn starfsmanns kjaradeildar VR fær stéttarfélagið ekki margar kvartanir vegna réttinda-brota á sumarstarfsmönnum, eða að minnsta kosti ekki fleiri en gengur og gerist hjá fastráðnum.

*steinthor@frettabladid.is*



Atvinnuleysi minnkaði bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

## Atvinnuleysi minnkar

**Rúmlega tvö þúsund manns voru að meðaltali á atvinnuleysisskrá í apríl.**

Atvinnuleysi mældist 1,3 prósent í apríl síðastliðnum og lækkaði um 0,2 prósentu-stig frá fyrri mánuði. Alls voru skráðir 42.226 atvinnuleysisdagar á landinu öllu sem jafngildir því að 2.112 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum, en fjármála-

ráðuneytið áætlar að mannaflí á vinnumarkaði sé um 158 þúsund manns.

Atvinnuleysi minnkaði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, bæði meðal karla og kvenna en hlutfallslega mest hjá konum á landsbyggðinni. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu hefur breyst minna síðustu mánuði en lækkar þó lítið eitt frá síðasta mánuði.

Frétt af [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

**VélRás ehf.**

### Bifreiða- og vélaverkstæði

Vegna aukinna verkefna vantar:

- 1) Viðgerðamenn vana þungavinnuvélum og vörubílum.
- 2) Rennismið
- 3) Suðumenn/járniðnaðarmenn.
- 4) Bifreiðasmið/Bílamálara
- 5) Aðila í sendil störf ásamt fleiru.

Upplýsingar í síma 897-8901.

Vélrás er alhliða bifreiða- og vélaverkstæði sem sinnir atvinnutækjum um allt land.

### Mozesz pomyslec o nowym miejscu pracy ?

Ispan jest zakladem ktory produkuje szkto 37 lat.  
Dobre warunki pracy i wypoczynku  
Czysta praca.  
Czas pracy 8.00 – 16.10  
Nie prawjemy w weekendy  
Informacja o pracy na miejscu, Smiðjuvegi 7,  
200 Kópavogi w czasie pracy.

Sveinn Geir  
Wojciech Szewczyk





## flugrútan flybus

Kynnisferðir ehf. – Flugrútan óska eftir að ráða bílstjóra til sumarafleysinga eða í fullt starf, sem fyrst. Unnið er á vöktum eða virka daga.

Umsækjendur þurfa að hafa rútuþróf og reynslu af akstri, einnig er þess krafist að menn hafi hæfni til jákvæðra, mannlegra samskipta.

Umsóknareyðublöð fást hjá Kynnisferðum ehf. í Vesturvör 6, Kópavogi, og í afgreiðslu Flugrúttunnar á BSÍ. Einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið [sigrídur@re.is](mailto:sigrídur@re.is)

Umsóknarfrestur er til 22. maí 2006. Upplýsingar um starfið eru veittar í Vesturvör 6, ekki símleiðis.

Öllum umsóknum er svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



**GRUND**

DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI  
Stofnað 1922

### Húsvakt

Óskum eftir hjúkrunarfræðingi, hjúkrunarnema eða lækna-nema á húsvaktir í sumar. Möguleiki á framtíðarstarfi. Viðkomandi þarf að hafa gott sjálfstraust í starfi. Góð laun í boði

### Sjúkraliðar

**Fjölbreytt og sjálfstætt starf! Hvernig væri að prófa?**

Okkur á Grund langar að bæta við þann góða hóp sjúkraliða sem þegar er starfandi við heimilið. Sjúkraliðar starfa sem hópstjórar sem býður upp á mikið sjálfstæði og góða reynslu. Starfshlutfall samkomulagsatriði.

Verið velkomin í heimsókn að skoða.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-6100 virka daga kl. 8.30-15.00.



## Vagnstjórar óskast til sumar- afleysinga!

Upplýsingar um starfið veitir  
Steindór Steinþórssón í síma 540 2712  
og [steindor@bus.is](mailto:steindor@bus.is)

Hæfniskröfur:  
Meirapróf, rútuþróf.  
Reynsla æskileg.

Strætó bs.

## Marel óskar að ráða



### ► Vélhönnuð

Vélhönnuður í Söluverkahópi sér um hönnun á stöðluðum vörum, s.s. flokkurum, flæðilínum og færðingum. Við leitum að einstaklingi með hæfni í samskiptum og ríka þjónustulund.

Hæfniskröfur:

- Tæknimenntun á vélasviði.
- Framhaldstæknimenntun er kostur.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.
- Almenn tölvuþekking er kostur en viðkomandi fær þjálfun í teikni- og hönnunarforritum Marel.

Nánari upplýsingar veitir Þórður Theodórsson, sviðsstjóri Verkefnasviðs í síma: 825 8166. [thordurt@marel.is](mailto:thordurt@marel.is)

### ► Rafmagnsverkfræðing / tæknifræðing

Viðkomandi er sérfræðingur á Þjónustusviði og sinnir prófunum, uppsetningu og þjónustu á hátækniúnaði frá Marel. Við leitum að einstaklingi með ríka þjónustulund og hæfni í samskiptum. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með að skilja þarfir viðskiptavina og þróa langtímasamband við þá. Vinnustaður er allur heimurinn.

Hæfniskröfur:

- Rafmagnsverkfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.
- Mikil ferðagleði er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veitir Sigurpáll Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustusviðs í síma: 563 8156, [sigurpall@marel.is](mailto:sigurpall@marel.is) eða Hermann R. Guðmundsson, sviðsstjóri Þjónustusviðs í síma: 563 8107, [hrg@marel.is](mailto:hrg@marel.is).

### ► Starfsmann í Flutningadeild

Starfsmaður í Flutningadeild hefur almenna umsjón með útflutningi fyrirtækisins. Viðkomandi sér um daglegan útflutning, svo sem hraðsendingar, flugsendingar, og skipasendingar, og gerir tollskýrslur og reikninga. Unnið er í viðskipta- og bókhaldskerfi Axapta. Starfið felur í sér mikil innlend og erlend samskipti. Við leitum að einstaklingi með ríka þjónustulund, góða yfirsýn og hæfni í samskiptum.

Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Reynsla af innflutnings- og/eða útflutningsmálum er skilyrði.
- Stúdentspróf er æskilegt.
- Reynsla af Axapta eða sambærilegum kerfum er kostur.

Vinsamlegast sækjið um störfín á heimasíðu Marel: [www.marel.is](http://www.marel.is). Umsóknarfrestur er til og með 22. maí. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Marel er alþjóðlegt hátækniyrirtæki í fararbroddi á sviði þróunar og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Við bjóðum upp á metnaðarfullt, fjölbreytt og faglegt vinnuumhverfi þar sem rík áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, hæfni til liðsvinnu og góðan starfsanda. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu, líkamsrækt, barnaherbergi og símenntun. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 1.000 starfsmenn í 5 heimsálfum.





# Skrifstofustarf innan fjármálasviðs

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða skrifstofustarfsmann innan fjármálasviðs stofnunarinnar. Starfshlutfall er 100%. Viðkomandi mun vinna náð með og undir stjórn fjármálastjóra. Um framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan aðila.

## Helstu verkefni:

- Umsýsla innlendra og erlendra reikninga
- Afstemmingar og eftirlit með bókhaldi og umsjón með innheimtu tekna
- Gerð ferðareikninga og aðstoð við utanumhald ferða
- Umsjón með viðveru og mannauðskerfi
- Samskipti við ýmsa aðila innanlands og erlendis
- Önnur verkefni í samráði við fjármálastjóra

## Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Reyndsla af starfi við bókhald og tölvuvinnslu skilyrði, þekking á reikningshaldi fyrir opinbera stofnun mikill kostur
- Reyndsla af Oracle hugbúnaði kostur
- Góð kunnátta í ensku skilyrði
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og samviskusemi
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar



## Helstu verkefni Lyfjastofnunar eru:

Veiting markaðsleyfa fyrir lyf ásamt umfjöllun og afgreiðslu á breytingum á forsendum markaðsleyfa sem og eftirlit.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu Lyfjastofnunar [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is)

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur@img.is](mailto:ragnheidur@img.is)) og Guðríður D. Hálfánardóttir ([gauja@img.is](mailto:gauja@img.is)) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 28. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is) [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is) [www.img.is](http://www.img.is)



Reykjavíkurborg  
- Einn vinnustaður



## MENNTASVIÐ

### GRUNNSKÓLAR

Skólaárið 2006-2007 eru eftirfarandi stöður grunnskólakennara lausar við grunnskóla Reykjavíkurborgar:

**Borgaskóli**, Vættaborgum 9, sími 577-2900  
• Sérkennari

**Foldaskóli**, Logafold 1, sími 540-7600

- Tvær stöður kennara á unglíngastigi vegna fæðingar- og námsorlofs. Kennslugreinar eru stærðfræði og íslenska.

**Hamraskóli**, Dyrhómrúm 9, sími 567-6300

- Sérkennari

**Háteigsskóli** v/Háteigsveg, sími 530-4300

- Tónmenntakennari, 60% afleysingastaða frá 1. ágúst til 31. desember 2006
- Íþróttakennari

**Hlíðaskóli**, Hamrahlíð 2, sími 552-5080

- Deildarstjóri á táknaálfsviði
- Kennari á yngsta stigi
- Sérkennari/kennari til starfa með nemendum með sérþarfir
- Proskapjálfi

**Klébergsskóli**, Kjalarnesi, sími 566-6083

- Almenn kennsla, tvær stöður

**Melaskóli**, Hagamel 1, sími 535-7500

- Heimilisfræðikennari í 50% stöðu

**Seljaskóli**, Kleifarseli 28, sími 411-7500.

- Sérkennari á yngsta stigi

Upplýsingar veita skólustjórar og aðstoðarskólustjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda í viðkomandi skóla. Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k. Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

### LEIKSKÓLAR

#### Aðstoðarleikskólustjórar

Lausar eru stöður aðstoðarleikskólustjóra við eftirtalda leikskóla:

**Foldakot**, Logafold 18.

Staðan er laust 1. júlí eða skv. samkomulagi.

Nánari upplýsingar veita Guðrún Sólveig Vignisdóttir leikskólustjóri í síma 587-3077 og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000. Umsóknir fylgi yfirlit yfir nám og störf.

Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1. Umsóknarfrestur er til 29. maí n.k. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á [mentor.is](http://mentor.is)

**Nóaborg**, Stangarholti 11.

Nánari upplýsingar veita Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólustjóri í síma 562-9595 og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000

Staðan er laust 1. ágúst n.k. Umsóknarfrestur er til 29. maí n.k. Umsóknir fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1.

#### Deildarstjórar

**Arnarborg**, Mariubakka 1. Upplýsingar veitir Hildur Gísladóttir leikskólustjóri í síma 557-3090.

**Nóaborg**, Stangarholti 11. Upplýsingar veitir Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólustjóri í síma 562-9595.

#### Matráður

Lausar eru stöður matráða við eftirfarandi leikskóla:

**Nóaborg**, Stangarholti 11. Upplýsingar veitir Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólustjóri í síma 562-9595. Starfið er laust 1. ágúst n.k.

**Kvarnaborg**, Árkvörn 4. Upplýsingar veitir Sigrún Baldursdóttir leikskólustjóri í síma 567-3199. Starfið er laust 16. júní n.k.

Matráður er yfirmaður í eldhúsi og sér m.a. um matseld, innkaup og skipulag verkefna sem falla undir eldhúsið. Hann hefur yfirumsjón með hreinlæti og frágangi í eldhúsinu. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur áhuga á hollustu í matargerð, er góður í samskiptum og skipulagður í starfi. Um er að ræða 100% starf. Starfið er laust 16. júní n.k.

#### Aðstoðarmaður í eldhúsi

**Brekuborg**, Hlíðarhúsum 1. Upplýsingar veitir Guðrún Samúelsdóttir leikskólustjóri í síma 567-9380. Um er að ræða 75% stöðu. Vinnutími er frá kl.10.30-16.30.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólustjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## Hjúkrunarfræðingar

Óskast vegna aukinna verkefna og endurskipulagningar á há-gæsluþjónustu Barnspítala Hringinsins. Markviss aðlögun og fræðsla í boði. Miklir möguleikar á starfsþróun og verkefnavinnu. Barnspítali Hringinsins annast börn og unglínga að 18 ára aldri. Áhersla er lögð á fjölskylduhjúkrun þar sem barnið og fjölskylda þess er í forgrunni. Barnspítali Hringinsins er staðsettur í nýju og björtu húsnæði og er öll aðstaða til fyrirmyndar. Þar starfar áhugasamur og metnaðarfullur hópur þar sem samheldni og samvinna allra stétta er einkennandi. Stefna okkar er að vera í fararbroddi í þjónustu, kennslu og vísindum.

Umsóknir berist fyrir 29. maí nk. til Ragnheiðar Sigurðardóttur, deildarstjóra 23D, sími 543 3777/ 824 5826, netfang [ragnhsig@landspitali.is](mailto:ragnhsig@landspitali.is) og veitir hún upplýsingar ásamt Önnu Ólafíu Sigurðardóttur, sviðsstjóra, 21D, sími 543 3737, netfang [annaosig@landspitali.is](mailto:annaosig@landspitali.is).

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublað fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala -háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali -háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.



ÍSLENSK MÁLSTÖÐ

## Málfræðingur

Íslensk málstöð óskar að ráða starfsmann. Starfið krefst sérhæfingar í íslenski málfræði. Um er að ræða fullt starf við ýmis verkefni á sviði hagnýtrrar málfræði. Starfsmaðurinn verður að hafa lokið prófi í íslensku er samsvarar kandidatsprófi (MA).

Starfið er laust frá 21. ágúst 2006. Laun skv. samningum aðildarfélaganna BHM og ríkisins. Umsóknir skulu sendar Íslenski málstöð, Neshaga 16, 107 Reykjavík. Þeim skal fylgja greinargerð um menntun og starfsferil. Umsóknarfrestur er til 20. júní 2006. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.

Athygli umsækjenda er vakin á efni lagafrumvarps sem liggur fyrir Alþingi um sameiningu stofnana á sviði íslenskra fræða.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður, s. 552 8530, netfang [aripk@islenskan.is](mailto:aripk@islenskan.is).



## ÁLFASÖLUFÓLK!

Okkur vantar fólk um allt land til að selja Álfinn dagana 18.-21. maí.

## Góð sölulaun!

Skráning í síma 824 7646 og 824 7640



SAMTÖK ÁHUGAFÓLKIS  
UM ÁFENGIS- OG  
VÍMUEFNAVANDANN





## „Stöðugt að bæta við mig þekkingu...”

„Ég hef starfað hjá AppliCon í um það bil hálf ár og það er enn að koma mér á óvart hversu gott er að vera hér. Hópurinn er frábær, alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast og ekki síst, alltaf eitthvað nýtt og spennandi að kljást við. Menntun mín og reynsla nýttist mjög vel og ég er stöðugt að bæta við mig þekkingu á SAP og öllu sem því tilheyrir.

Mér leið mjög vel á fyrri vinnustað en færði mig um set til að fá ný og krefjandi verkefni og hefur tilfærslan farið fram úr væntingum. Hér er gott fólk, frábær andi og skemmtileg verkefni.”

### Jóhanna Ásmundsdóttir

SAP HR ráðgjafi, menntuð kennari og MBA.

Jóhanna vann á starfsmannasviði stórs fyrirtækis í níu ár áður en hún kom til AppliCon.

# Viltu verða sérfræðingur í SAP?

AppliCon er alþjóðlegt fyrirtæki með um 125 starfsmenn heima og erlendis sem starfar við SAP ráðgjöf. SAP er útbreiddasti viðskiptahugbúnaður í heimi og er notaður af mörgum af öflugustu fyrirtækjum hér á landi. Mannauðshluti SAP er samsettur úr fjölda sértækra lausna fyrir mannauðsstjórnun og launavinnslu. **AppliCon býður upp á alþjóðlegan starfsframa í SAP HR ráðgjöf.**

Vegna vaxandi verkefna býðst krefjandi og áhugavert starf sem byggir á líprum samskiptum við viðskiptavinum, ráðgjafa og alþjóðlega samstarfsaðila AppliCon.

„Sjónvág hefur notað Viðverulausn SAP frá 2003. Lausnin hjálpar okkur að halda utan um alla þætti í viðveru og fjarveru starfsmanna sem gerir okkur kleift að veita okkar ytri viðskiptavinum enn betri þjónustu. Starfsmenn fylgjast sjálfir með réttindum sínum í kerfinu sem uppfærast sjálfkrafa. Lausnin er einföld, sveigjanleg og býður upp á allt það sem nútíma fyrirtæki þarf á að halda til að halda uppi góðu þjónustustigi og einfaldleika. Þetta er klárlega besta viðverulausn á landinu.”

**Auður Daniëlsdóttir**, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Sjónvág

## Við leitum að efnilegum umsækjanda í SAP Time Management

Viðkomandi þarf að hafa til að bera:

- Reynslu á sviði viðverukerfa
- Sjálfstæði, ábyrgð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga og vilja til að setja sig inn í tæknilega hlið SAP
- Góða kunnáttu í ensku og dönsku.

Háskólamenntun er æskileg.

Við leggjum áherslu á starfsánægju, góða liðsheild og þjálfun. Við erum metnaðargjörn og gerum kröfu um árangur. Við kappkostum að afa bestu þekkingar á viðfangsefnum okkar.


**Umsóknarfrestur er til 24. maí 2006.**

Áhugasamir sendi umsókn til Örnú S. Guðmundsdóttur, hópstjóra Mannauðslausna AppliCon, [asg@appliicon.is](mailto:asg@appliicon.is) eða Sturlu Hreinssonar, starfsmannastjóra, [sjh@appliicon.is](mailto:sjh@appliicon.is), sem veita nánari upplýsingar.



# AppliCon





## LAGERSTARFSMAÐUR/ÚTKEYRSLA

**ÍSKRAFT** óskar eftir að ráða starfsmann til lagerstarfa á lager okkar að Smiðjuvegi 5. Starfið felur í sér almenn lagerstörf, tiltekt, móttöku og afgreiðslu varnings.

Æskilegt er að viðkomandi hafi lyftararéttindi.

**Litið er á ráðninguna sem framtíðarstarf**

**ÍSKRAFT** óskar eftir að ráða starfsmann til útkeyrslu- og lagerstarfa. Starfið felur í sér útkeyrslu á vöruflutningastöðvar og til viðskiptavina fyrirtækisins ásamt aðstoð á lager.

**Meiraprófsréttindi er skilyrði**

**Um framtíðarstarf er að ræða.**

Umsóknir óskast sendar til ÍSKRAFTS, Smiðjuvegur 5, 200 Kópavogur, fyrir 20. maí 2006. Upplýsingar veitir Jón Sverrir Sverrisson og Jón Halldórsson, netfang: [jon@iskraft.is](mailto:jon@iskraft.is) Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Ískraft er rafíðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur alls tvær starfsstöðvar, í Kópavogi og á Akureyri. Starfsmenn eru samtals 28.

**ÍSKRAFT**  
RAFÍÐNAÐARVERSLUN

## SKIPSTJÓRI OG VÉLSTJÓRI ÓSKAST



ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis. ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

### Skipstjóri og vélstjóri

Vegna aukinna verkefna óskar Ístak eftir að ráða skipstjóra og vélstjóra til starfa á efnisflutningapramma.

Um er að ræða framkvæmdir í Þorlákshöfn og Hafnarfirði.

Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.

Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

Næg vinna í boði.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.

Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar [www.istak.is](http://www.istak.is).

**ÍSTAK**



Það verður æ sjaldgæfara að Danir drekki bjór í hádeginu.

## Fá engan bjór í vinnunni

*Bjórinn hefur verið gerður útlægur á dönskum vinnustöðum.*

Aðeins 11 prósent vinnustaða í Danmörku leyfa starfsmönnum sínum að fá sér bjór í hádeginu samkvæmt niðurstöðu rannsóknar danskra heilbrigðis- yfirvalda. Er þetta mikil breyting á stuttum tíma en árið 2002 voru 73 prósent vinnustaða með reglur um áfengisnotkun í vinnunni en nú er hlutfallið komið upp í

89 prósent. Á 23 prósentum vinnustaðanna er algjörlega bannað að nota áfengi en á 57 prósentum vinnustaða hafa starfsmenn leyfi til að drekka vín við móttökur og önnur sérstök tilfelli.

Því miður býður 81 af hundraði vinnustaða á frjálsum vinnumarkaði ekki upp á neina aðstoð til þeirra starfsmanna sem eiga við áfengisvandamál að stríða ef marka má sömu könnun en sagt var frá niðurstöðum hennar á heimasíðu HK, systurfélags VR í Danmörku.



170 leikskólakennarar útskrifast í vor, flestir hafa þegar ráðið sig til starfa á leikskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aldrei fleiri leikskólakennarar

*Stærsti árgangur leikskólakennara frá upphafi útskrifast í vor.*

Hundrað og sjötíu leikskólakennarar útskrifast í vor frá Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Aðeins tveir karlar eru í þessum hópi, báðir frá KHÍ. Þetta er fjölmennasti árgangur leikskólakennara sem útskrifast hefur frá upphafi, eða frá árinu 1948. Félag leikskólakennara bauð nýju leikskólakennur-

unum til móttöku í Kennarahúsinu við Laufásveg í tilefni útskriftarinnar. Þar kom fram að langflestir útskriftarnema hafa þegar ráðið sig til starfa í leikskólum.

Miðvikudaginn 17. maí verður haldin kynning á verkefnum útskriftarnema á leikskólakennarabraut KHÍ. Yfirskrift kynningarinnar er „Þróunar- og nýbreytnistarf í leikskólum“. Kynningin er opin öllum sem áhuga hafa á [www.ki.is](http://www.ki.is)





### Lagerstarf í Hafnarfirði

MEST óskar eftir að ráða dugmikinn og drífandi einstakling í lagerstarf í Hafnarfirði.

Starfið felst í samantekt pantana, móttöku á efni og öðrum almennum lagerstörfum.

Vinnutíminn er frá 8-18.

Viðkomandi þarf að vera jákvæður, lipur í mannlegum samskiptum, stundvís og reglusamur. Lyftararéttindi æskileg.

Um er að ræða framtíðar- og/eða sumarstarf.

### Bílstjóri á hellubíl

MEST óskar eftir að ráða dugmikinn og drífandi einstakling í dreifingu á söluvörum MEST.

Starfið felst í útkeyrslu á hellum og einingum.

Leitað er að manneskju sem getur unnið á kvöldin og um helgar.

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf, vera jákvæður og stundvís.

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 19. maí 2006 á skrifstofu MEST að Malarhöfða 10, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið: umsoknir@mest.is.

Fyrirspurnum svarar Hrafnhildur Harðardóttir í síma 4 400 400.



Traust og persónuleg þjónusta eru aðalsmerki MEST þar sem áhersla er lögð á einföld og þægileg samskipti. Hjá MEST starfa 160 manns á 5 starfsstöðum. Við hjá MEST leggjum áherslu á krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá öllu okkar starfsfólki.

– allt til bygginga



LaserSjón hóf starfsemi árið 2000. Fyrirtækið hefur upp á að bjóða nýjustu tækni sem völ er á sjá [www.lasersjon.is](http://www.lasersjon.is)

## Hjúkrunarfræðingur óskast

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall 70-100%.

Sérhæf þjálfun fer fram hjá fyrirtækinu.

Vinsamlega sendið umsókn til LaserSjón ehf, Ármúla 24, 108 Reykjavík.

Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið [lasersjon@lasersjon.is](mailto:lasersjon@lasersjon.is)

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til 21. maí 2006



Reykjavíkurborg  
- Einn vinnustaður

## Aðstoðarskólastjóri við Breiðagerðisskóla

Breiðagerðisskóli er skóli án aðgreiningar fyrir nemendur í 1.-7. bekk, með 360 nemendur. Skólinn er móðurskóli í þróun kennsluhátta með áherslu á félagslega blöndun nemenda innan árganga. Skólinn sinnir nýbreytni og þróunarstarfi í félagsfærniþjálfun í skólafélagi. Lögð er mikil áhersla á samstarf og sameiginlega ábyrgð kennara innan árganga. Skólinn leitar leiða til að koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda. Rík áhersla er á list- og verkgreinar, tónlist og skapandi starf.

Leitað er að umsækjendum sem hafa:

- Kennaramenntun og reynslu af kennslu barna með sérþarfir
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar
- Stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun þar með talið af rekstri

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnað í starfi, áhuga á skólaþróun og nýbreytni starfi

Upplýsingar um starfið veita Guðbjörg Þórisdóttir skólastjóri Breiðagerðisskóla sími 510-2600, [gudbjorgt@breidagerdisskoli.is](mailto:gudbjorgt@breidagerdisskoli.is) og Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri á Menntasviði Reykjavíkurborgar [ingunn.gisladottir@reykjavik.is](mailto:ingunn.gisladottir@reykjavik.is), sími 411 7000.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf, gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála auk annarra gagna sem málið varðar. Umsóknir sendist á Menntasviði Reykjavíkurborgar, Frikirkjuvegi 1. Umsóknarfrestur er til 12. júní 2006. Laun eru skv kjarasamningi LN og KÍ.

Vakín er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Skjól

Hjúkrunarheimili, Kleppsvégi 64 104 Reykjavík

### Hjúkrunarfræðingar !

Óskum eftir hjúkrunarfræðingum til starfa. Einkum vantar á kvöld- og helgarvaktir. Starfshlutfall samkomulag. Einnig vantar hjúkrunarfræðinga til sumarafleysinga á allar vaktir einkum á næturvaktir í júlí og ágúst

### Sjúkraliðar.

Sjúkraliðar óskast til starfa í fastar stöður og til afleysingar. Starfshlutfall samkomulag.

### Félagsliðar.

Félagsliðar óskast til starfa bæði í fastar stöður og til sumarafleysinga.

### Starfsfólk í aðhlyningu.

Starfsfólk óskast við umönnun aldraðra á morgun- og kvöldvaktir. Starfshlutfall samkomulag

Skjól er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi. Að vinna við umönnun aldraðra er dýrmæt og góð reynsla. Góð starfsaðstaða. Reyklauss vinnustaður.

Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður

Vilhjálmisdóttir hjúkrunarforstjóri

([alla@skjol.is](mailto:alla@skjol.is)) virka daga í síma 522-5600



> **Húsasmíðjuskólinn:**  
Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

> **Starfsmannafélag:**  
Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttavíðburði og útleigu sumarhúsa.

> **Heilsuefning:**  
Húsasmíðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt fastráðinna starfsmanna.

> **Viðskiptakjör:**  
Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

> **Fyrir alla:**  
Húsasmíðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er og vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

# Áhugaverð sumarstörf

Viljum ráða öflugra einstaklinga til afleysinga á timburlager fyrirtækisins í Súðarvog.

### Hæfniskröfur:

- Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf
- Lyftararéttindi kostur, verða að öðrum kosti sendir á lyftaranámskeið

Einnig viljum við ráða afleysingafólk í verslanir okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Æskilegt að viðkomandi séu fæddir 1989 eða fyrr.

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmíðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, [gudrunk@husa.is](mailto:gudrunk@husa.is). Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmíðjunnar [www.husa.is](http://www.husa.is)

Húsasmíðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvæðis á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmíðjuverslanir eru átján talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmíðjunni starfa að jafnaði um 700 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.



HÚSASMÍÐJAN

...ekker mál



## Frá Grunnskólanum í Borgarnesi Lausar kennarastöður

Grunnskólinn í Borgarnesi auglýsir lausar til umsóknar kennarastöður við skólann frá upphafi næsta skólaárs. Leitað er að vel menntuðum kennurum sem vilja taka þátt í þróun skólustarfs með öðrum starfsmönnum skólans. Lögð er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, teymisvinnu kennara og vellíðan. Unnið er í anda uppbyggingarstefnu. Meðal kennslugreina er stuðnings- og sérkennsla, almenn bekkjarkennsla, og raungreinar. Í skólanum eru um 330 nemendur og mun þeim fjölga á næstu misserum enda er Borgarbyggð vaxandi byggðarlag þar sem gott er að búa. Á heimasíðu ([www.grunnborg.is](http://www.grunnborg.is)) er að finna ýmsar upplýsingar um skólann en auk þess veita Kristján Gíslason ([kristgis@grunnborg.is](mailto:kristgis@grunnborg.is)) skólastjóri og Hilmar Már Arason ([hilmara@grunnborg.is](mailto:hilmara@grunnborg.is)) aðstoðarskólastjóri fúslega allar upplýsingar í síma 437-1229.

Skólastjóri



## Verkefnastjóri

Við leitum að verkefnastjóra til að stjórna verklegum framkvæmdum. Störfín eru til framtíðar við fjölbreytt verkefni í byggingariðnaði.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Byggingaverk- eða tæknifræðimenntun  
Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda  
Stjórnunarhæfi  
Skipulögð og öguð vinnubrögð  
Hæfni til að vinna undir álagi

## Verk- eða tæknifræðingur

Við leitum að verk- eða tæknifræðingi til að annast tilboðsgerð, áætlanagerð og efnis-samþykktir

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Byggingaverk- eða tæknifræðimenntun  
Reynsla af verklegum framkvæmdum æskileg  
Skipulögð og öguð vinnubrögð  
Hæfni til að vinna undir álagi

Umsóknir sendist til [maria@atafl.is](mailto:maria@atafl.is)  
eða á skrifstofu félagsins, Lyngási 11,  
210 Garðabæ  
Sími 420 6400

Atafl er eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land. Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrad. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Garðabæ.

## Góður starfskraftur óskast til afgreiðslu- og sölustarfa.

Vinnutími frá kl. 11-18 annan hvern dag og annan hvern laugardag.

Upplýsingar í síma 893-9858 eða sendist á [iana@simnet.is](mailto:iana@simnet.is)

## Verkefnastjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Hornafirði



Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ([www.rf.is](http://www.rf.is)) auglýsir eftir verkefnastjóra til starfa á Hornafirði. Um er að ræða nýtt starf sem unnið verður í nánnum tengslum við starfsemi Frumkvöðlaseturs Austurlands ehf. eða Frumuna. ([www.fruma.is](http://www.fruma.is))

Hlutverk verkefnastjórans verður að stjórna og vinna að verkefnum á vegum Rf. á Hornafirði en þau fela m.a. sér:

- umsjón með daglegum rekstri, öflun verkefna og áætlanagerð
- samstarf við fyrirtæki og einstaklinga um verkefni
- vinnu við verkefni sem tengjast humarveiðum og vinnslu
- kortlagningu á tækifærum
- að kynna verkefni og tækifæri í umhverfinu.

Umsækjendur skulu hafa lokið meistaraþrófi í raunvísindum, líffræði, matvælafræði eða verkfræði. Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, gott vald á ensku og íslensku og lipurð í mannlegum samskiptum.

Fyrirhuguð starfsemi verður með aðsetur í þekkingarsetrinu Nýheimum, Höfn í Hornafirði. Nýheimar er nýleg, sérhönnuð bygging þar sem lögð er

áhersla á að innleiða nýja hugsun, tækni og vinnubrögð í menntun, menningarmálum, þróunarstarfi og nýsköpun, sem nýtist við styrkingu menningar og atvinnulífs svæðisins.

Umsóknnum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla sendist til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélag.

### Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2006.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst Nánari upplýsingar veitir Sigurjón Arason, [sigurjon@rf.is](mailto:sigurjon@rf.is), sími 5308600

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun sem starfar samkvæmt lögum 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Stefna Rf er að auka verðmæti sjávarfangs með rannsóknum, þróunarvinnu, miðlun þekkingar og ráðgjöf. Sérfræðisvið Rf eru m.a. vinnslutækni, líftækni, efna- og eðliseiginleikar matvæla, gæði og öryggi sjávarfangs, fóður og fóður tækni í fiskeldi og umhverfisrannsóknir.



Reykjavíkurborg  
- Einn vinnustaður

## Aðstoðarskólastjóri við Brúarskóla

### MENNTASVIÐ

Staða aðstoðarskólastjóra við Brúarskóla er laus frá og með 1. ágúst 2006.

Skólinn, sem er einn af grunnskólum Reykjavíkur, er sérskóli fyrir nemendur í 3.-10. bekk sem eiga í alvarlegum geð-, hegðunar- og félagslegum vanda. Um 50 nemendur eru í skólanum. Kennslan fer fram í Vesturhlíð 3, einnig sér skólinn um kennslu á Barna- og unglingageðdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss, Stuðlum og í Háholti í Skagafirði.

Markmið skólustarfsins er að nemendur séu tímabundið í skólanum og geti snúið til baka í sinn fyrri skóla eftir dvöl í Brúarskóla. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám, með áherslu á félagsfærni, reiðistjórnun og samskipti. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og útivist og fjölbreytilega verklega vinnu.

Mikil samvinna er meðal allra starfsmanna og eru starfsmenn einnig í nánnum samstarfi við foreldra, starfsmenn Menntasviðs, Þjónustumiðstöðvar, Barnavernd og lögreglu.

### Leitað er að umsækjendum sem hafa:

- Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði sérkennslu auk kennslureynslu
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun þar með talið af rekstri
- Mikla samskiptahæfileika
- Metnað í starfi og áhuga á skólaþróun og ný breytnistarfi

Upplýsingar um starfið veita Björk Jónsdóttir, skólastjóri Brúarskóla, sími 520-6000, [bjorkjo@bruarskoli.is](mailto:bjorkjo@bruarskoli.is) og Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri á Menntasviði Reykjavíkurborgar sími 411 7000, [ingunn.gisladottir@reykjavik.is](mailto:ingunn.gisladottir@reykjavik.is)

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf, gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála auk annarra gagna sem málið varðar. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Frikirkjuvegi 1.

Umsóknarfrestur er til 12. júní 2006. Laun eru skv kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## KÓPAVOGSBÆR

Frá Lindaskóla  
Laus störf næsta skólaár

- Námsráðgjafi 100% starf
- Tölvukennari 100% starf

Laun samkv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Hvetjum karla jafnt sem konur að sækja um störfín.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri,  
Gunnsteinn Sigurðsson í  
síma 554 3900  
og 861 7100.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)



STARFSMAÐUR ÓSKAST  
Í HARÐFISKVINNSLU

Nauðsynlegt að viðkomandi hafi reynslu af stjórn gaffallyftara.

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 693 02 03

FISKSÖLUSKRIFSTOFAN EHF. • EYRARTRÖÐ 11 • 220 HAFNARFJÖRÐUR



**Arkitekt / byggingafræðingur**

með reynslu af ARCHICAD óskast til starfa á Skipulags- arkitekta- og verkfræðistofuna, Garðastræti 17, 101 Rvk. Upplýsingar í síma 561-6577 eða á staðnum.

**KÓPAVOGSBÆR****LAUS STÖRF****Hvammshús:**

- Kennari við sérúrræði

**Félagsþjónusta Kópavogs:**

- Aðstoð við heimilisstörf
- Störf við liðveislu
- Matráður Roðasölum
- Matráður Skjólbraut 1

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:****Digranesskóli:**

- Umsjónarkennari á yngsta og/eða miðstigi
- Danskennari 50%

**Hjallaskóli:**

- Umsjónark. á yngsta stig
- Umsjónark. á miðstigi

**Hörðuvallaskóli:**

- Gangaverðir – ræstar með meiru

**Kársnesskóli:**

- Kennari í náttúrufræði á unglingsstigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Kennari í samfélagsfræði á unglingsstigi

**Kópavogsskóli:**

- Tónlistarkennari

**Lindaskóli:**

- Námsráðgjafi 100%
- Tölvukennari 100%

**Smáraskóli:**

- Umsjónark. á byrjendastigi
- Umsjónark. á miðstigi
- Danskennari 50%

**LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:****Arnarsmári:**

- Leikskólakennari
- Matráður
- Aðstoð í eldhúsi

**Álfaheiði:**

- Leikskólakennari

**Álfatún:**

- Leikskólasérkennari
- Sérkennslustjóri 50%

**Dalur:**

- Deildarstjóri og leikskólak.

**Efstihjalli:**

- Leikskólakennari
- Aðstoð í eldhúsi 75%

**Fagrabrekka:**

- Sérkennslustjóri

**Fífusalir:**

- Leikskólakennari

**Grænatún:**

- Leikskólakennari

**Núpur:**

- Sérkennslustjóri
- Leikskólakennarar

**Rjúpnahæð:**

- Leikskólakennarar

**Smárahvammur:**

- Leikskólasérkennari

Nánari upplýsingar á:  
**[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)**  
og **[www.job.is](http://www.job.is)**

**Í Vík í Mýrdal eru eftirfarandi störf laus til umsóknar:**

Grunnskóli Mýrdalshrepps

Í grunnskólanum eru um 70 nemendur í 1. -10. bekk. Góður starfsandi og öflugt starfslið. Áhersla á mann-rækt og umhverfi, unnið með samskipti, einstakings-miðað nám og skrefin sjö að Grænánanum. Heimasíða skólans er <http://gsm.ismennt.is>

**Enskukennari**

Grunnskólann vantar enskukennara. Fleira kemur til greina svo sem umsjónarkennsla, upplýsingamennt og heimilisfræði.

Nánari upplýsingar veita:

Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri s: 4871242, [kolbrun@ismennt.is](mailto:kolbrun@ismennt.is)  
Sveinn Pálsson sveitarstjóri s: 4871210, [sveitarstjori@vik.is](mailto:sveitarstjori@vik.is)

Umsóknarfrestur er til 29. maí

**Hjallatún****Dvalar- og hjúkrunarheimili**

Hjallatún er notalegt heimili með um 20 heimilismönnum í hjúkrunar- og vistrymum.

**Hjúkrunarfræðingur**

Hjallatún leitast að hjúkrunarfræðingi í 70% stöðu og bakvaktir aðra hvora viku. Staðan er laus frá 15. ágúst nk. eða eftir samkomulagi. Aðstoðarmatráður

Einnig laus 70% staða aðstoðarmatráðs frá 1. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri:

Guðlaug Guðmundsdóttir s: 487-1348 eða 868-1181, [hjallatun@vik.is](mailto:hjallatun@vik.is)

Umsóknarfrestur er til 11. júní.



Suður - VÍK

Leikskólinn Suður-Vík er um 30 barna leikskóli og er staðsettur á fallegum staði í einu elsta húsi Víkur.

**Leikskólakennari**

Við leikskólann er laus 50-100% staða leikskólakennara frá 1. ágúst.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri:

Aðalheiður Sigþórsdóttir s: 4871241 eða 8999607, [leikskoli@vik.is](mailto:leikskoli@vik.is)

Umsóknarfrestur er til 11. júní

Tónskólinn er til húsa með grunnskóla Mýrdalshrepps og vinnur í nánu samstarfi við grunnskólann. Nemendur eru milli 20 og 30

**Tónskólastjóri – tónskólakennari**

Við Tónskóla Mýrdælinga er laus ein og hálf staða tónskólastjóra og tónlistakennara.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn Pálsson sveitarstjóri s: 4871210, [sveitarstjori@vik.is](mailto:sveitarstjori@vik.is)

Umsóknarfrestur er til 11. júní



**Mýrdalshreppur**  
[www.vik.is](http://www.vik.is)

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem grunn- leik- og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili, íþróttahús og sundlaug. Mikil áhersla er lögð á æskulýðs- og íþróttamál og aðstoða er góð m.a. glæsilegur frjálisíþróttaleikvangur.

Náttúrufræðingur er rómuð í Vík og nágrenni og margir möguleikar til útvistar. Vík er í um 2 kíló fjarlægð frá Reykjavík og samgöngur eru greiðar árið um kring.

Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar eru fyrir fólk með ferðarhugmyndir. Sveitarfélagið og stofnanir þess eru þátttakendur í verkefni Lýðheilsustöðvar. Allt hefur áhrif einkum við sjálf.

**STARFSFÓLK ÓSKAST**

ÍSTAK óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin störf vegna aukinna verkefna:

**Hefilstjóra með reynslu**

**Vörubílstjóra með réttindi á dráttarbil með tengivagn**

**Vélamenn með réttindi á stærri vélar**

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar [www.istak.is](http://www.istak.is).

**ÍSTAK**



## TRÉSMIÐIR ÓSKAST



ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjú fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis. ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

### Trésmiðir

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmiði til starfa. Um er að ræða framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu. Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk. Næg vinna í boði.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar [www.istak.is](http://www.istak.is).

# ÍSTAK

## HVERNIG VERÐUR MAÐUR... LÖGREGLUMADUR?



Lögreglustarfið er fjölbreytt og fer það meðal annars eftir því hvar á landinu lögreglumennirnir starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Hentar jafnt konum sem körlum

### Um starfið


**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

**Meirapróf – Nýir tímar**

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla  
Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



**ÖKU  
SKOLINN  
Í MJÖDD**

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Næsta námskeið hefst 17. maí.



**Ótrúlegt tilboð til Mexíkó**  
30.000 kr. afsláttur af síðustu sætumum

Á Real Playa Del Carmen hótelinu með **allt innifalið:**

Ótakmarkaður matur og drykkir, óáfengir og áfengir, öll afþreying, skipulögð skemmtidagskrá og stórsýningar (show) á hverju kvöldi.

Brottfarir: 24. maí (5 sæti laus) og 7. júní laus sæti, 13 nætur.

(ath. takmarkað sætamagn)

Verð frá **118.000 kr.**

Flug eingöngu **59.900 kr.** (með sköttum)



**Trans-Atlantic**

Sími 588 8900 • www.transatlantic.is

**Í BÍÓ**

**TIM ALLEN** is

WALT DISNEY  
FIGURE PRESENTS  
**THE SHAGGY DOG**

Tim Allen (The Santa Clause/Toy Story) skiptir um ham í grínviðburði ársins.

Frábær fjölskylduskemmtun frá Walt Disney

**KOMIN Í BÍÓ!**

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI • SELFOSS



## SPURNINGAR TIL FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

**F** ■ **Sigurjón spyr:** Er hugsanlegt að lækka fargjaldið í strætó? Mér finnst 250 kr. vera mikið fyrir að fara milli stoppistöðva innan hverfis.

**Svar:** Eins og lesa má í stefnuskrá Frjálslyndra á heimasíðunni www.f-listinn.is er gjaldskrá og hagræðing á strætó á eitt helsta áherslumál flokksins. F-listinn í borgarstjórn hefur þrívægis lagt fram tillögur um frítt í strætó fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja, sem R-listaflokkarnir þrjú hafa ávallt fellt. Við ætlum líka að endurskipuleggja starfsemi strætó sérstaklega með þarfir ungmenna og eldra fólks að leiðarljósi. Þannig viljum við koma á hverfisstrætóum með hringakstri í hverju hverfi borgarinnar. Slíkt myndi auðvelda fólki að sækja þjónustu á borð við frístundastarfsemi hvers konar, skóla, heilsugæslu ofl. í sínum hverfum. Aðrir vagnar væru svo látnir fara stofnbrautir.

■ **Brynjar Guðnason spyr:** Hver er afstaða ykkar til skólábúninga?  
**Svar:** Skólábúningar eru ekki til þess fallnir að fela öjöfnuðinn í þjóðfélaginu, enda ber okkur að vinna á rót vandans í stað þess að fela hann. Í öðrum löndum hefur víða verið horfið frá þeirri skyldu að nota skólábúninga, því það er einnig kostnaðarsamt að halda búningunum vel útlitandi og mismunun getur þannig allt eins komið fram í því hversu slíttinn skólábúningurinn er, hvort hann er hreinn eða hvernig skórnir sem notaðir eru við eru. Hins vegar er ekkert sem mælir á móti því að skólar sem kjósa slíkt hafi t.d. flispeysur, húfur eða aðra flik merktu skólanum, sem er þá meira til að skapa samheldni og líðsheild.

■ **Kári P. Kjartansson spyr:** Ætlið þið að lækka skatta og álögur á Reykvikinga komist þið í meirihluta í borgarstjórn?

**Svar:** Eins og fyrir kosningarnar 2002 snýst framboð F-listans um fólkið í borginni og vill flokkurinn sérstaklega sinna málefnum sjúkra, aldraða, öryrkja og barnafjölskyldna. Sem fyrr leggur F-listinn áherslu á lægri þjónustugjöld fyrir þessa hópa. Við viljum meðal annars stórauka afslátt á fasteignagjöldum hjá elli- og orkullífeyrisþegum. Í því skyni viljum við hækka tekjumörk fyrir niðurfellingu fasteignagjalda um 100% þegar á næsta ári. Þessi afsláttur er áætlaður 195 milljónir króna á árinu 2006 en við hækkuðum tekjumark um 100% á árinu 2007 má ætla að afslátturinn verði á milli 400-500 milljónir króna. Við teljum þetta raunhæfa aðgerð til að hjálpa öldruðum og öryrkjum að búa í eigin húsnæði eins lengi og þeir kjósa og að þetta fari vel saman við fyrirætlunir okkar um eflingu heimaþjónustu í borginni.

■ **Ólufur spyr:** Af hverju á innanlandsflugíð ekki að fara til Keflavíkur? Hefur kostnaður við það verið kannaður? Stendur til að kanna þann kostnað?

**Svar:** Stærsta ágreiningsmálið og um leið þýðingarmesta skipulags- og samgöngumál í Reykjavík í komandi kosningum er flugvallarmálið, þar sem F-listinn vill einn flokanna í borginni halda flugvöllinum í Vatnsmyri. Í Vatnsmyri er flugvöllurinn vel staðsettur með tilliti til innanlands-, sjúkra- og öryggisflugs og einnig sem ómissandi varaflygvöllur fyrir millilandsflugíð. Staðsetning flugvallarins hefur einnig áhrif á atvinnulíf í Reykjavík og á landinu öllu. Það væri eflaust auðveld leið að færa allt flug til Keflavíkur og augljós sparnaður í því ef sá kostur er borinn saman við að byggja nýjan flugvöll í stað þess sem nú er í Vatnsmyrinni. Þess vegna er ljóst að Reykvikingar þurfa að verja flugvöllinn í Vatnsmyri til að tryggja að innanlandsflug verði áfram raunhæfur kostur. Með Keflavík sem innanlandsflugvallarstæði fyrir Reykjavík myndi umtalsverður ferðatími bætast við fyrir þá ferðalanga til og frá Reykjavík sem myndi einfaldlega leiða til þess að innanlandsflug legðist að mestu niður og núverandi flugumferð færðist út á vanbúna þjóðvegi landsins. Það gæti þýtt fjölgun dauðaslysa í umferðinni um 5-10 slys á ári.

## SPURNINGAR TIL FRAMSÓKNARFLOKKSINS

■ **Sigurjón spyr:** Er hugsanlegt að lækka fargjaldið í strætó? Mér finnst 250 kr. vera mikið fyrir að fara milli stoppistöðva innan hverfis.

**Svar:** Stefna B-listans er að frítt sé í strætó fyrir aldraða, öryrkja og ungmenni. Með þeim hætti teljum við að nýtingin aukist en í dag eru vagnarnir meira og minna tómir.

■ **Kári P. Kjartansson spyr:** Ætlið þið að lækka skatta og álögur á Reykvikinga komist þið í meirihluta í borgarstjórn?

**Svar:** Stefna B-listans er að leggja áherslu á aukna þjónustu til borgarbúa.

■ **Ólufur spyr:** Af hverju má innanlandsflugíð ekki að fara til Keflavíkur? Hefur kostnaður við það verið

kannaður? Stendur til að kanna þann kostnað?

**Svar:** B-listinn lítur á það sem skyldu höfuðborgarinnar að tryggja loftbrú milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar. Við viljum halda í þau 800-1000 störf sem tengjast flugvallarstarfsemi. Til þess að koma til móts við sjónarmiðin um að byggja í Vatnsmyrinni leggjum við til að flugvöllurinn verði á Lönguskerjum. Þá framkvæmd er hægt að vinna á næstu 10 árum með því hafa tipp (losunarstað jarðefna) á Lönguskerjum. Það hefur verið skoðað hvað kostar að fara með hraðlest til Keflavíkur og það er mun meiri kostnaður heldur en að fara með flugvöllinn á Löngusker auk þess sem það gengur gegn hagsmunum Reykvikinga.

■ **Sigfús P. Sigmundsson spyr:** Hvað hefur framboð ykkar eytt miklu fé í

kosningabaráttuna nú þegar og hvað er áætlað að baráttan kosti í heildina?

**Svar:** Heildaráætlun liggur ekki fyrir. Fjárflokkarnefnd er að störfum og henni gengur vel. Framsóknarflokkurinn hefur bæði haldið úti málgaðni og eins auglýst fyrir kosningar. Það er mun hagkvæmari kostur að auglýsa störf og stefnu flokksins heldur en að halda úti málgaði.

■ **Ólafur H. Ólafsson spyr:** Hvar vill Framsóknarflokkurinn að innanlandsflugvöllurinn verði í framtíðinni?

**Svar:** Nú þegar liggur fyrir að borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt með yfirlýsningu meirihluta að flugvöllurinn fari úr Vatnsmyrinni, teljum við mikilvægt að tryggja að flugvöllurinn verði áfram í Reykjavík. Þetta er mikilvægt til að tryggja 600 til 1000 störf, tryggja hagsmuni sjúkraflugs og

framtíð innanlandsflugsins á Íslandi. Þess vegna leggjum við til að nýr flugvöllur verði byggður á Lönguskerjum í Skerjafirði.

■ **Porkell Sigurbjörnsson spyr:** Gerið þið áfram ráð fyrir því að fólk þurfi að borga í stöðumæla í miðborginni eða að tekið verði upp einhvers konar nýtt gjaldfrjálst kerfi?

**Svar:** Við teljum spennandi að skoða kosti þess að taka upp klukkakerfi sem gefist hefur vel erlendis.

■ **Egill Moran Friðriksson spyr:** Munið þið hækka laun leikskólakennara hjá borginni fáid þið tækifæri til þess?  
**Svar:** Með þátttöku okkar í Reykjavíkurlistanum stóðum við að hækkuðum lægstu launa til umönnunarstétta. Sjálfstæðisflokkurinn gagnrýndi þá ákvörðun okkar.

# Tryggðu þér sumarsælu á gamla verðinu!

## Engin gengishækkun og óvissuferðir á útsöluprís

Ef þú staðfestir ferðir til Búlgaríu fyrir 16. maí færðu ferðina á gamla verðinu - án gengishækkunar.



**Tilboð**

**Óvissuferðir (2 vikur) á ótrúlegu verði**

Verð frá **36.500 kr.\***

á mann í tvíbýli í 2 vikur með sköttum

**Brottfarir í 2 vikna ferðir:**

**6. 13. 20. og 27. júní**  
**4. 11. 18. og 25. júlí**

Apollo Smile eru óvissuferðir fyrir þá sem vilja fyrst og fremst komast í sólina og á ströndina en leggja síður áherslu á gístistaði.

Við tryggjum gistingu í tví- eða þrúbýli og þú getur valið um gæði gistingarinnar

• **Apollo Smile – 3 sólar:** Gístistaðurinn fær 3 sólar í gæðakerfi Apollo (milli-flokkur).

Verð frá 44.000 kr. á mann\*

• **Apollo Smile:** Gístistaðurinn fær 2 sólar í gæðakerfi okkar.

Verð frá 41.000 kr. á mann\*

• **Óvissuferðir:** Við tryggjum svefnpláss með lágmarksþægindum. Vikuverð frá 36.500 kr. á mann\*



**Bókaðu núna!**  
[www.apollo.is](http://www.apollo.is)

**Náðu þér í bækling!**



Bæklingar liggja frammi á völdum Esso-stöðvum:

**Reykjavík:** Ártúnshöfði og Fossvogur.

**Hafnarfjörður:** Lækjargata

**Akureyri:** Leiruvegur

\* Verð miðast við bókun á netinu. Lesið um nánari skilmála óvissuferða á heimasíðu okkar. Óvissuferðir eru án fæðis og ferða til og frá flugvelli ytra

**apollo**

**5 100 300** [www.apollo.is](http://www.apollo.is)

Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur



# Bjössí og svarta gamla gengið

G rjóthnullungar liggja á víð og dreif um veginn sem liggur að Mosdal í Arnarfirði og þeir fáu vegfarendur sem leggja leið sína að Ósi eða Laugabóli verða að sveigja á milli þeirra og vona að fleiri hnullungar bættist ekki í hópinn svona rétt á meðan þeir aka þarna um. Dalalæðan hylur Dynjandisfoss sem annars blasir tignarlegur við innst í firðinum. Eftir þrautakstur blasir svo bærinn á Ósi við og þá er ekkert annað að gera en leita bústólpann uppi, einbúann Þorbjörn Pétursson eða Bjössu á Ósi eins og menn þekkja hann fyrir vestan. Hann finnst úti í fjárhúsi enda sauðburður í fullum gangi. Eftir stutt spjall er blaðamanni svo boðið í kaffi og til frekara skrafs.

## Svarta gamla gengið

Á veturna er sjaldnast bílfært í Mosdal en Jón Halldórsson póstur frá Bíldudal kemur með varning að Ósi tvisvar í viku á póstbátnum. „Við Jón erum miklir mátar en þó höfum við tekist harkalega á en svo er það bara búið á eftir,“ segir Bjössu. „En svo hef ég líka félagskap af svarta gamla genginu og spjalla við það.“ Þar með var blaðamaður rekinn á gat en hann hafði ekki heyrt af þessu gengi. „Þú vissir ekki af svarta gamla genginu, ég skal bara sýna þér það,“ segir Bjössu þá og fer að brytja mjólkurkex í skál. Svo er blaðamanni sagt að hafa sig hægán við útidyrnar uns gengið sé komið. Bjössu fer út í lítið fjárhús ofan við bæinn og kemur svo til baka en kallar þá á Rósu, Siggú og Svanhildi. Þá kemur lítill rolluhópur í einni röð á eftir bóndanum og elta hann að hlaðinu en þar fá þær kexbita. Þarna var svarta gamla gengið komið að bænum.

## Rollufæla rekin af bæ

Bjössu kemur að húsinu aftur líkt og hann vilji nú kynna blaðamann fyrir genginu. „Það er svo skrýtið að þær virðast hræddar við suma menn en hænast að öðrum. Eitt sinn var ég að reyna að koma þeim í hús en þá var hjá mér gestur sem ég vil ekki nefna á nafn því þá verður hann móðgaður. Enda fór það svo að ég varð að senda hann heim því þær vildu sig ekki hræra meðan hann



HÁDEGISVERÐUR Bjössu fær varning með póstbátnum tvisvar í viku.



HELLT UPP Á Það er notalegt í eldhúsinu á Ósi.

var nálægur.“ Ekki var þetta uppörvandi fyrir blaðamann sem taldi sig vera rollufælu og því útlit fyrir að honum yrði vísað af bæ. En áður en þær áhyggjur náðu nokkru lengra komu Snjólaug, Vína og Svanhildur að blaðamanni, hvergi bangnar. „Sko, þær virðast spakar við þig,“ segir Bjössu.


Fimmtán rollur eru í svarta gamla genginu og eru þær hýstar í öðru fjárhúsi en hinar. Bjössu kallar það heimahúsið. En hinar 140 rollurnar eru engin olnbogabörn á Ósi því allar hafa þær sitt nafn og Bjössu ræðir við þær líka. Hann segir ekki skorta á viðbrögð hjá þeim því þær svari með jarmi og jafnvel brosi.

Þegar komið var að heimahúsi hafði Móra borið svo það fjölgaði um einn í genginu á meðan heimsókninni stóð.

## Á traktornum í kaupstaðinn

Stundum bregður Bjössu sér af bæ þó það sé oftast hægara sagt en gert. „Ég þarf stundum að fara til Þingeyrar eða Bíldudals og þá fer ég bara á traktornum. Það tekur svona tæpa þrjá tíma að fara til

SEGIST ORÐINN LÉLEGUR TIL HEILSUNNAR Bjössu er ekki búinn að ákveða hvort hann þreyi annan vetur á Ósi eða taki sér eitthvað annað fyrir hendur. Eitt sé þó víst; hann fari ekki í bólvaðan hamaganginn í Reykjavík.



Þingeyrar og aðeins meira á Bíldudal. Svo fæ ég stundum far með Jóni Halldórssyni á bátnum en ég hef ekkert yndi af því að vera á sjó, það er bara svo skrítið.“ Hann segist þó ekki þurfa að fara svo oft að það taki því að fá sér bíl.

## Innrömmuð mynd af Eddu Andrésdóttur

Þótt Bjössu hafi aldrei verið kvæntur og sjaldan sjáist til kvenna á Ósi hefur hann yndi af kvenlegri fegurð og liggur ekki á skoðunum sínum í þeim efnum. „Þetta er fallegasta kona sem sést hefur á sjón-

varpsskjánum,“ segir hann meðan hann heldur á innrammaðri mynd af Eddu Andrésdóttur fréttakonu. „Það var alveg hræðilegt þegar hún hætti á Sjónvarpinu og fór á Stöð 2 því ég næ henni ekki þar. Ég var gráti næst. En sem betur fer heyrir maður ennþá í Svanhildi Jakobsdóttur í útvarpinu, hún er alveg yndisleg. En mér finnst ekkert varið í yngri konurnar, það er bara eitthvað við þær sem ég kann ekki við.“

Áhyggjur Bjössu af æsku landsins snúa ekki einungis um að þær sé skortur á kvenlegri fegurð að hans mati heldur þykir honum hún einnig heldur duglitol og er hann ekki að skafa utan af því þegar þau mál eru rædd. „Konurnar í Arnarfirði létu sig hafa það að róa til Bíldudals eftir aðföngum hér áður fyrr. Það er annað í dag þar sem þær eru svo latar orðnar af hreyfingarleysi að þær hafa það varla af að hysja upp um sig.“

## Rómantískar rollur

Rollurnar á Ósi hafa heldur ekki verið lausar við rómantík í gegnum tíðina. „Allt fé herna var fellt árið 1984 vegna riðuveiki á Barðaströnd og eftir það fengum við nýjan stofn hingað en þær voru vanar að bera í desember. Ekki allar en margar þó. Til dæmis fæddust 45 lömb í desember árið 1995. Það hefur verið vegna þess að þær hafa fengið í sig fiðring um verslunarmannahelgina eins og aðrir enda er þá fagurt hér við Dynjandisvog og blossandi rómantík við Dynjanda og því ekki annað að gera fyrir þessar rómantísku rollur en að bregða undir sig betri fætinum.“

En sjálfur er Bjössu rómantískur þegar hann vill það viðhafa og gríp-



BÆRINN Á ÓSI Enginn fólsbíl er á bænum og fer Bjössu á traktornum þegar hann þarf í kaupstað.

ur hann þá jafnvel til stílvopnsins og yrkir um sauðfé sitt. Eftirfarandi ljóð er um hrútinn Bjart.

## Bjartur

Hann er þínur, kvalinn, kreistur einsog Jesús Kristur af fjölskyldu sinni nema af ömmu sinni.

## Ferðalok

Bjössu segist vera orðinn lélegur til heilsunnar og því hafi hann skorið niður hjá sér undanfarin ár. Einnig eru nokkrir ættingjar farnir að hvetja hann til að bregða búi af heilsufarsástæðum. Hann vill þó ekkert um það segja hvort hann þreyi annan vetur á Ósi eða hvað hann taki sér fyrir hendur ef hann fari. „Eitt er þó víst að ég fer ekki til Reykjavíkur; í þennan bólvaða hamagang þar.“

Það er komið að því að kveðja Bjössu og hann segir að skilnaði: „Þú hlýtur að halda að ég sé eitthvað skríttinn.“

Áður en menn svara slíkum vangaveltum er hollt að minnst þess sem stendur í hinna helgu bók að sá kasti fyrsta steininum sem syndlaus er.

BJÖSSI ÚTI Á TÚNI Rollurnar hafa allar nöfn og Bjössu ræðir við þær allar. Hann segir ekki skorta viðbrögðin, þær svari með jarmi og jafnvel brosi. Þarna gefur hann svarta gamla genginu kex.



## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



Innritun eldri umsækjenda (f. 1989 eða fyrr) verður til 1. júní 2006. Hægt er að innrita sig rafrænt á netinu eða koma á skrifstofu skólans á virkum dögum frá kl. 09:00-15:00.

www.fb.is



www.fb.is

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600  
Símbref 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is



Sumartilboð  
**25%**  
afsláttur\*



Bragðbetra í bragðprófun<sup>1)</sup>

# Nýjung! Nicorette Fruitmint

Við fylgjum nú eftir þeim vinsældum sem nýja kynslóðin af Nicorette nikótíntyggigúmmí hefur aflað sér og kynnum nýja bragðtegund - Nicorette Fruitmint.

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

Lestu meira á [nicorette.is](http://nicorette.is)



\*Meðan birgðir endast

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstakingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. [www.nicorette.is](http://www.nicorette.is)



# Skáldin berja frá sér

Ljóðið er auðdreifanlegasta form bókmenntanna. Það hefur runnið upp fyrir íslenskum fjölmiðlum sem ýmist krýna Sigurskald eða halda Íslandsmeistaramót í ömurlegri ljóðlist. Þeir bjóða jafnvel gömlum skáldum að útleggja heiminn í ljóði á miðopnu Morgunblaðsins. Ut um allt hið hnatt-ræna net blómstrar ljóðaumræða og ljóðaútgáfa. Er að renna upp ný gullöld ljóðsins? *Kristján Bjarki Jónasson* bókmenntafræðingur stiklar á stóru.

Fyrir aðeins tveimur til þremur árum heyrðist enginn nefna ljóð nema bæta við dauði. Bókmenntafólk bar samtímaskáldin saman við fortíðarsnillingana sem hrifu þúsundir með kvæðum sínum og taldi að fyrst sams konar jarðskjálfta-bylgjur rötuðu ekki lengur á mæla væri ljóðið dautt. Haldnir voru málfundir þar sem djarfhuga hugsuðir opnuðu gröf ljóðsins fyrir framan gesti og báðu þá um

að lykta. Öflugasti flutningsmaður þessarar tillögu var án efa Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur sem rökstuddi þá skoðun að fyrst ljóðið hefði ekki sams konar samfélagslegu hlutverki að gegna og áður væri það í raun dautt. Það væri bara einkamál hvers og eins og skipti engan máli nema þann sem það skrifaði. Líkt og annað sem myspace-kynslóðin bjó til hlaut ljóðið að enda sem kjánaleg keppni um hver væri sætastur.

## Ljóðakeppnir

Allt er breytt í millitíðinni. Ekkert hljómar jafn úrelt og tal um dauða ljóðsins innan um ljóðasamkeppnir, ljóðahátíðir, ljóðavefsíður, öflugra sjálfútgáfu, endalaus ljóða-upplestrarkvöld og ljóðablogg. Að visu heyrast líka gagnrýnisráðir: Er ljóðasamkeppnin nokkuð annað en dæmigerð afurð markaðsþjóðfélagsins? Þarf alltaf einhver að vera bestur og sætastur? Þarf einhver að vinna? Vandamálið við þessar aðfinnslur er bara að skáld á þrítugsaldri og yngri virðast einfaldlega ekki hugsa á þeim notum. „Staða ljóðsins“ og gamla flekkleysið sem einkenndi svo mjög ljóðaumræðu eftirstrífársáranna er einfaldlega ekki lengur á dagskrá.

Ljóðið getur verið hvar sem er. Það má þess vegna vera foráttuvont. „Mig dreyndi að á forsiðu DV væri mynd af skáldi og fyrir-sögn: Versta ljóðskáld Íslands. Það var hugmyndin að Íslandsmeistaramóti í ömurlegri ljóðlist,“ segir Eiríkur Örn Norðdahl, skáld, rithöfundur, ritstjóri, blaðamaður og baráttumaður. Hann stóð fyrir Íslandsmeistaramótinu í félagi við aðra vopnabráður og fékk mikil viðbrögð. Úrslitaljóðin voru birt í Morgunblaðinu ásamt umsögnum dómnefndar sem útmálaði ömurleikann fyrir lesendum. Að lokum var listaskáldið vonda krýnt í Kastljósi. Ljóðskáldið Sölvi Björn Sigurðsson sem sat í úrtökunefndinni með Eiríki skrifaði þegar í stað gagnrýni á brótið í Lesbók Morgunblaðsins og sagði það opinbera ömurlega stöðu ljóðsins í fjölmiðlum.



ÁSTA HEIÐRÚN ELÍASABET PÉTURSDÓTTIR Sigurskald Eddu útgáfu og Fréttablaðsins árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vettvangurinn aldrei stærri

Það er líklegast rétt, en þó ekki. Það er nefnilega fyrir tilverknað fyrirbæra á borð við Íslandsmeistaramótið í ömurlegri ljóðlist og Sigurskaldakeppni Fréttablaðsins og Eddu útgáfu sem það hefur runnið upp fyrir mörgum að nú er það léttara en nokkru sinni að senda ljóð inn á hvert heimili. Dagblöðin hafa opnað gáttirnar en það er ekkert mál að dreifa ljóðum í hljóðskrár hvert á land sem er, senda ljóð í síma og iPod og búa til netljóð eða þá starta ljóðtímariti. Allt kveinið um að það vanti „vettvangur fyrir ljóðið“ hljómar hjárænulega á gullöld bloggsins. Það er ekkert mál að opna netsíður með ljóðum og ljóðaumræðu.

Fyrsta stóra íslenska ljóðasíðan var ljod.is sem fór í loftið 2002. Þar hefur nú safnast saman gríðarmikið magn af ljóðum úr ýmsum áttum. Fordómaleysi aðstandenda er aðáunarvert og því má sjá mjög fjölbreytilegt þversnið af því sem fólk er að sýsla í ljóðagerð við hlið ljóða okkar fremstu skálda. Vandamálið er um leið að oft vantar meiri kynningu á skáldunum sem og tilraunir til að setja ljóðlistina í stærra samhengi. Nú hefur Ísafjarðarjökullinn Eiríkur Örn Norðdahl ásamt vöskum hópi sett af stað ljóðasíðuna tíupúsund tregavött (<http://10000tw.blogspot.com/>). Fyrirmyndin er auðsæilega þær mörgu góðu síður sem sjá má á netinu og fjalla um áþekkt efni, síður á borð við nettímaritið Jacket ([www.jacketmagazine.com](http://www.jacketmagazine.com)) sem ástralska skáldið John Tranter stofnaði og er eitt vinsælasta og elsta ljóðtímaritið á netinu.

## Nýju ljóðskáldin

Við sem höfum fylgst með Sigurskaldakeppni Fréttablaðsins þau tvö ár sem hún hefur verið haldin, 2004 og 2006, höfum tekið eftir því að það bætast sífellt ný ljóðskáld í hópinn. Árið 2004 var hlutfall



BROT ÚR NÝHIL Haukur Már Helgason, Hildur Lillindahl Viggósdóttir og Eiríkur Örn Norðdahl eru félagar í hinum óskilgreinda félagsskap Nýhil. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL RÚNARSSON



DAVÍÐ STEFÁNSSON FRÁ FAGRASKÓGI Að mati greinarhöfundar reyna ungu skáldin ekki að uppfylla ímyndaðar væntingar fyrirmynda bókmenntasögunnar. MYND/ÞJÓDMENNINGARHÚS

þeirra sem fæddir voru fyrir 1980 um 60%. Árið 2006 var það komið ofan í 5%. Nær allir sem sendu inn ljóð voru fæddir á níunda áratugnum. Sammerkt með þessu fólk í síðustu keppni (þ.e. 2006) er að þótt gamalkunnur „byrjendablær“ sé á mörgum ljóðunum er umgengnin við sjálfa ljóðhefðina nær alltaf fremur afslöppuð. Fólk er með öðrum orðum ekki að uppfylla einhverjar ímyndaðar væntingar fyrirmynda bókmenntasögunar. Það hefur óljósa hugmynd um hvernig ljóð á að vera og tengir sig svo við það. Er þetta gott eða slæmt?

Viðar Þorsteinsson, heimspekingur og útgáfustjóri Nýhil, og þar með einn helsti sérfræðingur okkar í nýjum skáldskap, segir þessa rólyndislegu afstöðu gagnvart hefðinni vera megineinkenni á viðhorfum ungu skáldanna í Nýhil. „Okkur var boðið að koma fram á dagskrá til heiðurs Halldóri Laxness í Þjóðmenningarhúsi, sem okkur fannst mikill heiður, en

áttuðum okkur síðan á að ætlast var til að við tækjum á einhvern hátt afstöðu til Halldórs og verka hans. Þessi hugsun kom flatt upp á okkur. Við hugsum einfaldlega ekki þannig. Ekkert okkar er menntað í íslensku eða íslenskum fræðum og við erum mjög lítið að velta fyrir okkur „stöðu ljóðsins“ og „hefðinni“.“

## Á öðru röli

Viðar hefur um árabíl staðið í stafni á líflegum upplestrarkvöldum Nýhils, en þessi illskilgreinanlegi ljóðahöpur er án efa miðpunktur þeirrar gerjunar sem nú á sér stað í ljóðlistinni. Þar var reynt að bæta Íslendingum upp skortinn á „slam“-ljóðum, en sú hreyfing fór svolítið framhjá okkur á tíunda áratugnum, en hefur þróast út í að vera eins konar útgáfufélag eða regnhlíf fyrir nokkuð stóran en um leið fjölskrúðugan hóp skálda. „Við höldum ekki á lofti fagurfræði sem við öll höfum sæst á. Við ræðum hlutina á annan hátt, kannski meira á hugmyndalegum grunni og erum því einfaldlega á öðru röli en íslensk ljóðskáld hafa verið. Sumir, eins og Eiríkur Örn Norðdahl og Ottar Martin Norðfjörð, hafa mikinn áhuga á tungumálinu sem slíku, ljóðhræfninu. Örvar Þóreyjarsen Smárasen er jú tónlistarmaður (múm) og Kristín Eiríksdóttir (Sigurskald 2004) er myndlistarmaður. Bók Óttars, Gleði og glötun, er samland af klippiverki og ljóðabók. Það sem sameinar okkur er áhugi á að gera hlutina, koma þeim í verk en bíða ekki eftir grænu ljósi hjá einhverju útgáfufyrirtæki.“

Það segir svo sitt um fjölbreytni samtímaljóðlistarinnar að Sigurskaldið 2006 og handhafi Íslandsmeistaratitils í ömurlegri ljóðlist eru alls ekki af þessum meiddi spröttunir. Ásta Heiðrún Elísabet Pétursdóttir, Sigurskaldið 2006, er fyrrverandi nemi í stærðfræði sem er að skipta yfir í efnafræði. Eyrún Edda Höskuldsdóttir er doktorsnemi í lífefnafræði. Kannski þessar ungu konur hafi fundið réttu formúluna fyrir ljóði 21. aldarinnar?



KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR Sigurskald Eddu útgáfu og Fréttablaðsins árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúningur fyrir frekara nám.

### Bóknám til stúdentsprófs

Félagsfræðibraut  
Málbraut  
Náttúrufræðibraut  
Viðskipta- og hagfræðibraut  
Upplýsinga- og tækniþraut  
Þriggja ára náttúrufræðibraut

### Listnámsbrautir

Myndlistarkjörsvið  
Textil- og hönnunarkjörsvið

### Löggilt iðnnám

Húsasmíðabraut  
Raflíkjabraut  
Snyrtibraut

### Löggilt starfsnám

Sjúkrliðabraut  
Sjúkrliðabruin

### Eins til tveggja ára starfsnám

Grunnnám rafíðna  
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina  
Handiðabraut  
Íþróttabraut  
Viðskiptabraut

### Almenn námsbraut

### Starfsbraut

Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.

Innritun í Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er á netinu eða á skrifstofu skólans frá 09:00 til 15:00.



Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600  
Símbref 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

www.fb.is





Brauðkörfur Frj 43 kr.  
 Töskuvíðhengi 244 kr.  
 Tvílitabúur körfur 25x23 cm 415 kr.  
 Karfa, móbúur eins og knúka 412 kr.  
 Síkkítaska 200 kr.  
 Koddaver Frj 256 kr.  
 Kertasljaki fyrir sveigjart 1399 kr.  
 Glervasi (16 cm) 228 kr.  
 Glervasi (24 cm) 328 kr.  
 Glervasi á fæti 1299 kr.



# Vorinnblástur 2006

## SÖSTRENE GRENE SMÁRALIND





# Nafnlaust andlit sem allir þekkja

**Bandaríski leikarinn John C. Reilly kom til landsins í gær í tilefni af Listahátíð í Reykjavík. Reilly er alræmdur senuþjófur og hefur sýnt stórleik í kvikmyndum fjölda virtra leikstjóra en þrátt fyrir það er nafn hans ekki mjög þekkt. Andlitið þekkja hins vegar flestir. Þórarinn Þórarinson ræddi við Reilly um ferilinn, frægðina og Ísland.**

„Það er alveg rétt. Fjöldi fólks veit ekkert hvað ég heiti og áttar sig ekki á að ég er leikari. Það er gott og þannig vil ég hafa það,“ segir Reilly. „Þetta hefur samt aðeins verið að breytast enda hef ég leikið í fjörutú kvikmyndum þannig að fólk er aðeins farið að kannast við nafnið. Ég tel það vera mjög mikilvægt fyrir leikara að geta komið áhorfendum á óvart. Þegar fólk þekkir nafn þitt og telur sig geta skilgreint þig og býst fyrirfram við einhverju frá þér er óhjákvæmilega erfiðara að koma að því úr óvæntri átt. Ég vona svo sannarlega að þetta svigrúm mitt sé ekki að hverfa.“

**Útvarpsþáttur lifnar við á tjaldinu**  
Reilly er hingað kominn til þess að vera viðstaddur sérstaka forsýningu á nýjstu mynd Roberts Altman, A Prairie Home Companion, í Háskólabíói á sunnudagskvöld. Altman leikur sér í myndinni með útvarpsþáttinn A Prairie Home Companion sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum frá árinu 1974.

Mynd Altmans er stjörnum prýdd að vanda enda sækjast leikarar eftir að fá að vinna með gamla mannum og auk Reillys fara Meryl Streep, Woody Harrelson, Tommy Lee Jones, Kevin Kline,

Lindsay Lohan, Virginia Madsen og Robin Williams með hlutverk í myndinni. Reilly mun kynna myndina á sýningunni á sunnudaginn en hann er hæstánægður með hvernig tókst til.

„Við forsýndum hana um daginn og hún sló alveg í gegn og það besta var að eftir sýninguna sagði fólk að þetta hefði verið góður þáttur hjá okkur. Áhorfendum fannst þeir hafa verið að horfa á útvarpsþáttinn en ekki bíómynd. Það verður ekki öllu betra,“ segir Reilly.

**Frábært að vinna með Altman**  
Reilly sparar ekki lofið þegar talið berst að Robert Altman. „Hann er frábær. Þegar ég var að leika í Streetcar named Desire á Broadway í fyrra hugsaði ég með mér að það væri tímabært að leika aftur í bíómynd og ég gerði lista yfir leikstjóra sem mig langaði til að vinna með. Altman var efstur á listanum og þremur dögum eftir að ég skrifaði listann hringdi hann í mig og bað mig um að vera í A Prairie Home Companion. Þetta var mjög magnað augnablik.“

Leikstjórnarstíll Altmans höfðar vel til Reillys sem leið afskaplega vel á tókustað. „Mér fannst ég ekki geta gert mistök alveg sama á hverju gekk vegna þess að Robert er alltaf að leita að mistökum. Hann er að sækjast eftir því óvænta og leggur mikið upp úr spuna. Hann leyfði okkur að fara langt út fyrir handritið þannig að mér fannst mjög gott að vinna undir hans stjórn.“

**Gagnjónsari og senuþjófur**  
Reilly var tilnefndur til Óskarsverðlauna sem besti leikarinn í aukahlutverki árið 2003 fyrir hlutverk sitt í dans- og söngvamyndinni Chicago og sýndi eftirminni- leg tilþrif í myndum Pauls Thomas Anderson, Boogie Nights og Magnolia, en það má segja að með þeim myndum hafi hann fest sig í sessi sem skæður senuþjófur. Reilly og Anderson eru nánir vinir og leik-



JOHN C. REILLY „Björk vakti athygli mína og margra annarra á Íslandi og svo má ekki gleyma Sigur Rós sem ég hlusta töluvert á þannig að ég þekki ágætlega til íslenskra listamanna og get ekki beðið eftir að kynnast landinu.“

arinn telur víst að þeir eigi eftir að vinna saman aftur.

Auk Altmans og P.T. Andersons hefur Reilly leikið undir stjórn ekki ómerkari kvikmyndahöfundanna Woody Allen, Martins Scorsese, Walters Salles, Terrence Malick og Brians De Palma. Hann segir það vissulega sérstakt að hafa kynnst þessum meisturum. „Þetta eru allt ólíkir menn og þeir eyða ekki miklum tíma í bíó að horfa á verk annara ef þeir gera það yfirleitt. Ég er því svolítið eins og gagnjónsari vegna þess að ég hef tekið eitthvað frá þeim öllum sem hinir vita ekkert um. Þegar ég kem á tókustað hjá Altman er ég með veganesti frá öllum þessum frábæru leikstjórum sem ég hef unnið með. Þetta er skemmtilegt þar sem ég þarf að endurstilla mig í hvert skipti og aðlagast nýjum

stíl en það er hluti af starfi leikarans að laga sig að sýn leikstjórans.“

Þau hlutverk sem Reilly hefur tekið að sér á undanförunum árum virðast flest sérstaklega sniðin fyrir hann enda vandar hann valið vel. „Ég þekki leikara sem taka öllum tilboðum sem þeim berast. Ég geri það pottþétt ekki. Ég er varkár í þessum efnunum og forðast það að endurtaka mig. Það er svo mikil vinna að gera bíómynd þannig að maður vill auðvitað hafa trú á því sem maður er að gera.“

**Alsæll á Íslandi**  
Reilly kom til landsins í gær ásamt eiginkonu sinni Alison Dickey kvikmyndaframleiðanda. Leikarinn er vægast sagt uppveðradur yfir Íslandsheimsókninni enda hefur hann heyrt ýmislegt um

land og þjóð. „Ég ætla að nota tímann vel. Ég hef ekki enn heyrt neitt slæmt um Ísland fyrir utan það að það geti orðið svolítið kalt. Ég hef líka séð fullt af góðum myndum frá Íslandi en af þeim hafði Nóri albínói mest áhrif á mig. Frábær mynd.“ Reilly reynir að hafa dagskrá sína hér á landi eins óskipulagða og hægt er enda vill hann helst nota tímann til að skoða sig um á eigin forsendum. „Ég er mjög spenntur fyrir þessari heimsókn. Ég hef heyrt svo margt um Ísland svo lengi og vinir mínir dauðöfunda mig af því að vera kominn hingað, sérstaklega Paul Thomas Anderson. Honum hefur verið boðið hingað en þá komst hann ekki og hann sagði við mig um daginn að hann tryði því ekki að ég væri að fara til Íslands á undan honum.“



**YAKTU ÞÁTTI**



**LEYSTU KROSSGÁTUNA!**  
Þú gætir unnið diskinn Til hamingju Ísland! 20 ár í Eurovision sem inniheldur þau íslensku lög sem keppt hafa til úrslita fyrir Íslands hönd í Eurovision"

Þú sendir SMS skeytið **JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ** á númerið **1900!**  
Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið **JA LAUSN JÓN.**

99 kr/SMS  
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.



MP & BH	HÆKKA	Í UPP- NAMI	DUNDA	FÆÐU	FYRIR- TÆKI	NÝJA	HRÆDDUR	UNG STÚLKA	HEIMS- ALFA
				ÁNA					
	KÆLA			LOK					
	SKAMMT GERIR VIÐ				TVEIR EINS				
					SMYRSL				
	VEGSAMA	HVORT	GENGI	BLAÐA MED- VITUNDA- LEYSI	SAM- SKEYTI TAFLA				
LÁTA MEÐ E-N				FLYTJA TEGUND SÓNGS	3			SKÓLP- RÖR	
SLAGSMÁL				REGLUR	SPYRJA	KVENFLÍK		1	HÆKKAR BOTNFALL
		ÞJÓÐERNI SVALL				ALGJÖR- LEGA			BARDAGI MJÖG
STRUNS				RÁK ÞJÓFNAD- UR		BRAGAR- HÁTTUR ULLAR- EFNI			GRAFÍSK AÐFERÐ
SKORDÝR				FJALLS- TINDUR KRAKKA			KÚGUN	ÓMÖGU- LEGUR SVELTI	
BOR			Í RÖÐ	2	EINKAR			OF MIKILS VIRT FUGLA- HLJÓÐ	BETL
	MILDA				KÆR- LEIKUR	HEPPNI HORFA Á	4		UNDIR ÞAKI ANDI
									5
	FARVEGUR				LAND BELTI				ÓNEFND- UR TVEIR EINS
							GERA MAGRAN		
	MÁLmur					TEITI			



# Sófa dagar

# 15-60%

afsláttur

Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 16. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





## STEFNUMÓT VIÐ BORGARBÚA

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson heldur áfram funduferð sinni um borgina og kynnr stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

- » Mánudaginn 15. maí kl. 20.00  
í Fylkishöllinni í Árbæ, Fylkisvegi 6.
- » Miðvikudaginn 17. maí kl. 20.00  
á kosningaskrifstofunni í Mjóddinni,  
Álfabakka 14a.
- » Mánudaginn 22. maí kl. 20.00  
á kosningaskrifstofunni í Landssímahúsinu  
við Austurvöll.

Allir velkomnir!



SJÁLFASTÆÐISFLOKKURINN

## STUÐ MILLI STRÍÐA Stóralvarlegt hundsrán

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** ÞOLIR EKKI OFSÓKNIR Á HUNDAEIGENDUR



Ég er eins og flestar mæður, finnst barnið mitt best og fallegast í öllum heiminum og öll börn fölna í samburði. Reyndar er ég ekki alvöru móðir því barnið mitt er hundur. Um daginn var barnið mitt í garðinum okkar að dúlla sér eins og því er einu lagið. Koma þá ekki litlir skrattakollans krakkar og lokka barnið mitt alsaklausa úr garðinum og út í skóla sem er 15 skrefum í burtu frá heimilinu. Þar draga þau barnið mitt inn í skól-

ann þar sem ólukkans gæslukerling bregst svo illa við barninu mínu að hún hringir á óvininn. Hundafangarann.

Ég vissi ekki einu sinni að það væri hundafangari á Íslandi!! Ég vil fá að vita hvaða gæi þetta er. Ferðast hann um á stórum truckk og veiðir saklausa hunda í stóran háf og hendir þeim inn í búr? Mig langar að hitta þennan dúdda og sýna honum eitthvað sem minnir á mynd með Jackie Chan. Að sjálf-sögðu trylltumst við fjölskyldan og allir í nágrenninu við þær fregnir að barnið væri týnt og kembdum allt hverfið á hjólum, öskrandi úr okkur lungun og blásandi í hundaflautur eins og fifl. Á meðan sat móðir mín heima og

hringdi í hundafangelsið þar sem engum hugnaðist að svara fyrr en búíð var að loka og við máttum ekki sækja dauðhrætt barnið.

Daginn eftir gátum við loksins náð í elsku, góðu og blíðu Ronju sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og var í talsvert miklu sjokki. Og svona ykkur að segja þá kostar ein nótt í hundafangelsinu heilar 23 þúsund krónur. Ég veit ekki betur en að það sé talsvert meira en hraðasekt og finnst mér það segja mikið um hugvitið á bak við reglugerðir af þessu tagi á Íslandi. Þetta allt saman gerir mig svo reiða að ég ætla að öskra. En það er ekki hægt að öskra í blaði svo þið verðið bara að ímynda ykkur það. \*Öskur\*

## myndasögur


### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



### ■ Pú og pa

Eftir SÖB





# Lög sem hæfa hækkandi sól

Kvennakórinn Kyrjurnar heldur sína árlegu vortónleika í Seltjarnarneskirkju í dag og er yfirskrift þeirra „Litli tónlistarmaðurinn“ eftir samnefndu lagi Freymóðs Jóhannssonar sem einnig kallaði sig 12. september. Kórinn flytur nokkur íslensk dægurlög frá 6. og 7. áratug síðustu aldar, en kórinn mun einnig flytja valinkunn íslensk þjóðlög, enda hafa Kyrjurnar verið að æfa upp söngdagsskrá vegna fyrirhugaðrar tónleikaferðar til Slóveníu í byrjun júní. Á dagskrá kórsins er einnig að finna erlend lög úr ýmsum áttum eða lög sem hæfa hækkandi sól.

Kvennakórinn Kyrjurnar var stofnaður árið 1997 og heldur því



KVENNAKÓRINN KYRJURNAR Flytur íslensk dægurlög og þjóðlög á vortónleikum í dag.

upp á 10 ára afmæli á næsta ári. Stjórnandi frá upphafi er Sigurbjörg Hvanndal Magnúsdóttir en meðleikari á tónleikum í Sel-

tjarnarneskirkju verður Halldóra Aradóttir. Tónleikarnir hefjast kl. 17.

-khh

## Gæðingarnir í Nýló

Átján listamenn víðs vegar að úr heiminum standa að sýningunni „Gæðingarnir - in order of appearance“ sem verður opnuð í Nýlistasafninu og sýningarrými Orkuveitu Reykjavíkur í dag en sýningin er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

„Titill sýningarinnar skírskotar til þess að hún hefur ákveðinn heildarsvip og er sett saman af sjálfstæðum ungum einstaklingum sem vinna með margs konar listform,“ segir sýningarstjórinn Amalia Pica. „Það sem sameinar erlendu listamennina er að þeir hafa allir nýlök tveggja ára vinnustofudvöl hjá hinni heimsþekktulistastofnun Rijksakademie í Amsterdam og komu hér til Íslands fyrir ári í boði Sigurðar Guðmundssonar myndlistarmanns, en hann var einn helsti

forvígismaður sýningarinnar,“ segir Amalia en auk erlendu gestanna taka sex íslenskir listamenn þátt í sýningunni. Meðal verkanna eru kvikmyndir, innsetningar, skúlptúrar og málverk.

Að sögn Amalíu eru einna frumlegustu og skemmtilegustu verkin á sýningunni sennilega eftir, Yasmijn Karhof frá Hollandi sem sýnir 3,8 metra innsetningu af konu í eldrauðum kufli, verk Tims Braden frá Bretlandi sem bjó til útilistaverk sem er 240 metra löng girðing sem máluð hefur verið í skrautlegum litum og er reist rétt fyrir utan Mosfellsbæ og hljóðverk eftir tyrkneska listamanninn Cevdet Ereke.

Sýningin stendur til 10. júní. Nánari upplýsingar má finna á vef Listahátíðar, www.listahatið.is.

-brb



YASMIJN KARHOF Ungir sjálfstæðir listamenn vinna með margs konar listform.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

11 12 13 **14** 15 16 17  
Sunnudagur

#### TÓNLEIKAR

- 15.00 Alexandra Chernyshova, sópransöngkona heldur tónleika í **Duus-salnum** í **Reykjanesbæ**.
- 16.00 Kvennakór Kópavogs heldur árlega vortónleika í **Digraneskirkju**.
- 17.00 Kvennakórinn Kyrjurnar heldur vortónleika í **Seltjarnarneskirkju**.
- 17.00 Sönghópurinn **Norðurljós** heldur árlega vortónleika í **Seljakirkju**.
- 18.00 Jón Bjarnason heldur útskriftartónleika í **Hallgrímskirkju**.

#### LISTAHÁTÍÐ

- 11.00 Miklós Dalmay og Helga Bryndís Magnúsdóttir leika Schumann í **tónlistarhúsinu Ými**.
- 14.00 Sýningin **Gæðingarnir** verður opnuð í **Nýlistasafninu** og sýningar-sal **Orkuveitu Reykjavíkur**.
- 15.00 Mark Wilson og Bryndís Snæbjörnsdóttir sýna samfélagslegt myndlistarverkefni í **Þjóðminjasafninu**.
- 19.00 Mr. Skallagrímsson í **Landnámssetrinu** í **Borgarnesi**.
- 20.00 Brasilíski danshópurinn **Grupo Corpo** sýnir í **Borgarleikhúsinu**.
- 21.00 Motion tríó frá **Kraká** leikur á **Nasa** við **Austurvöll**.

**Le Sing**  
Syngjandi þjónar  
Ein vinsælasta leiksýning landsins.  
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

**BROADWAY**  
Sími: 533-1100



Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn. Sýnd í Óperunni í maí og júní. Miðasala hafin

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn



#### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

SUN. 14. MAÍ KL. 19 - UPPSELT  
LAU. 20. MAÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS  
SUN. 21. MAÍ KL. 15 - Aukasýning  
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning  
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS  
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS  
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning  
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS

**VISA-KREDITKORTHAFAR**

**FÁ MIÐANN Á 1.800 Í STAD 2.900\***

\*bóka þarf miðana fyrir frumsýningu 19. maí

**VILTU FINNA MILLJÓN?**  
BYGGT Á RAUNVERULEGUM ATBURÐUM

Óborganlegur farsí eftir meistaran Ray Cooney í snilldarþýðingu Gísla Rúnars Jónssonar. Landslið gamanleikara fer á kostum í myndnasta gamanleik ársins. Leikstjóri Þór Tulinius.

**VISA** **BORGARLEIKHÚSIÐ**

Miðasala í síma 568 8000 - [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

"Afrak" - DV "Höfðar jafnt til barna sem fullorönnna" - Morgunblaðið "ákaflega falleg" - Fréttablaðið

## HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

14. maí - örfá sæti laus  
21. maí - örfá sæti laus  
4. júní - laus sæti

Ath. Síðustu sýningar

Miðapantanir í Austurbæ og á [midi.is](http://midi.is).  
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga  
sími : 551 4700



### Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR

Frumsýning í kvöld sun. 14/5 uppselt, 2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti

STEFNUMÓT VIÐ PINTER

Í dag sun. 14/5 kl. 14:00 Michael Billington, Penelope Wilton, Martin Regal, Hávar Sigurjónsson, Stefán Jónsson. Aðgangur ókeypis og öllum opin.  
Málþing í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU

Frumsýning í dag sun. 14/5 kl. 17:00 uppselt, mið. 17/5 örfá sæti laus, fim. 18/5, fös. 19/5 nokkur sæti laus, lau. 20/5, sun. 21/5.  
Sýningin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.  
Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR!

Í dag sun. 14/5 kl. 11:00 nokkur sæti laus, lau. 20/5 kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 21/5 kl. 13:00 og 15:00. Aðeins þessar sýningar.  
Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.

LEIKHÚSKJALLARINN

Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!  
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00.  
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. ADRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

RONJA RÆNINGJADÓTTIR		MARLENE DIETRICH-ÍD	
Lau 20/5 kl. 14	Su 21/5 kl. 14	Má 15/5 kl. 20	Þr 16/5 kl. 20
Su 28/5 kl. 14	SÍÐ. SÝN. Í VOR	Mi 17/5 kl. 20	AÐEINS ÞESSAR SÝN
FULLKOMIÐ BRÚDKAUP		BELGÍSKA KONGÓ	
Fi 18/5 kl. 20 UPPS.	Fö 19/5 kl. 20 UPPS.	Í kvöld kl. 20	Fi 18/5 kl. 20
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS.	Su 21/5 kl. 20 UPPS.	Mi 24/5 kl. 20	SÍÐUSTU SÝNINGAR
Fi 25/5 kl. 20 UPPS.	Fö 26/5 kl. 20 UPPS.	<b>HUNGUR</b>	
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.	Su 28/5 kl. 20 UPPS.	Í kvöld kl. 20	SÍÐASTA SÝNING
Su 28/5 kl. 20 UPPS.	Fi 1/6 kl. 20 UPPS.	<b>TENÓRINN</b>	
Fö 2/6 kl. 20 UPPS.	Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.	Fi 18/5 kl. 20	Lau 27/5 kl. 20
Má 5/6 kl. 20	Fö 9/6 kl. 20	AÐEINS ÞESSAR SÝN.	
Fö 9/6 kl. 23	Má 12/6 kl. 20	<b>HLÁTURHÁTÍÐ</b>	
VILTU FINNA MILLJÓN?		HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURDIR	
Forsýningar miðaverð 1.500		Fi 18/5 kl. 22:30	
Má 15/5 kl. 20 UPPS.	Þri 16/5 kl. 20 UPPS.	LEIKTU FYRIR MIG MIÐAVERÐ 1.000	
Mi 17/5 kl. 20 UPPS.	Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT	Leikarar leika eftir þöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupnum.	
Fö 19/5 kl. 20 UPPS.	Su 21/5 kl. 20 UPPS.	Fi 25/5 kl. 22:30	
Fö 26/5 kl. 20	Mi 31/5 kl. 10 UPP.	BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000	
Fö 2/6 kl. 20	Lau 3/6 kl. 20	Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti	
MIKE ATTACK		Su 28/5 kl. 20:00	
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar		HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000	
Í dag kl. 14 SÍÐASTA SÝNING		Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjoga.	
LEIKLESTRAR		Su 28/5 kl. 20:00	
Norðurlandahraðlestin-sviðsettir leiklestrar.		HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000	
16/5 kl. 17 frá Noregi og Svíþjóð		Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjoga.	
17/5 kl. 17 frá Finnlandi og Danmörku			
Allir velkomnir-Ókeypis aðgangur			

Miðasala í síma 568 8000 - [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)



Smátt og smátt

Ég segi það ekki með orðum og ekki með gerðum en samt vil ég að þú vitir hvað hugsanir mínar eru auðlesnar.

Ljóðið „Smátt og smátt“ eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson birtist fyrst undir heitinu „Samskipti“ í bókinni Draumkvæði árið 1992. Nú má heyra ljóðið sungið af Kristjönu Stefánsdóttur á hljómdiskinum Hvar er tunglið?

# bækur

bækur@frettabladid.is

## Alfræði íslenskra fiska

Stórvirkid Íslenskir fiskar eftir Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson er komið út í ritröð Alfræði Vöku-Helgafells. Þessa liðlega 300 síðna bók prýða fjöldi vatnslitamynda eftir Jón Baldur Hlíðberg.

Bókin er veglegt alfræðirit um íslenska fiska, líffræði þeirra og lífshætti, uppruna og útbreiðslu en myndir og greinargóðar upplýsingar um 340 fisktegundir má finna í bókinni sem er sannkallað fræðandi listaverk.

Bækur sem skrifaðar voru um íslenska fiska á síðustu öld eru ófánlegar, auk þess hefur á undanförunum árum bæst fjöldi tegunda við íslenska fiskaríkið



EIGULEG BÓK FYRIR FISKVEIÐI-ÞJÓÐ Á fjórða hundrað fisktegundir finnast innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

sem áður voru óþekktar á Íslandsmiðum. Þegar rit Bjarna Sæmundssonar, Fiskarnir, kom út árið 1926 voru fisktegundir við Ísland taldar 130 en nú eru þekktar 337 fisktegundir innan 200 sjómíla fiskveiðilögsögunnar við Ísland.

Yfir 90% myndanna í bókinni eru unnar eftir raunverulegum fyrirmyndum, þar af margar sjaldséðar fisktegundir, sem engar góðar myndir eru til af í heiminum. Myndlýsirinn naut liðsinnis sérfræðinga Hafrannsóknarstofnunar og margra sjómanna sem færðu honum sjaldgæfa fiska en líklegt er talið að hvergi annars staðar í heiminu gæti teiknari fengið svona stórt tegundasafn upp í hendurnar til að vinna með.

### Bók vikunnar

Ritið Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins eftir Friedrich Schiller í þýðingu Arthúrs Björgvins Bollasonar og Prastar Ásmundssonar. Tilvalin bók, til dæmis fyrir fram-þjóðendur og aðra sem vilja kynna sér pólitíska fagurfræði og kenningar Schillers um hlutverk listamannsins í mannlegu samfélagi.



### SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

- 1 MINNINGAR UM DÖPRU HÖRURNAR MÍNAR**  
GABRIEL GARCÍA MÁRQUEZ
- 2 SNORRI HJARTARSON - KVÆÐASAFN**  
SNORRI HJARTARSON
- 3 HÆÐIR MACHU PICCHU**  
PABLO NERUDA
- 4 SÁLMABÓK**  
ÝMISIR HÖFUNDAR
- 5 LJÓÐASAFN TÓMASAR GÜÐMUNDSSONAR**  
TÓMAS GÜÐMUNDSSON
- 6 SKESSUR, SKRÍMSLI OG FURÐUDYR VIÐ ÞJÓÐV.**  
JÓN R. HJÁLMARSSON
- 7 DA VINCI LYKILLINN - MYNSKREYTT**  
DAN BROWN
- 8 ROKLAND**  
HALLGRÍMUR HELGASON
- 9 ARGÓARFLÍSIN**  
SJÓN

### BARNA OG UNGLINGABÆKUR

- 1 STAFRÓF DÝRANNA**  
HALLDÓR Á. ELVARSSON
- 2 DÝRARÍKID**  
PENELOPE ARLON
- 3 ÍSÖLD - ÓMISSANDI LEIÐARBÓK**  
PJAXI
- 4 GEITUNGURINN 1**  
ARNI ÁRNASON / HALLDÓR BALDURSSON
- 5 SKOÐUM MYNDLIST**  
ANNA C. LEPLAR / MARGRÉT TRYGGVA-DÓTTIR
- 6 RANÍ Í HAFMEYJARLÓNI**  
DISNEY
- 7 PANKASTRIK 4**  
EDDA ÚTGÁFA
- 8 RONJA RÆNINGJADÓTTIR**  
ASTRID LINDGREN
- 9 PANKASTRIK 5**  
EDDA ÚTGÁFA
- 10 LÍNA LANGSOKKUR - ALLAR SÖGURNAR**  
ASTRID LINDGREN



MARTIN REGAL DÓSENT VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS „Við endurskilgreinum fortíðina eftir okkar eigin hentugleikum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## HÁSKÓLI ÍSLANDS

### INNTÖKUPRÓF Í LÆKNADEILD HÍ SJÚKRAÞJÁLFUNARSKOR OG LÆKNISFRÆÐISKOR

Inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið í Reykjavík dagana 14. og 15. júní 2006. Staður og stund verða tilkynnt próftakendum eftir að skráningu er lokið.

Þátttakendur þurfa að skrá sig til inntökuprófsins fyrir 1. júní 2006. Skráning er undir umsjón Nemendaskrár Háskóla Íslands og er skráningareyðublað að finna á Háskólavefnum [www.hi.is](http://www.hi.is) og á skrifstofu Nemendaskrár í Aðalbyggingu Háskólans.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggja fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2006 fá 48 nemendur í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrár fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild eiga þess kost að skrásetja sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um inntökuprófið og dæmi um prófspurningar má finna á heimasíðu læknadeildar Háskóla Íslands [www.laeknadeild.hi.is/](http://www.laeknadeild.hi.is/).



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

## Tungumálið felur fortíðina

Í dag verður rætt um Nóbelsverðlaunahafann Harold Pinter á málþingi í Þjóðleikhúsinu í tengslum við frumsýningu á leikritinu Fagnaði sem frumsýnt er í kvöld.

Martin Regal, dósent í enskum bókmenntum við Háskóla Íslands, er einn þeirra sem taka mun þátt í pallborðsumræðum um Pinter en kynni sín af verkum leikskáldsins rekur hann allt til unglingsára sinna í London. „Við erum úr sama hverfi, Hackney-hverfinu í London og erum aldrið upp í svipuðum kringumstæðum – nema ég náttúrulega 30 árum síðar. Ég hef líklega verið um tólf ára gamall þegar hann var nýkominn á senuna og ég man að ég varð strax mjög hrifinn af verkum hans. Þegar ég fór í doktorsnám ákváð ég að skrifa um hann og um uppbyggingu tímans í verkunum hans.“ Bók Regals, Harold Pinter: a question of timing, kom síðan út árið 1995 en í henni fer hann yfir feril leikskáldsins og skoðar hann til dæmis í samhengi við tímanálganir annarra leikskálda. Pinter er án efa eitt fremsta núlfandi leikskáld Breta, hann hefur skrifað rúmlega þrjátíu leikrit, auk kvikmyndahandrita og annarra verka, og hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 2005. Meðal þekktari verka hans sem

sett hafa verið upp hérlendis eru Húsvörðurinn (The Caretaker) og Svik (Betrayal).

### Afstæði fortíðarinnar

„Tíminn er mjög mikilvægur í öllum leikritum Pinters, til dæmis eyður í tíma, hvernig við skynjum tíma og sérstaklega hvernig við hugsum um fortíðina eða þátíðina. Pinter sýnir okkur hvernig við búum til þátíðina sem við viljum eiga, hvernig við endurskilgreinum fortíðina eftir okkar eigin hentugleika.“ Regal tekur dæmi af gömlum skólafélögum sem hittast og ræða gamla daga en eru í raun að endurskapa fortíðina, búa til fortíð sem aldrei var eða sættast á eina útgáfu hennar.

„Það er mikið vald að hafa vald yfir fortíðinni,“ segir Regal og vísar til Nóbelsræðu Pinters þar sem hann ræddi um afstæði sannleikans. „Það er ekki annað hvort rétt eða rangt, satt eða ósatt. Það getur verið hvort tveggja á sama tíma. Menn leita ekki að sannleikanum í verkum Pinters, þannig séð. Þar eru bara ólíkar útgáfur af hinu og þessu.“

### Breiðum yfir sannleikann

Regal bendir á að Pinter byrjaði leikskáldaferil sinn í útvarpi sem hefur alla tíð haft mikil áhrif á skrif hans. „Hann verður síðan áberandi pólitískur á árunum í kringum 1978 og fer þá að skrifa verk sem gerast á öræðum stöðum, verk sem fjalla um vald og

pólitík, þrúgandi og kúgandi aðstæður. Síðan skiptir hann úr því yfir í meiri dulúð en í raun er hann alltaf að skrifa um það sama. Hvernig við notum tungumálið til þess að halda völdum. Eins og Pinter segir þá notum við tungumálið til þess að fela, ekki til þess að sýna.“

### Pinter á pallborðinu

Regal segir að verkið sem Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld sé ekki áberandi pólitískt en í því sé mikil valdatogstreita. Leikritið Fögnuður var frumsýnt í London árið 2000 og er af mörgum álitum eitt fyndnasta verk Pinters í seinni tíð en þar segir af þremur þorum á veitingastað þar sem ýmislegt kraumar undir og fögnuðurinn reynist býsna yfirborðskennur eins og fleira í lífi persónanna.

Málþingið er hluti af dagskrá Listahátíðar og verður haldið á Stóra sviði Þjóðleikhússins kl. 14 í dag. Þar mun Michael Billington, einn þekktasti leiklistargagnrýnandi Breta og ævisagnahöfundur Pinters, ræða um innblástur leikskáldsins og spjalla við leikkonuna Penelope Wilton sem er sérstakur gestur þingsins. Stjórnandi pallborðsumræðnanna verður Hávar Sigurjónsson, leikskáld og blaðamaður, og mun Stefán Jónsson, leikstjóri Fagnaðar, einnig sitja fyrir svörum. Aðgangur að þinginu er ókeypis og eru allir velkomnir.

kristrun@frettabladid.is





# F A G N A Ð U R

eftir Nóbelskaldið Harold Pinter

## Frumskýnt í kvöld á Stóra sviðinu!

Leikstjóri: Stefán Jónsson Þýðing: Elísabet Snorradóttir Leikmynd: Börkur Jónsson  
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson Búningar: Rannveig Gylfadóttir



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



# Umbreyting

*Ljóð á hreyfingu*

Frumskýnt í dag í Kassanum!

Höfundur, brúður og leikmynd: Bernd Ogrodnik  
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir Leikmynd: Frosti Friðriksson  
Lýsing: Páll Ragnarsson Búningar: Þórunn E. Sveinsdóttir

Listahátíð í Reykjavík  
**2006**  
hátíðin  
12. maí - 2. júní



Kassinn er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Landsbankans



## Norskur bændarómans

Nýr raunveruleikabáttur er að hefja göngu sína á norsku sjónvarpsstöðinni TV2 sem á að hjálpa einhleypum bændum að finna ástina. Þátturinn nefnist „Bonderomantik“ og hafa átta bændur skráð sig til leiks í von um að ganga út á næstu mánuðum. Bændurnir eru af báðum kynjum og eru víðs vegar úr Noregi en eiga það allir sameiginlegt að vilja finna sér eigin konu eða eiginmann. Margir bændanna búa í litlum samfélögum þar sem fátt er um fína drætti og því er kjörið að nýta hjálp sjónvarpsins til að finna ástina. Fjölmíðlafulltrúi sjónvarpsstöðvarinnar segir í viðtali við Dagbladet að þetta fólk sé ekki að leita að frama eins og svo margir sem taka



HEY Í HARÐINDUM Norskir bændur vilja ekki bara stunda heyskap, þeir vilja líka finna ástina.

þátt í raunveruleikabáttum, heldur sé í alvöru leitað að betri helmingnum. Fyrsti þáttur fer í loftið 18. maí.

Norrænir raunveruleikabættir hafa verið að gera það gott að undanförmu og er skemmst að minnst nördaliðanna svokölluðu sem hafa unnið hug og hjörta áhorfenda með einstökum „hæfileikum“ á knattspyrnuvælinum. Sýn ráðgerir að hefja sýningar á eigin þáttaröð í lok sumars og er leitinn að nördum fyrir þáttaröðina þegar hafin. Nú er bara spurning hvaða sjónvarpsstöð hér á landi verður fyrst til að grípa þessa snjöllu hugmynd frænda okkar í Noregi og endurvekja hina víðfrægu sveitarómantik. ■

## Britney vill leika

Britney Spears hefur verið mikið í sviðljósinu þessa dagana, fyrst vegna meints skilnaðar við eiginmann sinn og núna síðast vegna þess að hún á von á öðru barni sínu. Fyrir stuttu gaf hún út yfirlýsingu þess efnis að hana langaði til að leika aftur í kvikmynd og þá helst með George Clooney sem henni þykir afar kynþokkafullur.

Að því er blaðið The Sun greinir frá, vill hún helst leika í hetjumynd og segist til í að að koma nakin fram. Síðasta tilraun poppprinsessunar í kvikmyndabransanum, Crossroads, gekk ekki sem skyldi en þó virðist hún vera tilbúin í tilraun tvö. ■

BRITNEY SPEARS Vill reyna sig við kvikmyndaleik öðru sinni



FRÉTTABLAÐIÐ



Landsbankinn

LANDSBANKINN KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ FRÉTT

STEFNUMÓT VIÐ LEI

MIKKHI

GORBAC

NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN OG MADUR NIUNDA ÁRATUGAR  
AFTUR TIL REYKJAVÍKUR 20 ÁRUM EFTIR AD HANN I

HÁSKÓLABÍÓÍ 12. OKTÓBE

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA HEFST ÞRIÐJUD



MEÐ HNÍF OG GAFFLI **PRÁINN BERTELSSON FÓR Á SALT**

## Nautalundin heldur uppi heiðri staðarins

Steinseljumjörsoða, hvítlaukskartöflusalat, villisveppapólennta, ætíðistlaragú. Þessi orð gæla við tunguna og framkalla lostafullt munnvatnsrennsli. Matarskáldin tjá sig ekki einvörðungu með eldamennskunni. Skáldlegt hugarflug brýst fram við að yrkja ljóðræna matseðla og myndlistargáfan við að hanna útlit rétta. „Salt“ heitir veitingastaðurinn sem framkallar þessar hugleiðingar. Staðurinn lofar góðu; á jarðhæð í reisulegu húsi sem einu sinni hýsti óskabarn þjóðarinnar, Eimskipafélagið. Innréttingin er stílhrein, svöl. Skemmtilegt að geta séð inn í hluta af eldhúsinu; rjóðir kokkar eru hlýleg sjón og bjarga innréttingunni frá því að vera of kuldaleg - eða mínimalísk.

Forréttirnir koma: Salfisk- og humar-„cannelloni“ og kengúru og geitaostasalat. Fitusnauð-ara kjöt finnur maður varla. Hver hefur séð feita kengúru? Salfisk- og humarrétturinn stekkur samt hærra en kengúran þótt hún bragðist vel þar sem hún hvílir niðursneidd á grænu salati.

Aðalréttirnir eru annars vegar grillsteikt túnfisksteik með möndlukartöflum, papriku og kapers með engifersósu, og hins vegar Chorizokryddaðar nautalundir og langtímaelduð nautasiða með villisveppapólenntu, skalottulauk-confit og fáfnisgrassósu. Chorizo er pylsa sem Spánverjar búa til úr svínakjöti (stundum geitakjöti) og krydda með chili og papriku.

Nautalundirnar eru frábærar og meðlætið og sósan lyfta úrvalshráefni í hæstu hæðir, ekki síst vegna þess að moðsoðin nautasiða („moðsoðin“ finnst mér fellegra orð en „langtímaelduð“ eins og stendur í matseðlinum) er hin fullkomna undirstaða. Sennilega er fátt einfaldara en að elda túnfisk. Steiktur að utan, hrár að innan skal hann vera. En á þessu flaska jafnvel bestu kokkar. Sumir eru hræddir um að gesturinn segi að maturinn sé hrár og endursendi hann í eldhúsið svo að þeir reyna að finna meðalhóf - sem er ekki til - og steikja túnfiskinn aðeins of lengi. Þá verður hann þurr og

bragðdaufur - en ágætur í salat og fæst í Bónus á 79 kr. dósin. Jafnvel indæll engifersósa megnar ekki að vekja áhuga manns á túnfiskbita sem átti betri örlög skilið. Það dæmist á nautalundina að halda uppi heiðri staðarins, og það gerir hún með sóma.

Drykkjarföngin eru glas af rauðvíni hússins, bragðmiklu merlot-víni frá Chile, og Gvendarbrunnvatn. Eftirréttir eru tiramizu úr hvítu súkkulaði og jarðarberjais - og creme brulee með sitrónugrasbragði og vanilluís, heitt espresso á eftir. Pottþétt.

Skammtarnir mættu vera aðeins stærri, segi ég við Sólveigu. Þú hefur ekki gott af stærri skömmtum, segir hún.

Reikningurinn er 13.180 og Sólveig sér hvað ég er að hugsa þótt ég segi ekki orð.

Frábær nautasteik, fagar skreytingar, flott eldamennska - fyrir utan túnfiskslysið sem ég trúi ekki að hafi verið ásetningsverk. Fin og glaðleg þjónusta. Svöl innrétting. Góð upplifun!



Salt, Pósthússtræti 2



Notalegt umhverfi Fin þjónusta Góður matur Staðir geta mest fengið þrjú tákni í hverjum flokki.

BLAÐIÐ

Þ T O G A

ALL

HEV

NS AÐ MATI TIME SNYR

REYTTI SÖGUNNI

R KL. 17:00

AGINN 16. MAÍ

“WE NEED A NEW

SYSTEM OF VALUES

- A SYSTEM OF THE

ORGANIC UNITY

BETWEEN

MANKIND AND

NATURE AND

THE ETHIC OF GLOBAL

RESPONSIBILITY”

MÍÐASALA Á MIDI.IS OG Á CONCERT.IS

EINNIG ERU SELDIR MIÐAR Í ÖLLUM

VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á

AKUREYRI, SELFOSSI OG EGILSSTÖÐUM



**Nýtt í bíó**

**CRY\_WOLF**  
ÚLFUR... ÚLFUR...  
ENGIN TRÚIR LYGARA  
- ÞÓTT HANN SEGI SATT!  
PAU BJUGGU TIL  
MORÐINGJA SEM SNERIST  
GEGN ÞEIM...!  
MAGNADUR SPENNUYLLIR  
SEM FÆR HÁRIN TIL AÐ RÍSA!  
VÍSIR

**BANDIDAS**  
EFTIRSÖTTUSTU  
BANKARÆNINGJAR VILLTA  
VESTURSINS ERU MÆTTIR  
FRÁBÆR GRINSPENNUMYND  
FRÁ SMILLINGNUM LUC BESSON

**Mission: Impossible III**  
„Mission: Impossible III byrjar sumarið með pomp og prakt og inniheldur allt sem góður sumarsmellur hefur upp á að bjóða, þrælgóðar hasar og fangagóða skemmtun.“  
★★★★ - VJV, Topp5.is  
FYRSTA STÓRMYND  
SUMARSINS ER KOMIN!

**RAUÐHETTA**  
SÝND MED  
ÍSLENSKU OG  
ENSKU TALI  
Birgitta Haukdal fer á kostum sem  
Rauðhetta í íslensku fálsetningunni

**BANDIDAS**  
SÍMI 553 2075  
PONDLOPE CRUZ SAJMA HATEX  
EFTIRSÖTTUSTU BANKARÆNINGJAR  
VILLTA VESTURSINS ERU MÆTTIR  
SÝND KL. 4, 6, 8 OG 10

**TOM CRUISE**  
M:I-III  
ADGERDIN ER HAFIN  
FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALLAR OG EDDI  
„SHOW IMPOSSIBLE 3 EFTIR  
ÞÓTTUÞUÐ SÁVAÐ, ÞRÆLLUR  
Í AT TITRILUR  
AF HÖRÐUM TALI VERA BESTA  
VÍSSÖGNUMSÉÐLA MYNDIN TIL ÞESS“  
SÝND KL. 5:40, 8 OG 10:30 B.L. 14 ÁR

**FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA ER HAFIN**  
HEIMFRUMSÝND 19. MAÍ · NÁNAR Á BIO.IS

**THE DA VINCI CODE**

**THE HILLS HAVE EYES**  
★★★★  
- SV, MBL  
- O.O.H. - DV  
- LIB. - TOPP5.IS  
STRANGLA BÖNDU  
INNAN 16 ÁR  
DYRVERJIA VÍÐ  
SALINI

**ÍSÖL**  
★★★★  
- JPP, Blaðið  
- VJV, Topp5.is  
STÁRSTA MYND ÁRSINS  
SÝND MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

**PRIME**  
500 KR.

**INSIDE MAN**  
★★★★  
- SV, MBL  
- LIB, Topp5.IS

**LUCKY NUMBER SLEVIN**

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

**MISSION IMPOSSIBLE 3** kl. 3, 20, 6, 9 og 11.40 B.L. 14 ÁR  
SÝND Í LÚXUS kl. 3, 20, 6, 9 og 11.40  
CRY WOLF kl. 8 og 10 B.L. 16 ÁR  
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI kl. 2, 4, 6, 8 og 10  
RAUÐHETTA M/ISLENSKU TALI kl. 2, 4 og 6  
PRIME kl. 8  
THE HILLS HAVE EYES kl. 10, 10 B.L. 16 ÁR  
ICE AGE 2 M/ENSKU TALI kl. 6  
ÍSÖL 2 M/ISLENSKU TALI kl. 2 og 4

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000

**BANDIDAS** kl. 3, 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁR  
**CRY WOLF** kl. 8 og 10 B.L. 16 ÁR  
**RAUÐHETTA M/ENSKU TALI** kl. 3, 6, 8 og 10  
**RAUÐHETTA M/ISLENSKU TALI** kl. 3 og 6  
**PRIME** kl. 3, 5, 45 og 8  
**THE HILLS HAVE EYES** kl. 10, 10 B.L. 16 ÁR

**400 kr. í bíó!**  
Gæðir á allar sýningar.  
Dagabætur markar með rauðu

**CRY WOLF** kl. 8 og 10  
**SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU** kl. 4 og 6  
**INSIDE MAN** kl. 8 B.L. 16 ÁR  
**RAUÐHETTA M/ISL. TALI** kl. 2 og 4 400 KR.  
**ÍSÖL 2 M/ISL. TALI** kl. 2 og 6 400 KR.  
**LUCKY NUMBER SLEVIN** kl. 10, 20 B.L. 16 ÁR

**INSIDE MAN**  
A SPINOFF FILM  
INSIDE MAN  
PETER DINKlage  
SÝND KL. 5:40, 8 OG 10:30 B.L. 14 ÁR

**SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU**  
SÝND KL. 2 OG 4 ÍSLENSKT TALI  
VEÐ 500 KR.  
SÝND KL. 2 OG 4 ÍSLENSKT TALI

**400 KR. Í BÍÓ** Gæðir á allar sýningar.  
Markar með rauðu

Dolby  
SDDS  
THX  
BÍÓ.IS – allt á einum stað

**TILBOÐS BÍÓ** **LAUGARÁS BÍÓ** **ODÝRT Í BÍÓ KR. 400**

**Astrid Lindgræn**  
**Skrolla og Skelfir Á Saltkráku**  
400 kr.  
ATH. SÝND KL. 2  
ÍSLENSKT TAL

**RAUÐHETTA**  
400 kr.  
ATH. SÝND KL. 2  
ÍSLENSKT TAL

**ÍSÖL**  
400 kr.  
ATH. SÝND KL. 2  
ÍSLENSKT TAL

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS**  
- ADEINS 400 KR. -

## Cobain mesta rokkstjarnan

Kurt Cobain, sem áður var forspraki hljómsveitarinnar Nirvana, hefur verið kjörinn mesta rokkstjarna allra tíma af lesendum breska tónlistartímaritsins NME.

Cobain, sem lést árið 1994, varð frægur á einni nóttu þegar platan Nevermind kom út, en hún sló í gegn víðs vegar um heim og seldist í tugum milljóna eintaka.

Pete Doherty, sem áður söng með The Libertines og er núverandi forspraki Babyshambles, lenti í öðru sæti á listanum. NME lýsti yfir undrun sinni á vali Dohertys í annað sætið. „Hann er ekkert annað en útbrunninn dópisti sem þarf hjálp ef hann þá á einhvern tíma eftir að búa til almennilega tónlist aftur,“ sagði tímaritið. „Vissulega var líf Dohertys sveipað dýrdarljóma á sínum tíma þegar hann andmælti ítrekað kerfinu. En er hann ennþá

hetjan ykkar? Hans annað heimili núna er réttarsalurinn.“

Árið 2004 valdi tímaritið Doherty sem svölustu stjörnuna og sagði þá að hæfileikar hans sem tónlistarmanns en ekki heróíneyslan gerðu hann svalan. „Það er eitthvað heillandi við hugmyndina um móþróa æskunnar og nær aftur til rómantísku skáldanna,“ mátti lesa í tímaritinu.

Alls tóku tvö þúsund lesendur NME þátt í könnuninni.

### MESTU ROKKSTJÖRNURNAR

1. Kurt Cobain
2. Pete Doherty
3. Morrissey
4. Liam Gallagher
5. Carl Barat
6. Thom Yorke
7. Noel Gallagher
8. David Bowie
9. Ian Brown
10. Ian Curtis



**KURT COBAIN** Fyrirverandi forspraki Nirvana er mesta rokkstjarna allra tíma að mati lesenda NME. MYND/AP

Sérstök viðhafnarforsýning að viðstöddum John C. Reilly, sem kynnir myndina fyrir gestum. Í kvöld, sunnudaginn 14. maí kl. 20:30 í Háskólabíó.

WOODY TROMPETER GARDNER KEVIN LINDSAY VIGORNA JOHN C. REILLY MARYA MERRIL LITZ MARCUSLISON JAMES MERRIOR ALICE LUDIAN MADSEN DEBILY KLÓMPLATI STREEP TOMLIN

FRUMSÝND 9. JÚNÍ Í USA

ROBERT ALTMAN AND GARRISON KEILAN  
**A PRAIRIE HOME COMPANION**

MIDAR SELDIR Í HÁSKÓLABÍÓ FRÁ KL. 14:00 Í DAG

IH

PlayStation 2

**BUZZ!**  
THE BIG QUIZ

12. hverjinn vinnur!

Sendu SMS skeiðið **BTC SBF** á númerið 1900 og þú gætir unnið.

Áðalvinningur:  
PS2 tölva • Buzz Big Quiz kit • SingStar Rock kit

Geggjafir aukavinningar!  
PlayStation2 Tölva • SingStar ROCKS kit  
Buzz Big Quiz kit • Fullt af SingStar DVD  
Buzz kit • Kippu af Pepsi Og margt fleira

Vinnningarverðir afhendir hjá BT Smáhandl. Höfnagötu. Mál. Því að taka þátt eru kommin í SMS klubb. 149 kr. á skýrð. Aðalvinnur eru ótölur í öllum mælingum SMS 31. maí.



**PITT OG JOLIE** Við tókur á myndinni Mr. and Mrs. Smith.

## Bónorði hafnað

Leikarinn geðþrúði Brad Pitt kraup á kné og bað kærustu sinnar Angelinu Jolie. En ekki fékk hann nógu gott svar því að hún neitaði. Angelina, sem hefur verið gift tvisvar sinnum áður, heldur að hjónaband muni eyðileggja samband þeirra og mun hafa svarað bónorðinu með þeim orðum að ástæðulaust væri að eyðileggja samband sem væri fullkomið fyrir. Leikkonan yndisfagra á von á barni þeirra innan skamms og samkvæmt breska blaðinu Grazia var Pitt ekkert sérlega sáttur við svar hennar. Párið hefur verið mikið á síðum slúðurpressunnar að undanförunu og því miður fyrir slúðurfíklana virðist ekkert stjórnuþrókaup í vændum. ■



FRUMSYNING

**TIM ALLEN**



**SHAGGY DOG**

Tim Allen (The Santa Clause/Toy Story) skiptir um ham í grínviðburði ársins. Fráber fjölskylduskemmtun frá Walt Disney

**ÁLFABAKKA**

THE SHAGGY DOG	KL. 1:30-3:40-5:50-8:30-10:40	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3:30-6-8-10:40	B.I. 14
MISSION IMPOSSIBLE 3 VIP	KL. 3:5-30-8-10:30	
SCARY MOVIE 4	KL. 2-4-6-8-10:10	B.I. 10
FAILURE TO LAUNCH	KL. 2-4-6-8-10:10	
FIREWALL	KL. 6-8-15-10:40	B.I. 16
LASSIE	KL. 2-4	
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 1:50	

ÁLFABAKKI S: 587-8900

VIP

FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALIAS OG LOSTI

**TOM CRUISE**

**M:I-III**

ADGERDIN ER HAFIN

VJV - TOPPAJS S. ULS - M 91.9

**KEFLAVÍK**

THE SHAGGY DOG	KL. 2-3-50-6-8-10	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:40-8-10:20	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 4	B.I. 10
ICE AGE ísl. tal	KL. 2	

**AKUREYRI**

THE SHAGGY DOG	KL. 2-4-6-8	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 2-5-8-10:20	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 10	B.I. 10

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

Fjórði og síðasti hluti af þrjúleiknum

**SCARY MOVIE 4**

Þú þykirst vera þú heldur eitthvað líklegt?

**KRINGLUNNI**

MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3-5:30-8-10:40	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 12-1:50-4-6:05-8-10-10:15	
THE INSIDE MAN	KL. 5:30-8-10:40	B.I. 16
SCARY MOVIE 4	KL. 12-1:50-3:40	B.I. 10
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 12	

SÝND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU MYND OG HLIÐ

**HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDR KL.12 13.-14. maí**

KRINGLAN S: 588-0800

FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALIAS OG LOSTI

**TOM CRUISE**

**M:I-III**

ADGERDIN ER HAFIN

**HÁSKÓLABÍÓ**

MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 4-6-8-10	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 3-6-8-10	
SCARY MOVIE 4	KL. 3-6-10:30	B.I. 10
FIREWALL	KL. 5:45-8	B.I. 16
V FOR VENDETTA	KL. 10:10	B.I. 16
LASSIE	KL. 3	
A PRAIRIE HOME COMPANION	KL. 8:30	

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

## Dj Muggs og GZA til Íslands

Rapparnir GZA, sem var meðlimur Wu Tang Clan, og Dj Muggs úr Cypress Hill koma hingað til lands miðvikudaginn 31. maí í til efni af fimm ára afmæli Kronik Entertainment. Munu þeir troða upp á Gauknum.

GZA og Dj Muggs eru án efa með þekktari nöfnum innan tónlistargeirans. Báðir hafa þeir selt milljónir platna, GZA undir sínu eigin nafni og Wu Tang Clan og Muggs sem aðaltaktsmiður og plötusnúður Cypress Hill. Báðar

þessar hljómsveitir áttu stóran þátt í uppsveiflu hiphopsins um miðjan tíunda áratuginn.

Fyrir skömmu gáfu þeir félagar út plötuna Grandmasters sem þótti mjög vel heppnuð og minnti marga á gullaldarár Wu Tang Clan og Cypress Hill. ■



DJ MUGGS Meðlimur Cypress Hill er á leiðinni til Íslands ásamt félaganum GZA. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Williams snýr aftur

Partíljónið og söngvarinn, Robbie Williams, hefur ákveðið að ganga til liðs við gömlu hljómsveitina sína Take That. Þetta 10 ára gamla strákaband kom saman á ný fyrr á þessu ári en Williams hefur verið tregur til að vera með en er nú búinn að gefa út yfirlýsingu þess efnis að hann muni koma fram með bandinu á Manchester-tónleikum síðar í mánuðinum. Að því er blaðið The Sun hermir hittust allir upprunalegu meðlimir hljómsveitarinnar á hóteli í London og voru þar fagnaðarfundir því þetta var í fyrsta skipti í ellefu ár sem þeir hittust allir. Eins og kunnugt er var það Take That sem skaut Williams upp á stjörnuhiminninn á sínum tíma og er hann með frægari karlsöngvurum í dag. ■



ROBBIE WILLIAMS Tekur á móti verðlaunum sem besti karlsöngvarinn á MTV-hátíðinni í Lissabon árið 2005.

## Tool á toppinn í Bandaríkjunum

Bandaríska rokksveitin Tool fór beint á topp bandaríska Billboard-vinsældalistans með nýjustu plötna, 10.000 Days.

Platan seldist í rúmlega 560 þúsund eintökum þar í landi. Í Evrópu seldist platan einnig mjög vel og fór beint í fjórða sætið hérlendis.

Tool ætlar að gefa út fyrsta smáskífulag plötunnar, Vicarious, á DVD-mynddisk á næstunni. Áður hafði sveitin gefið út lögin Schism og Parabola á slíkum diskum.

Nýju plötunni fylgja sérstök gleraugu með myndskreyttum



bæklingi. Breytast myndirnar í þrívídd þegar horft er á þær með gleraugunum. Gítarleikari Tool, Adam Jones, fékk hugmyndina eftir að hafa séð barnabók með svipaðri útfærslu. „Hvorki félagar mínir í hljómsveitinni né nokkur annar stóð með mér í þessu,“ sagði hann. „En á endanum fékk ég mínu framgengt.“ ■

TOOL Rokksveitin Tool fór beint á topp bandaríska Billboard-listans með plötuna 10.000 Days.

**Nýtt í bíó**

EFTIRSÖTTUSTU BANKARÆNINGJAR VILLTA VESTURSINS ERU MÆTTIR

PENÉLOPE CRUZ  
SALMA HAYEK

DEFINITELY WANTED

**BANDIDAS**

STÓRSKEMMTILEG GRINSPENNUMYND FRÁ SNILLINGNUM LUC BESSON

GAP

LAUGARÉ BIO REGNBÖGINN

S LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS

**Úrslitaleikur**  
Meistaradeildarinnar í 100% beinni!  
**Henry vs. Ronaldinho**  
**Arsenal vs. Barcelona**

Carlsberg býður þér og vini þínum á úrslitaleikinn í París að sjá **Arsenal vs. Barcelona 17.maí!**

Sendu SMS skiptið JA MEF á númerið 1900 og þú gætir unnið! Við sendum þér 2 spurningar. Þú svarar með því að senda SMS skiptið JA A, B eða C á númerið 1900.

Evrópukeppnin í knattspyrnu hefst á PSP!

Þú gætir unnið:  
• Ferð fyrir 2 á leikinn\*  
• PS2 tölvu  
• PSP tölvu  
• Fótbolta tölvuleiki  
• Fullt af DVD og tölvuleikjum og fleira!

\*Ferðin á leikinn er dreginn 15. maí úr öllum innsendum skeytum, vinningshaði verður birtur á www.gras.is

Carlsberg MOBILE

Fótboltafélurinn **GRAS.IS**

**9. hver vinnur! Ferð þú á leikinn!**

Vinnningar verða afhendir í Skilmála/Smarðalind/Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klubb. 99 kr/skeytið





### Blóðtaka fyrir ÍR

Handboltalið ÍR hefur orðið fyrir miklu áfalli en þeir Hafsteinn Ingason og Tryggvi Haraldsson eru á förum frá liðinu. Strákarnir munu flytjast búferlum til Danmerkur þar sem líklegt er að þeir muni spila á næstu leiktíð. Þá mun markmaðurinn Gísli Guðmundsson að öllum líkindum semja við danska félagið Ajax.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## 60 MEÐ KRISTJÁNI SEKÚNDUR FINNBOGASYNI

Að vera KR-ingur er ... æði.

24 eða Prison Break? Ég segi Prison Break.

Hvað tekurðu í bekk? 105.

Hver er seinastur á æfing-  
ar? Gústi Gylfa.

Willum eða Maggi Gylfa?  
Sittlítið af báðum.

Teitur er... morgunhani.

Efnilegastur í deildinni? Atli Jónasson, markvörður KR.

Besti markvörður heims? Buffon hjá Juventus.

Ef ekki fótbolti þá... golfið þegar ég hætti í boltanum.

Hverjir vinna HM? Brasilía.

En Landsbankadeildina? KR.

Hvernig fer í kvöld? 1-0 fyrir okkur.

### > Heyrst hefur...

... að Snæfellingar séu í þann mund að styrkja lið sitt svo um munar í körfu-boltanum. Sigurður Þorvaldsson ku hafa ákveðið að semja við liðið um að leika með þeim á næstu leiktíð. Sigurður hefur verið eftirsóttasti leikmaður landsins undanfarin misseri og hafa nánast öll lið deildarinnar verið í sambandi við hann. Þá mun Hlynur Bæringsson hafa gefið velyrði fyrir því að koma til Snæfells, ef hann kemur heim úr atvinnumenskunni í Hollandi. Hlynur og Sigurður léku saman úti en af verður munu Snæfellingar koma til með að vera með einn allra sterkasta hóp deildarinnar á næstu leiktíð.



BIKAR Í HÖFN Gerrard og Benítez með bikarinn góða. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fyrirlíðinn Steven Gerrard:

### Sérstök stund

**FÓTBOLTI** „Við gáfum aldrei upp vonina og náðum að leggja mjög gott lið að velli. Þegar við komumst í framlengingu töldum við að okkar besti möguleiki væri í vítaspyrnukeppni þar sem við höfum betri vítabana í markinu. Þetta er ótrúleg tilfinning og mjög sérstök stund, þetta fullkomnaði tímabilið hjá okkur,” sagði Steven Gerrard, fyrirlíði Liverpool, en hann hrósaði stuðningsmönnum liðsins sérstaklega fyrir þeirra hlutverk í gær.

- egm

## Reina varði þrjár í vítaspyrnukeppni

Jose Reina, markvörður Liverpool, varði þrjár spyrnur í vítaspyrnukeppni í úrslitaleik enska bikarsins í gær og tryggði liði sínu sigurinn gegn West Ham. Steven Gerrard var að vanda í lykilhutverki hjá Liverpool.

**FÓTBOLTI** Staðan að loknum venjulegum leiktíma var 3-3 í bikarúrslitaleiknum milli Liverpool og West Ham í gær en leikurinn var einn skemmtilegasti úrslitaleikur sem lengi hefur sést. Ekkert var skorað í framlengingunni en þó munaði sáralitlu að West Ham næði að tryggja sér sigurinn undir lok hennar þegar Jose Reina náði með ótrúlegri markvörslu að blaka boltanum í stöngina. Reina var síðan hetja Liverpool í vítaspyrnukeppninni þegar hann varði þrjár spyrnur frá West Ham en aðeins Teddy Sheringham náði að skora úr sinni spyrnu fyrir Hamana.

Flestir bjuggust við sigri Liverpool á Þúsaldarvellingum í Cardiff í gær en liðsmenn West Ham komu sprækir til leiks og voru komnir



GLEÐI Leikmenn Liverpool taka á rás eftir að Reina varði vítaspyrnu frá Anton Ferdinand en þar með var sigurinn í höfn. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

tveimur mörkum yfir eftir hálf-tíma leik. Djibril Cisse minnkaði muninn og staðan 2-1 fyrir West

Ham í hálfleik. Steven Gerrard jafnaði með fallegu marki. Á 64. mínútu kom

Paul Konchesky West Ham aftur yfir með marki sem má að mörgu leyti skrifa á Reina sem var ekki alveg samkvæmur sjálfum sér í venjulegum leiktíma. Stuðningsmenn West Ham voru farnir að fagna sigri þegar Gerrard skoraði aftur, að þessu sinni í viðbótartíma með þrumufleyg af um 35 metra færi.

Liverpool hefur sýnt það að ekki borgar sig að afskrifa liðið og enn sannaði það sig í gær. Gerrard er ótrúlegur knattspyrnumaður og með þessu marki sínu kom hann Liverpool í framlengingu, hann skoraði síðan eitt af mörkum liðsins í vítaspyrnukeppninni. Rauði herinn náði því að enda tímabilið með titli og var mikið fagnað í Bítlaborginni.

- egm

# Lager salala

á 2. hæð Faxafeni 12

Allar flíspeysur 1.000 kr.  
Allar úlpur og jakkar 2.000 kr.  
Allir fylgihlutir 250 kr.

**ENN MEIRI VERÐLÆKKUN**

Opið í dag, sunnudag kl. 12-17

**66**  
NORÐUR

Frjálsi fjárfestingabankinn:

### Styrkir Val til fimm ára

**FÓTBOLTI** Frjálsi fjárfestingabankinn og Knattspyrnufélagið Valur hafa undirritað samning um að Frjálsi fjárfestingabankinn verður aðalstyrktaraðili félagsins til næstu fimm ára. Mun vörumerki Frjálsa fjárfestingabankans prýða keppnistreyjur allra keppnisflokka Vals í knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik bæði meistaraflokka og yngri flokka karla og kvenna. Styrktarsamningurinn er að verðmæti rúmlega 50 milljónir króna.

- hph

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

11 12 13 14 15 16 17

Sunnudagur

#### LEIKIR

- 16.00 ÍBV og Keflavík mætast í Landsbankadeild karla í knattspyrnu í Vestmannaeyjum.
- 16.00 Grindavík og ÍA mætast í Landsbankadeild karla í knattspyrnu í Grindavík
- 16.00 Víkingur og Fylkir mætast í Landsbankadeild karla í knattspyrnu á Víkingsvelli.
- 20.00 KR og FH mætast í Landsbankadeild karla í knattspyrnu á KR-vellinum í Frostaskjól.

#### SJÓNVARP

- 11.30 Formúla-1 á Rúv. Bein útsending frá leik tímátökunni í Spánarkappakstrinum.
- 12.50 Ítalski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Juventus og Reggiana í lokaumferðinni.
- 19.45 Íslenski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik KR og FH í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 22.00 Landsbankadeildarmörkin á Sýn.
- 22.30 NBA körfuboltinn á Sýn. Bein útsending frá leik New Jersey Nets og Miami Heat.



Handboltatímabilið gert upp á lokahófi HSÍ í gær:

# Heimir Örn bestur

**HANDBOLTI** Fylkismaðurinn Heimir Örn Árnason og Eyjahnátan Simona Vintila voru valin bestu leikmenn tímabilsins á lokahófi HSÍ í gærkvöldi. Bæði voru þau lykilmenn í sínum liðum en ÍBV varð Íslandsmeistari kvenna en Fylkir kom mest á óvart í DHL-deild karla og lenti í fjórða sæti.

Íslandsmeistarar Fram fóru síður en svo tómhentir heim. Sverrir Björnsson fékk Valdimarsbikarinn, en hann er veittur þeim leikmanni sem talinn er mikilvægastur fyrir sitt lið. Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, var besti þjálfari en Alfreð Finnsson hlaut þann titil fyrir DHL-deild kvenna en hann stýrði liðinu til Íslandsmeistaratitilsins. - hph



**HEIMIR ÖRN** Er vel að nafnbótinni kominn en hann er á leiðinni til Danmerkur í atvinnumenskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## VERÐLAUNAHAFAR:

**Valdimarsbikarinn 2006**  
Sverrir Björnsson - FRAM  
**Besti varnarmaður DHL-deildar kvenna**  
Karen Smíðt - Gróttu  
**Besti varnarmaður DHL-deildar karla**  
Sverrir Björnsson - FRAM  
**Besti sóknarmaður DHL-deildar kvenna**  
Ramune Pekarskyte - Haukar  
**Besti sóknarmaður DHL-deildar karla**  
Sigfús Páll Sigfússon - FRAM  
**Besti markmaður DHL-deildar kvenna**  
Florentina Grecu - ÍBV  
**Besti markmaður DHL-deildar karla**  
Birkir Ívar Guðmundsson - Haukar  
**Besta dómaraþing í DHL-deildunum**  
Gunnar Víðarsson og Stefán Arnaldsson  
**Besti þjálfari í DHL-deild kvenna**  
Alfreð Örn Finnsson - ÍBV  
**Besti þjálfari í DHL-deild karla**  
Guðmundur Guðmundsson - Fram  
**Efnilegasti leikmaður DHL-deildar kvk**  
Íris Björk Simonardóttir - Gróttu  
**Efnilegasti leikmaður DHL-deildar karla**  
Sigfús Páll Sigfússon - FRAM  
**Handknattleikskona ársins 2006**  
Simona Vintila - ÍBV  
**Handknattleiksmaður ársins 2006**  
Heimir Örn Árnason - Fylkir



**EFNILEGASTUR** Það þyrfti ekki að koma nokkrum manni á óvart ef Sigfús reyndi fyrir sér í atvinnumenskunni á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Lokahóf HSÍ í gær:

## Sigfús og Íris efnilegust

**HANDBOLTI** Sigfús Páll Sigfússon og Íris Björk Simonardóttir voru í gærkvöldi valin efnilegustu leikmenn DHL-deildar karla og kvenna á lokahófi HSÍ. Sigfús var einnig valinn besti sóknarmaðurinn í deildinni en hann fór fyrir Framliðinu sem varð Íslandsmeistari.

Sigfús er tvítugur að aldri og framlangdi á dögnum samning sinn við Safamýrarliðið.

Íris Björk er markmaður Gróttu og sýndi góða takta á milli stanganna hjá liðinu. Hún átti hvern stórleikinn á fætur öðrum en Gróttustúlkur lentu í sjötta sæti DHL-deildar kvenna. - hph



**HEIMASIGUR** Alonso verður á ráspól á heimavelli í dag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Kappaksturinn í Barcelona:

## Alonso verður á ráspólnum

**FORMÚLA 1** Tímatakan fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Barcelona fór fram í gær en sjálfur kappaksturinn verður í dag. Mikil var fagnað þegar Fernando Alonso vann tímátökuna á heimavelli í gær en liðsfélagi hans hjá Renault, Giancarlo Fisichella, varð annar. Helsti keppinautur Alonso, Michael Schumacher, mun hinsvegar byrja þriðji í röðinni.

Alonso sagði í viðtali að það væru fjögur keppnislið sem væru í baráttunni um meistaratitilinn. „Þetta verður ekki bara einvígi milli okkar og Ferrari því ég hef trú á að McLaren og Honda fylgi okkur á eftir. Ég vona þó að ég geti með góðum stuðningi í Barcelona tekið gulllið þar,“ sagði Alonso en búist er við metfjöldi muni fylgast með keppninni í dag. - egm

## 80 ára afmæli Ljósmyndarafélags Íslands:

# AUGNABLIK TIL FRAMTÍÐAR



Valdar myndir úr nýrri bók félagsins þar sem 51 ljósmyndari er kynntur.

**Verið velkomin á afmælishátíð félagsins á Grand Hótel í dag, sunnudaginn 14. maí, frá kl. 13:00 til 17:00**

### Dagskrá:

- 13:00 Formaður Ljósmyndarafélags Íslands, Gunnar Leifur Jónasson, setur hátíðina  
Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitir viðtöku nýrri bók félagsins og opnar afmælishátíðina  
Kynning á ljósmyndasamkeppni Eimskips og Ljósmyndarafélagsins vegna dagatals Eimskips 2007  
Myndasýning: Hasselblad sýnir sýninguna "ICELAND" sem eru myndir eftir 20 íslenska ljósmyndara\*  
Fyrirlestur: Christopher Morris fréttaljósmyndari frá Bandaríkjunum  
Fyrirlestur: Michele Clement auglýsinga- og iðnaðarljósmyndari frá San Fransisco  
Kynning Iðnskólans í Reykjavík á námi í ljósmyndun  
Sölu- og þjónustuaðilar á myndavélum og tengdum búnaði kynna vöru sína
- 17:00 Dagskrárlök

**Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir**

Styrktaradilar:



\* Þátttakendur í sýningunni ICELAND voru: Arnold Sievers, Árni Sæberg, Áslaug Snorrardóttir, Bragi Þór Jósefsson, Erling Ó. Aðalsteinsson, Guðmundur Ingólfsson, Haraldur Þór Stefánsson, Haukar Snorrason, Jiri Hronik, Jónatan Grétarsson, Kristinn Ingvarsson, Leifur Þorsteinsson, Páll Stefánsson, Pálmi Einarsson, Ragnar Th. Sigurðsson, Rune Valtersson, Sigurbjörn Hallbjörnsson, Thorsten Henn, Tobias Sveinbjörnsson og Þróstur Þórðarsson.



**Þorsteinn Þorsteinsson, Reykjavík, 29 ára.** Mundir þú vilja taka við íslenska landsliðinu á ný?

Það gæti alveg komið til greina ef sú staða kæmi upp. Ég held að þetta sé í mjög góðum höndum hjá Eyjólfri Sverrisssyni en við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

**Július Garðarsson, Kaupmannhöfn, 38 ára.** Hefðir þú áhuga á að þjálfra í danska boltanum ef þú fengir tilboð þaðan?

Danmörk er eitt af mínum uppáhaldslandum, þar er eflaust mjög gaman að vinna. Ég fékk tilboð á sínum tíma frá Danmörku en ákvað að vera um kyrrt í Englandi. Ég held að ein besta umgjörðin, hvað knattspyrnu á Norðurlöndunum varðar, sé í Danmörku og því gæti það vel verið spennandi kostur.

**Bjarki, Hafnarfirði, 33 ára.** Hver er besti íslenski leikmaðurinn sem leikið hefur undir þinni stjórn hjá félagsliði og hver er sá besti erlendi?

Það eru margir mjög góðir leikmenn sem ég hef unnið með. Sigurður Jónsson var minn besti leikmaður þegar hann spilaði með ÍA og er einn af þeim bestu. Þorvaldur Örlygsson, á tíma mínum með KA, var feykioflugur. Ég hafði líka gaman af að vinna með ungu strákunum á Skaganum á þessum tíma, Þórði, Arnari og Bjarka. Heilt yfir er líka mjög erfitt að svara hver er besti erlendi leikmaðurinn. Sergey Staniuk er líklega besti varnarmaðurinn, Graham Kavanagh besti miðjumaðurinn og Peter Thorne besti sóknarmaðurinn.

**Elmar Björgvin Skúlason, Reykjavík, 22 ára.** Ég vil spyrja hvort þú sjáir þig þjálfra aftur einhvern tímann á Íslandi eða finnst þér þú of góður til þess?

Ég gæti alveg hugsað mér að þjálfra á Íslandi þegar að því kemur. Það er fullt af jákvæðum og skemmtilegum hlutum að gerast á Íslandi þrátt fyrir að þetta hafi ekki náð þeim stalli sem ég vonast til að starfa á í nokkur ár til viðbótar.

**Þorsteinn Vignisson, Akranes, 34 ára.** Hvað er besta íslenska félagslið sem þú hefur þjálfað (hvaða lið og hvaða ár) og ef þú ættir að stilla upp úrvalsliði af þeim íslensku leikmönnum sem þú hefur stýrt hér á landi, hvernig yrði það lið? Besta félagsliðið er Skagalíðið '92 og '93, líklega var '93 liðið aðeins sterkara. Það er ekki hægt að velja ellefu leikmenn úr KA, ÍA og KR sem ég stýrði þarna, en þarna voru margir frábærir leikmenn.


**Ívar Pétursson, Ísafirði, 20 ára.** Á hverja típparóu sem Íslandsmeistarar í sumar?

Ég held að baráttan verði mjög spennandi. Það á eftir að reyna á Val, þeir komu á óvart í fyrra en ég held að baklandið þeirra sé mjög sterkt. FH er með besta leikmannahópinn. Það verður gaman að fylgjast með KR, ég hlakka til að sjá Teit og vona að honum gangi vel. ÍA verður líka með sterkt lið en það er spurning hvernig þeim tekst upp með varnarleikinn. Annars eru þetta alltaf einföld fræði, ef þú skorar einu marki fleira en andstæðingurinn, þá ertu í góðum málum.

**Jón Fannar, Akureyri, 20 ára.** Ef þú mættir velja eitt lið til þess að stjórna í ensku úrvalsdeildinni, hvaða lið væri það og með hvaða liði heldur þú í deildinni? Ég væri alveg til í að stjórna Chelsea og hafa endalause peninga til að gera það sem ég vildi. En ég hef alltaf haldið með Liverpool.

**Emil Alfreð Emilsson, Hafnarfirði, 16 ára.** Hvað færðu þér á pylsuna þína?

Ég fæ mér allt. Því miður eru ekki jafn góðar pulsar í Englandi og á Íslandi. Það er reyndar hluti af stemningunni hérna á Englandi að fá sér eina ógeðslega pulsu fyrir leiki en þær eru langsamlega bestar á Íslandi.



GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Er ekki allur þar sem hann er séður, eins og sést glögglega á svörum hans við spurningum lesenda Fréttablaðsins og Vísi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# SKEMMTILEGAST AÐ STÝRA ÍSLENSKA LANDSLIÐINU

**Jón Heiðar Sigurðsson, Akureyri, 15 ára.** Hvaða sonur þinn finnst þér bestur í knattspyrnu?

Í dag er engin launung að Jóli Kalli er sterkastur, hann átti frábært tímabil með Leicester. Þeir hafa allir sína kosti og galla.

**Stefán Hjalti Garðarsson, Reykjavík, 23 ára.** Ef þú gætir valið að nýju hvort þú heldir áfram með landsliðið eða færir til Stoke, yrði valið það sama?

Það val yrði það sama, já.

**Kristján Helgason, Hafnarfirði, 42 ára.** Er ekki viss meðalmennska í gangi í íslenskum fótbolta?

Á köflum er það það. Við verðlaunum of oft meðalmennskuna. Það þarf að skerpa á gæðunum og verðlauna þá sem eru tilbúnir að leggja verulega á sig.

**Ásgeir Einarsson, Hafnarfirði, 16 ára.** Hvor finnst þér vera betri stjóri Jose Mourinho eða Rafael Benítez? Mér finnst hvorugur þeirra vera neitt sérstaklega skemmtilegur, þeir spila báðir frekar neikvæðan fótbolta. Mourinho hefur svo djúpa vasa að hann getur sótt það sem hann vill og Benítez hefur verið að taka vel til hjá Liverpool. Mourinho gerði frábæra hluti með Porto en ferillsskrá beggja er glæst.

**Róbert Blanco, Reykjavík, 16 ára.** Hvað gerirðu til að halda ró þinni þegar þú verður virkilega pirraður?

Þá verð ég að fara út að ganga eða í ræktina. Það þýðir að minnsta kosti ekki að spila golf, þá slæ ég bara út um allar trissur.

**Atli Sigurðsson, Reykjavík, 16 ára.** Hvernig tilfinning er það að þjálfra sína eigin syni? Þú hlýtur að koma aðeins öðruvísi fram við þá en aðra á æfingum?

Ég hef aldrei komið neitt öðruvísi fram við þá, en ég geri meiri kröfur til þeirra en annarra. Það er erfiðara fyrir þá að vera með mig sem þjálfara en fyrir mig að hafa þá sem leikmenn.

**Sigurbaldur Frímansson, Grindavík, 21 árs.** Af þeim liðum sem þú hefur stjórnað, hvaða liði var skemmtilegast að stýra? Íslenska landsliðinu.

**Rúnar, Vestmannaeyjum, 22 ára.** Myndir þú segja að þú hafir verið grófur leikmaður á sínum tíma? Nei ég var það nú ekki. Í blálokni á ferlinum mínum var ég rekinn út af í fyrsta skipti á fimmtán ára ferli, það voru þó mistök og dómarnir báðst meira að segja afsökunar á því. En ég var fastur fyrir.

**Gísli Guðjónsson, Reykjavík, 22 ára.** Hvað gerirðu við menn sem nenna ekki að leggja sig fram á æfingum? Þeir verða ekki mjög lengi hjá mér, það er alveg ljóst.

**Július, Reykjavík, 31 árs.** Hver jir verða heimsmeistarar og af hverju? Brasilía. Af því þeir eru bestir.

**Tryggvi Jónsson, Reykjavík, 27 ára.** Telurðu að þú hefðir getað gert ÍA að „Rosenborgar-einveldi“ á Íslandi um ókomna tíð ef þú hefðir fengið tíma til? Og hvað fannst þér um störf eftirmanns þíns hjá ÍA, Ivan Golac?

Já ég er ekki frá því. Menn veltu því fyrir sér hvernig við gætum þróað þetta áfram eftir 1993. En til Golac þekki ég ekkert.

**Emil Alfreð Emilsson, Hafnarfirði, 16 ára.** Hvað tekurðu í bekkpressu? Ætli ég taki ekki um 90-95 kíló. Ég á best 120 í bekkpressu og 180 í hnébeygju, þá hef ég verið um þrítugsaldurinn.

**Sindri Kristjánsson, Akureyri, 22 ára.** Nú ert þú Guðjón sennilega manna fróðastur um samskipti knattspyrnustjóra á Englandi. Maður heyrir oft í fréttum að stjórnarnir séu að skjóta á hvorn annan og oft myndast jafnvel rígur á milli þeirra (skv. fréttamiðlum). Hvernig er þessu háttað, t.d. á leikdag? Hittast stjórnar (og þá hugsanlega fleiri forsvarsmenn liða) fyrir og/ eða eftir leiki?

Menn hittast undantekningalaust eftir leiki, en ekki alltaf fyrir þá. Menn öskra og láta öllum illum látum við hliðarlínuna en það er búið strax eftir leik. Ég hef þó tekið nokkra á teppið, og sagði meðal annars við einn að hann væri svo ljótur að það ætti að banna hann á almannafæri! Hann kom samt eftir leikinn og fékk sér drykk.

**Hrefna Halldórsdóttir, Manchester, 50 ára.** Hvað ert þú með í forgjöf? Ég er að lækka. Það fer eftir veðri og vindum og hvernig skapi ég er í. Ég er í kringum 18 eða 19 í forgjöf.

**Karl Rafnsson, Reykjavík, 52 ára.** Þú reyndir að fá Rúnar Kristinsson til Stoke á sínum tíma. Var það röng ákvörðun hjá Rúnari að koma ekki til Stoke á þeim tíma - hefur þú trú á að hann hefði getað skapað sér nafn í enska boltanum? Rúnar hefði getað gert það, já. Ég vann með Rúnari í landsliðinu og hjá KR, þar sem við áttum mjög gott samstarf. Ég hafði gaman af því að vinna með honum. Hann er drengur góður og frábær leikmaður.

**Oddur Ævar, Reykjavík, 13 ára.** Hefurðu einhvern tímann spilað Manager leiki?

Nei, það hef ég aldrei gert. Það er svo gríðarlega langt frá raunveruleikanum sem maður lifir í en ég hef séð strákana leika sér eitthvað í þessu. Ef ég hef lausan tíma þá fer ég frekar í golf en að hanga í þessu í tölvunni.

